

Tökumst á við tækifærin

atvinnulíf til athafna



Tökumst á við tækifærin: atvinnulíf til athafna
Skýrsla til Viðskiptabings 2011

Ristjórn

Finnur Oddsson
Haraldur I. Birgisson
Björn Þór Arnarson
Þórdís Bjarnadóttir

Hönnun, umbrot og myndvinnsla

Björn Brynjúlfur Björnsson
Ragnar Þorvarðarson

Ljósmyndir

Eggert Oddur Birgisson

Útgefið af Viðskiptaráði Íslands í febrúar 2011

ISBN 978-9979-9916-6-3

Rafræna útgáfu af þessari skýrslu má nálgast á vefsíðu Viðskiptaráðs: www.vi.is.
Rit þetta má afrita án þess að leita samþykkis Viðskiptaráðs Íslands en vinsamlega getið heimildar.



Prentað í prentsmiðju Odda hf.

Um Viðskiptaráð Íslands

Viðskiptaráð Íslands eru heildarsamtök fyrirtækja, félaga og einstaklinga í íslensku atvinnulífi. Allir sem stunda rekstur, hvort sem er í smáum eða stórum stíl, geta átt aðild að ráðinu. Viðskiptaráð er vettvangur atvinnulífsins til þess að vinna að hvers konar framförum að bættu starfsumhverfi og aukinni velmegun.

Viðskiptaráð Íslands
Kringlunni 7, 103 Reykjavík
Sími: 510 7100
Netfang: mottaka@vi.is
Vefsíða: www.vi.is



VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS

Viðskiptaþing 2011

Tökumst á við tækifærin

atvinnulíf til athafna

Þessi skýrsla er tileinkuð minningu Þórðar Friðjónssonar, stjórnarmanns í Viðskiptaráði Íslands, öflugs samherja og heiðursmanns sem fékk miklu áorkað í þágu íslensks samfélags á of stuttri lífsleið.



Formáli

Árlegt Viðskiptaþing Viðskiptaráðs Íslands er að þessu sinni haldið undir yfirskriftinni *Tökumst á við tækifærin: Atvinnulíf til athafna*. Bjartsýnis- og hvatningartónn í titli þingsins kann að skjóta skökku við nú þegar mörg umfangsmikil og aðkallandi vandamál virðast með áþreifanlegum hætti koma í veg fyrir framfarir og árangur. Stöðugleika og festu hefur skort um langa hríð, framtíðarstefna í peningamálum er í uppnámi, gjaldmiðli landsins er haldið lifandi með höftum, erfiðleikar blasa enn við á sviði ríkisfjármála, pólitísk óvissa ríkir og afskipti stjórn mála af atvinnulífi eru allt of mikil. Að auki er fjármálakerfið enn ekki að fullu starfhæft og fjöldi fyrirtækja og heimila glímur við þunga skuldastöðu sem erfiðlega gengur að greiða úr. Allt gerir þetta viðskiptalífi og hagkerfi í heild erfttt uppdráttar.

Þessi vandamál eru hins vegar þekkt og um þau hefur verið fjallað ítarlega á undanförunum árum, m.a. á vettvangi Viðskiptaráðs. Þar má nefna efnistöð á síðustu þremur Viðskiptaþingum. Árið 2008 var fjallað um valkosti í peningamálum í skýrslunni *Íslenska krónan: Byrði eða blóraböggull* og árið þar á eftir um aðdraganda, orsakir og viðbrögð við íslensku fjármálakreppunni undir yfirskriftinni *Endurreisn hagkerfisins: Horft til framtíðar*. Í fyrra var svo gerð ítarleg úttekt á opinberum fjármálum og framtíðargrundvelli atvinnurekstrar í tveimur skýrslum til Viðskiptaþings, *Fjármál hins opinbera: Aðrar leiðir færar og Er framtíð fyrir íslenskt atvinnulíf?: Samkeppnishæfni og rekstrarumhverfi*. Að auki hefur Viðskiptaráð margsinis fjallað um ofangreind viðfangsefni á öðrum vettvangi.

Í ljósi þess að vandamálin hafa verið þau sömu um all nokkurt skeið, þá væri að bera í bakkafullan lækinn að taka þau endurtekið til umfjöllunar á Viðskiptaþingi. Full ástæða er þó til að ítreka hugmyndir Viðskiptaráðs um úrbætur á þessum vandamálum og vísar þar í ofangreinda umfjöllun ráðsins.

Á síðustu misserum hefur allt of lítið farið fyrir umræðu um það sem vel er gert í íslensku atvinnulífi. Þrátt fyrir allt búa Íslendingar við afar fjölbreytt tækifæri og stöðu sem í alþjóðlegu samhengi getur vart talist annað en öfundsverð. Að þessu þarf að huga og nýta góða stöðu, því að óbreyttu mun enn frekar fjara undan hagkerfinu.



Þetta er viðfangsefni Viðskiptaþings 2011. Í skýrslu og dagskrá þingsins er fjallað um stoðir hagkerfisins, samhengi þeirra og fjölbreyttra atvinnugreina og tækifæri til verðmætasköpunar sem byggja jafnt á gagni lands og þekkingu þjóðar. Þessi tækifæri hafa um nokkurt skeið legið vannýt. Fyrir því eru eflaust margar ástæður, en með vissu má segja að ein þeirra sé sú að um of hefur verið horft um öxl, á það sem miður fór á undanförunum árum, og ekki nægilega til framtíðar og þess lífsviðurværis sem búa þarf þjóðinni. Þetta verður að breytast. Takast þarf á við tækifærin og nýta til að skapa eftirsóknarverða framtíð fyrir komandi kynslóðir Íslendinga. Aflið til þess liggur hjá framtaksómu fólki og öflugum fyrirtækjum. Þess vegna bera skýrsla þessi og Viðskiptaþing í ár yfirskriftina *Tökumst á við tækifærin: Atvinnulíf til athafna*.

Tómas Már Sigurðsson
formaður

Finnur Oddsson
framkvæmdastjóri



Þakkir

Eins og oft áður leitaði Viðskiptaráð ráða og aðstoðar hjá fjölbreyttum hópi fulltrúa atvinnulífs og stjórn mála í aðdraganda Viðskiptaþings. Þeim sem þátt tóku í rýnifundum fyrir þing eða lögðu hönd á plóg við öflun gagna, ritun eða yfirlestur skýrslu eru færðar kærar þakkir fyrir ómetanlega aðstoð.

Þau eru Aðalsteinn Leifsson (Háskólinn í Reykjavík), Andri Heiðar Kristinsson (Innovit), Baldur Pétursson (fv. aðstfrkst. European Bank), Benedikt Jóhannesson (Talnakönnun), Birkir Marteinsson (Amivox), Bjarni Halldórsson (Aalborg Portland), Björn Zoega (LSH), Brynja Halldórsdóttir (Norvik), Dagný Pétursdóttir (Bláa Lónið), Eggert Benedikt Guðmundsson (HB Grandi), Einar Mäntylä (Orf Líftækni), Einar Valur Kristjánsson (Hraðfrystihúsið Gunnvör), Einar Þorsteinsson (Elkem Ísland), Eyjólfur Árni Rafnsson (Mannvit), Eyjólfur Pálsson (Epal), Eyþór Arnalds (Strokkur Energy), Eyþór Ívar Jónsson (Klak Nýsköpunarmiðstöð), Friðrik Már Baldursson (Háskólinn í Reykjavík), Gísli Hjálmtýsson (Thule Invest), Guðjón Már Guðjónsson (Medizza), Gunnar Ármannsson (PrimaCare), Guðmundur Gunnlaugsson (Clara), Halla Tómasdóttir (Auður Capital), Halldór Valgeirsson (Creditinfo), Haraldur Flosi Tryggvason (Orkuveita Reykjavíkur), Hákon Gunnarsson (Gekon), Helgi Anton Eiríksson (Iceland Seafood), Hera Garðarsdóttir (Íslensk fjallagrös), Hermann Guðmundsson (N1), Hermann Sigurðsson (www.hemmi.is), Hilmir Ingi Jónsson (ReMake Electric), Hörður Arnarson (Landsvirkjun), Hrunn Rudolfsdóttir (Marel), Hreggviður Jónsson (Veritas Capital), Illugi Gunnarsson (Þingmaður), Jóhann Jónasson (3X Technology), Jón Ágúst Þorsteinsson (Marorka), Jón Ingi Björnsson (Trackwell), Jón Viggó Guðmundsson (Thor Data Center), Jónas Antonsson (Gogogic), Katrín Olga Jóhannesdóttir (Já), Katrín Pétursdóttir (Lýsi), Katrín Sigurjónsdóttir (Salka-Fiskmiðlun), Kristinn R. Þórisson (Cadia - Háskólinn í Reykjavík), Kristín Pétursdóttir (Auður Capital), Magnús Orri Schram (Þingmaður), Margrét Dóra Ragnarsdóttir (Síminn), Marín Magnúsdóttir (Practical), Óttar Proppe (borgarfulltrúi), Perla Björk Egilsdóttir (Saga Medica), Rannveig Rist (Rio Tinto Alcan), Rakei Sveinsdóttir (Creditinfo), Sigrún Lilja Guðjónsdóttir (Gydja Collection), Silja Þorbjörnsdóttir (Clara), Skúli Mogensen (Titan fjárfestingarfélag), Stefán Baldur Árnason (Össur), Sveinbjörn Höskuldsson (Nox Medical), Sævar Freyr Þráinsson (Síminn), Þorkell Sigurlaugsson (Háskólinn í Reykjavík), Þorsteinn Víglundsson (Samál), Þór Sigfússon (hagfræðingur) og Þórður Friðjónsson, en skýrslan er tileinkuð minningu hans.

Að auki er Creditinfo, DataMarket, Fjármálaráðuneyti, Frjálsri Verslun, Rannís og Vinnumálastofnun þakkað sérstaklega fyrir greiðan aðgang að gögnum sem nýttust við gerð skýrslunnar.



Efnisyfirlit

1	Atvinnulífið nýti tækifærin	bls. 9
1.1	Lærum af reynslunni	bls. 9
1.2	Það tekur tíma að byggja upp traust	bls. 9
1.3	Þrándur í götu umbóta	bls. 10
1.4	Viðhorf til atvinnurekstrar	bls. 10
1.5	Starfshættir atvinnulífs ýttu undir mótbyr	bls. 11
1.6	Öfga á milli	bls. 11
1.7	Gróska í ríkisvæðingu	bls. 12
1.8	Frá uppgjöri til athafna	bls. 13
2	Tækifæri í samhengi	bls. 15
2.1	Hin hefðbundna sýn á atvinnulífið	bls. 15
2.2	Breytingar og ný sýn	bls. 16
2.3	Náttúran	bls. 20
2.4	Hafið	bls. 22
2.5	Orkan	bls. 26
2.6	Innviðir og umgjörð	bls. 28
3	Hvar liggja tækifærin?	bls. 33
3.1	Náttúran	bls. 34
3.2	Hafið	bls. 38
3.3	Orkan	bls. 42
3.4	Þvert á stoðirnar	bls. 45
3.5	Tækifærin eru til staðar	bls. 54



4	Staða íslenska hagkerfisins	bls. 57
4.1	Hagtölur og horfur	bls. 57
4.2	Ísland í alþjóðlegum samanburði	bls. 62
4.3	Veikleikamerki hagkerfisins	bls. 66
5	Horft fram á veginn	bls. 75
5.1	Í upphafi skyldi endinn skoða	bls. 75
5.2	Mikilvægi hagvaxtar og kostnaður kreppunnar	bls. 75
5.3	Sóknaráætlun stjórnvalda	bls. 78
5.4	Fordæmi frá öðrum löndum	bls. 85
5.5	Atvinnustefna	bls. 87
5.6	Ísland sem góður valkostur ...	bls. 92
6	Áherslur til framfara	bls. 99



1 Atvinnulífið nýti tækifærin

1.1 Lærum af reynslunni

Á undanförunum 28 mánuðum hefur verið unnið að því að greiða úr vandamálunum sem sköpuðust við fall bankanna. Gildir það jafnt um stjórnvöld, atvinnulíf, fjármálakerfi og heimilin í landinu. Nokkuð hefur áunnist í þessari vinnu, flestir eru sammála um að hraðar megi ganga og deilt sé um aðferðirnar. Traust á íslenska hagkerfinu er smám saman að aukast og er sá árangur sem náðst hefur að hluta byggður á eftirfylgni stjórnvalda við samkomulag ríkisins og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Ljóst er þó að mikið verk er enn óunnið.

„Traust á íslenska hagkerfinu er smám saman að aukast“

Í kjölfar alvarlegs áfalls eins og þess sem átti sér stað haustið 2008 er óumflýjanlegt að endurmeta með gagnrýnum hætti fyrirkomulag efnahagsstarfseminnar. Nauðsynlegt er að draga lærdóm af þeim atburðum sem áttu sér stað, meta hvað hægt er að gera betur log hvaða þættir það voru í efnahagsumgjörðinni sem brugðust í aðdraganda hrunsins. Starf rannsóknarnefndar Alþingis og skýrsla hennar marka þáttaskil í þessu starfi enda um að ræða yfirgripsmikla og upplýsta úttekt á aðdraganda falls bankanna. Af henni má ráða að ekki var um einn afgerandi orsakapátt að ræða sem leiddi til hruns fjármálakerfisins, heldur voru þar að verki fjölmargir samverkandi þættir, innlendir og erlendir. Efnahagsaðgerðir stjórnvalda, sem einkenndust af litlu aðhaldi í ríkisrekstrinum, hvöttu til þenslu. Umsvifamiklir aðilar í atvinnulífinu tóku of mikla áhættu og þeir sem verja áttu hagkerfið aðsteðjandi vanda brugðust. Stærð bankakerfisins miðað við smæð hagkerfisins og þróun á alþjóðamörkuðum magnaði svo afleiðingarnar.

1.2 Það tekur tíma að byggja upp traust

Fjölmargir aðilar hafa rýnt störf sín fyrir fall bankanna, bæði fyrir og eftir útgáfu skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis. Viðskiptaráð Íslands hefur fyrir sitt leyti lagt áherslu á að niðurstöður rannsóknarskýrslunnar verði nýttar til umbóta og með þátttöku aðildarfélaga unnið yfirgripsmikla og gagnrýna úttekt á eigin starfsemi á árunum fyrir hrun. Í kjölfarið hefur ráðið lagt aukna áherslu á stuðning og eftirfylgni við góða stjórnarhætti fyrirtækja, samfélagslega ábyrgð og bættu upplýsingagjöf atvinnulífs. Um þetta var ítarlega fjallað í nýlegri skoðun, *Ábyrgð Viðskiptaráðs*.

Nokkurn tíma mun taka að byggja aftur upp það traust sem æskilegt er að ríki í garð atvinnulífs. Ofangreind verkefni eru eingöngu fyrstu skrefin af mörgum og árangur næst einungis ef athafnir fylgja orðum. Allir þurfa að leggjast á árarar,

bæði samtök í atvinnulífi og fyrirtækin sjálf. Treysta þarf að það sem vel var gert, læra af því sem illa fór og byggja ákvarðanir næstu missera á þeirri reynslu. Þannig má byggja sterkara hagkerfi og sanngjarnara samfélag til lengri tíma.

1.3 Þrándur í götu umbóta

Umhverfið nú styður að mörgu leyti illa við umbætur. Gjarnan er meira gert með hver það er sem leggur til málanna en hvað það er sem lagt er til. Mögulega eru slík viðbrögð skiljanleg í ljósi undangenginna atburða. En of lítið virðist þó hafa breyst frá því fyrir fall bankanna. Þá var gagnrýni á fjármálakerfi eða ráðandi aðila atvinnulífs illa séð og aðhald ekki nægilegt. Enn eimir eftir af þessari sjálfvirku ritskoðun sem felst nú sem þá m.a. í illa grunduðum alhæfingum í ræðum og riti, niðorðasmíði í netheimtum og ávitum á opinberum vettvangi. Því miður hefur þessi tilhneiging vaxið, fremur en hitt. Formerkin eru bara önnur nú og öll umræða óhóflega neikvæð.

Ísland er fámenn þjóð og í ljósi þess hversu stór hópur af hæfu fólk tengdist fjármálakerfinu gamla, má þjóðin illa við að öllu því dugmikla fólk og dýrmætu reynslu verði ýtt til hliðar. Þeir sem brutu lög í störfum sínum þurfa að sæta ábyrgð, en dýr lexía bankarunsins verður enn dýrari ef fólk er ekki gefið færi á að nýta hana. Þjóðfélagsumræðuna þarf að skoða í því ljósi.


Annað vandamál snýr að úrvinnslu skuldavanda fyrirtækja og heimila. Stjórnendur fjölda fyrirtækja standa frammi fyrir vali á milli afskrifta í bankakerfinu eða nýrrar kennitölu. Seinni kosturinn er óæskilegur af ýmsum ástæðum, en hann felur að öllu jöfnu í sér mesta sóun verðmæta. Neikvæð umræða um afskriftir, sem er meginverkfæri banka í fjárhagslegri endurskipulagningu fyrirtækja, eykur hins vegar líkur á að stjórnendur velji verri kostinn, nýja kennitölu. Aðilar sem tengjast atvinnulífi eru gjarnan settir undir sama hatt, sem ýtir undir ákvarðanatökufælni í bankakerfinu og hjá fyrirtækjum. Afleiðingarnar eru biðstaða sem kemur niður á öllum, bæði heimilum og fyrirtækjum, og tefur þar með fyrir endurreisn hagkerfisins.

1.4 Viðhorf til atvinnurekstrar

Þau vandamál sem reifuð eru hér að ofan eru birtingarmynd neikvæðra viðhorfa til atvinnurekstrar sem algeng eru um þessar mundir. Reglulega er kynnt undir þeim, jafnvel af stjórnvöldum og á Alþingi. Til að mynda ala nýlegar áherslur og vinnubrögð ráðamanna í málefnum orkuíðnaðar og sjávarútvegs á tortryggni og draga úr trúverðugleika landsins út á við. Einnig má nefna dæmi um lagasetningu þar sem farið er fram með offorsi og þess ekki gætt hverjar líklegar langtíma afleiðingar verða.

Í skýrslu til Viðskiptaþings árið 2009, *Endurreisn hagkerfisins – horft til framtíðar*, var fjallað um hættuna á að regluverk yrði hert úr hófi. Þrátt fyrir að rekja megi ýmsar ástæður bankarunsins til ónógs eftirlits með reglum, má ekki bregðast við með þeim hætti að skaði verði af. Reglur verða að vera skýrar, skynsamlegar og til þess fallnar að auka almenna hagsæld. Almenn ástand efnahagsmála er slíkt að hvatar til atvinnurekstrar eru þegar takmarkaðir. Því verða stjórnvöld að fara fram með yfirveguðum hætti og vanda til reglusetningar þannig að þeim fækki

Mynd 1.1 Fjöldi stofnaðra einkahlutafélaga, 2008-2010



Heimild: Hagstofan

ekki frekar sem tilbúnir eru að taka þá áhættu sem fylgir stofnun fyrirtækja og þátttöku í atvinnurekstri. Slík þróun er alvarleg og til þess fallinn að lengja það kreppuástand sem nú ríkir.

1.5 Starfshættir atvinnulífs ýttu undir mótbyr

Traust er grundvallarforsenda heilbrigðs viðskiptalífs og uppbygging þess tekur lengri tíma en niðurif. Þegar horft er til atburða undanfarinna missera er skiljanlegt að trúverðugleiki atvinnulífs hafi beðið hnekki. Of oft var gefið tilefni til tortryggni í garð fyrirtækja og forsvarsmanna þeirra. Samkvæmt könnun Viðskiptaráðs telja stjórnendur íslenskra fyrirtækja orðsporsmissi atvinnulífs valda hvað mestum erfiðleikum í almennum rekstri.

Mikilvægi þess að rækta jákvæðara viðhorf í garð fyrirtækja og atvinnulífs er því óumdeilt. Forystumenn í atvinnulífi þjóðarinnar hafa hér mest áhrif. Með því að sýna í verki vilja til að læra af mistökum og færa vinnubrögð til betri vegar, má endurvinnna það traust sem glataðist.

Í þessu sambandi er mikilvægt að áréttast að meginþorri íslenskra fyrirtækja var rekinn af ráðdeild á árunum fyrir hrun og bág staða fyrirtækja nú er til komin vegna atburða sem fáir sáu fyrir eða höfðu stjórn á. Því ber að varast almennar neikvæðar alhæfingar um atvinnulífið. Á Íslandi eru starfrækt meira en 20 þúsund fyrirtæki í einkaeigu, gömul og ný, stór og smá og í margvíslegum atvinnurekstri. Á þeim byggir framleiðsla vöru og þjónustu í hagkerfinu og þau veita um 130 þúsund Íslendingum atvinnu. Fyrirtækin og starfsfólk þeirra eru bakbein íslenska hagkerfisins og lífsgæða sem Íslendingar njóta. Nauðsynlegt er að kynna þessa staðreynd og bæta þannig viðhorf og almennan skilning á mikilvægi atvinnulífsins.

1.6 Öfga á milli


Neikvæð umræða um atvinnulíf og efnahagsmál hefur verið áberandi síðustu misseri og er það mikil breyting frá því fyrir hrun. Nú er þó ljóst að umfjöllun var þá óhóflega jákvæð og laus við gagnrýni. Samkvæmt úttekt Creditinfo hefur fjöldi neikvæðra fréttu um einstakar atvinnugreinar tæplega tvöfaldast frá þeim tíma. Þessi breyting endurspeglar í almenntri þjóðmálaumræðu, hvar sem hún fer fram.

Því miður hafa stjórnvöld tekið undir þessar áherslur með því að setja núverandi rekstrarhorfur og framtíðaráætlanir burðaratvinnugreina í uppnám, einkum þeirra sem tengjast útgerð og orkunýtingu. Slík afstaða hefur um leið áhrif á afkomu atvinnulífsins almennt.

Skattkerfisbreytingar síðustu tveggja ára eru af sama meiði. Yfir 100 efnisbreytingar hafa verið gerðar á skattkerfinu og hefur einkum verið hringlað með skatta á atvinnurekstur og fjárfestingar. Á þessu ári verður heildarskattheimta skv. OECD sem hlutfall af landsframleiðslu um 36,9%, sem er hærra en árið 2008 og yfir meðaltali OECD ríkja. Lítið


Mynd 1.2 Úr viðhorfskönnun Viðskiptaráðs meðal forsvarsmanna fyrirtækja

Hvaða tveir eftirtalinna þátta valda mestum erfiðleikum í rekstri þíns fyrirtækis um þessar mundir?



* Nefnt til viðbótar við fyrirfram gefna svarflokka

Mynd 1.3 Skattbyrði sem hlutfall af landsframleiðslu í nokkrum ríkjum OECD



tillit hefur verið tekið til ábendinga atvinnulífsins vegna þessara skattbreytinga og enn síður til sannfærandi hagfræðilegra raka um hagfelldari aðgerðir í ríkisfjármálum. Þess í stað hefur verið komið á skattkerfi þar sem hagsmunir hins opinbera annars vegar og skattgreiðenda og hagkerfisins í heild hins vegar fara illa saman. Hætt er við samdrætti vegna minna vinnuframlags og minni umsvifa þegar fólk og fyrirtæki leitast létta skattbyrði sína.

Þessar áherslur grafa undan samheldni og trausti í samfélaginu. Þær virða einnig að vettugi þá mikilvægu staðreynd að fyrirtæki og heimili mynda órofa heild þar sem hagr atvinnulífs og heimila fer saman. Kraftmikið atvinnulíf veitir heimilum lífsviðurværi og heimilin efla atvinnulífið með starfskröftum og neyslu. Hvorugt getur án hins verið. Það er svo starfsemi einkafyrirtækja sem skapar megnið

af þeim skatttekjum sem nýttar eru til fjármögnunar velferðarkerfisins. Besta kjarabót almennings felst því að allir geti fundið kröftum sínum viðnám á vinnumarkaði og að efnahagsstarfsemin sé í góðu jafnvægi. Þannig er jafnt og þétt hægt að bæta lífskjör allrar þjóðarinnar.

1.7 Gróska í ríkisvæðingu

Í umhverfi sem þessu verður frjór jarðvegur fyrir auknum ríkisrekstri og opinberum afskiptum. Atvinnustarfsemi sem tengist nýtingu orkuauðlinda er þar áberandi en auk þess má nefna nýlegar hugmyndir um að endurvekja Lyfjaverslun ríkisins, höft á innflutning samkeppnisvara íslenskrar framleiðslu og aukna innhýsingu verkefna opinberra stofnana sem áður var sinnt af einkaðilum.

Ef fram fer sem horfir verður alltof stór hluti atvinnulífsins á forsjá ríkis á komandi árum. Reynslan, bæði innlend og erlend, sýnir að slíkt er ávísun á lakari lífskjör þjóðarinnar. Jafnframt eru það gömul sannindi og ný að atvinnuleysi verður ekki leyst með því að fjölga störfum á vegum hins opinbera.

Kröftugur markaðsbúskapur, þar sem einkaframtak glæðir atvinnugreinar lífi, skapar verðmæti og liggur til grundvallar þúsundum starfa og um leið öflugum velferðarkerfi. Þó skoðanir séu skiptar um stór álitamál, t.a.m. hvar eignarhald á auðlindum eigi að liggja, má ætla að fæstir vilji að atvinnulífið sé á forsjá ríkisins. Afstaða Viðskiptaráðs í þeim efnum er skýr, ríkið á ekki að standa í samkeppnisrekstri, hvaða nafni sem hann nefnist. Við núverandi aðstæður ætti ríkið að hvetja til aukins einkareksturs og leitast við að draga úr eigin rekstri. Þannig styður það best við verðmætasköpun og hagvöxt.

1.8 Frá uppgjöri til athafna

Atburðir síðustu ára sýna að markaðshagkerfi eru á engan hátt hafin yfir gagnrýni. Ófullnægjandi regluverk og eftirlit samhliða mikilli áhættusækni getur leitt til efnahagslegs ójafnvægis og óeðlilegra viðskiptahátta. Mannlegt eðli og viðskipti kalla á skýrar leikreglur og að eftirlit sé haft með þeim. Yfirstandandi fjármálakreppa er ágætt dæmi um það, bæði hérlendis og erlendis.

Lausnin á vandanum er þó ekki fólgin í að kollvarpa því kerfi sem lífskjarabylting Vesturlanda byggir á, heldur þarf að sníða af hnökra og vinna yfirvegað að úrbótum. Frelsi og samkeppni laða fram nýjar lausnir, aukna framleiðni og verðmætasköpun. Þetta eru grunnforsendur langtímahagvaxtar. Árangurinn af stefnu sem felur í sér höft, skerðingu á athafnafrelsi og aukinn ríkisbúskap er hinsvegar ekki uppörvandi. Reynsla hefur sýnt að sú leið felur í sér efnahagslega stöðnun og versnandi lífskjör. Of margar aðgerðir stjórnvalda miða nú í þessa átt og brýnt að þeirri þróun verði við snúið.

Þrátt fyrir ólíkar áherslur stjórnvalda og atvinnulífs í ýmsum málum, þá á að ríkja víðtæk sátt um það markmið að á Íslandi séu lífskjör sambærileg því sem best gerist. Það eru því leiðir að markmiðum sem tekist er á um. Samskipti atvinnulífs og stjórnvalda eru hinsvegar með öllu óásættanleg. Málefnaleg skoðanaskipti og raunverulegt samráð eru eina raunhæfa leiðin til að vinna á deilum og sundurlyndi. Til mikils er að vinna, góð samfélagssátt er grunnur að framförum og hagsæld.

Það er í þessum anda sem hér verður látið staðar numið að ræða um atburði liðinna ára. Ástæður hrunsins, afleiðingar og lausnir munu eflaust áfram verða efni rökræðna og jafnvel deilna. Íslenskt samfélag þarf hins vegar á því að halda að horft sé fram á veg. Þjóðin þarf atvinnulíf sem er tilbúið að taka hóflega áhættu og ráðast í framkvæmdir, þrátt fyrir erfiðar efnahagsaðstæður. Lykilatvinnugreinar þurfa stöðugleika til að fjárfesta, skapa störf og hagkerfið í heild þarfnast stefnumörkunar sem hefur hagkvæmni að leiðarljósi. Þannig sköpum við fyrirtækjum og einstaklingum væntingar um bjartari framtíð. Það er allra hagur að vel takist til og atvinnulífið leikur þarna stærsta hlutverkið. Tækifærin bíða.

„Íslenskt samfélag þarf á því að halda að horft sé fram á veg“




2 Tækifæri í samhengi

2.1 Hin hefðbundna sýn á atvinnulífið

Allt frá landnámi hafa Íslendingar byggt lífsviðurværi sitt á auðlindum landsins. Fyrstu þúsund árin breyttist framleiðslan lítið, atvinnuuppbygging og lífsviðurværi byggði á landbúnaði og fiskveiðum. Þar til um miðja nítjándu öldina stóðu þessar grunnstoðir í öllum meginatriðum undir lífsgæðum Íslendinga.

Umbreytingin á íslensku samfélagi hófst í lok nítjándu aldar er fólk fluttist í þéttbýli úr sveitum í leit að vinnu. Árin þar á eftir hófst svo vélvæðing íslenska fiskveiðiflotans, fyrsta rafstöðin var gangsett og heimastjórn tók við völdum. Atvinnulíf breyttist hratt á næstu áratugum og fór vægi gróinna atvinnugreina minnkandi og nýjar urðu til. Aukin sérhæfing og tækniþróun urðu til þess að vinnuafli leitaði í auknum mæli í störf utan landbúnaðar og sjávarútvegs. Horfið var frá sjálfsþurftarbúskapi og vægi þjónustu og iðnaðar óx hratt samfara hraðri þéttbýlismyndun. Á aðeins ríflega 130 árum hefur íslenska hagkerfið þannig færst frá því að byggja eingöngu á landbúnaði- og sjávarútvegi yfir í að vera nútímavætt iðnríki, þó enn með mikilli áherslu á sjávarútveginn.

Mynd 2.1 Hlutdeild atvinnugreina í landsframleiðslu



Heimildir: Hagstofan; útreikningar Viðskiptaráðs

„Fólkið í landinu er undirstaða og umgjörð gangverks hagkerfisins“

2.2 Breytingar og ný sýn

Hin hefðbundna sýn á atvinnulíf hefur verið á atvinnugreinar sem aðskildar og sjálfstæðar einingar. Þetta er að mörgu leyti eðlileg þegar horft er til upprunans. Með aukinni fjölbreytni atvinnulífs og fjölbreytni mannauði hafa mörkin milli einstakra atvinnugreina hins vegar orðið óskýrari. Hefðbundin sýn þar sem atvinnuvegir eru aðskildir og lítt háðir hver öðrum hefur úrelst, eins og t.d. má sjá af hlutdeild atvinnugreinaflokka í landsframleiðslu. Í dag er nánast ógerningur að vita hvar einni atvinnugrein sleppir og önnur byrjar.

Sem dæmi um þetta má nefna verulega aukinn fjölda fyrirtækja sem sérhæfa sig í framleiðslu vél- og tæknibúnaðar. Mörg þessara fyrirtækja spruttu upp úr sjávarútvegi en þjóna nú einnig öðrum greinum. Þó þau byggja afkomu sína á auðlindum sjávar er vart hægt flokka þau til sjávarútvegsfyrirtækja. Það sama á við um fyrirtæki eins og verkfræðistofur, sem nú veita íslenskri stóriðju ráðgjöf og þjónustu. Vart er hægt að horfa á stóriðju sem þjónustu eða verkfræðistörf sem iðnað. Báðar greinar eiga það þó sameiginlegt að byggja afkomu sína að töluverðu leyti á íslenskum orkuauðlindum.

2.2.1 Nýtum hlutfallslega yfirburði

Framþróunin sem orðið hefur á síðustu áratugum hvílir á forskoti Íslands á tilteknum sviðum. Atvinnuvegir sem byggjast upp á hlutfallslegum yfirburðum þjóða eru almennt taldir forsenda framfara og eflingar lífskjara. Að þeir yfirburðir liggja á mismunandi sviðum eftir löndum gerir sérhæfingu þeirra hagkvæma, sem skilar sér í bættum lífskjörum og velferð. Tækifæri til uppbyggingar felast í því að skilgreina styrkleika landsins og viðurkenna veikleika, og nota hið fyrrnefnda sem stökkpall til aukinnar verðmætasköpunar.

Ávinningur af alþjóðaviðskiptum felst í því að framleiddar eru vörur sem land hefur hlutfallslega yfirburði í að framleiða. Við það fjarar undan óhagkvæmum atvinnugreinum og ný tækifæri verða til. Þetta ferli ætti ekki að trufla heldur leyfa hagkerfum að vaxa og þróast með þessum hætti.

2.2.2 Stoðir atvinnuuppbyggingar

Þrátt fyrir að skil milli hefðbundinna atvinnugreina séu nú óskýrari og tengsl þeirra meiri, þá byggir íslenska hagkerfið á ákveðnum grunnstoðum. Í stað þess að horfa á sjávarútveg, landbúnað, iðnað og þjónustu þá mætti horfa til þess á hvaða grunni greinarnar byggja – orkunni, hafinu og náttúrunni. Mannauður, þekking og framtakssemi, skapa síðan verðmæti á grunni stoðanna. Mannauður er jafnframt undirliggjandi þáttur í atvinnustarfsemi sem sífellt verður minna háð ofangreindum grunnstoðum. Því má með réttu segja að fólkið í landinu sé bæði undirstaða og umgjörð gangverks hagkerfisins.

Að auki eru margar atvinnugreinar sem hvíla á hverri af ofangreindum þremur stoðum og fyrirtækin gjarnan tengd eða háð öðrum sem á þeim byggja. Stóriðja, sem byggir á orkuauðlindum landsins, styður við afleidda starfsemi í mörgum greinum, allt frá sérfræðiþjónustu á sviði verkfræði yfir í smíði og sölu á tæknibúnaði sem tengist iðnaðinum. Að sama skapi hafa orðið til fjölmargar nýjar greinar sem byggja starfsemi sína á íslenskri náttúru sem bæta fyrir töpuð störf í landbúnaði. Þar má nefna ferðaþjónustu af ýmsu tagi, framleiðslu á heilsuvörum úr íslenskum jurtum eða háþróaðrar vinnslu lífefnahvata til lyfjaframleiðslu.

Klasar á Íslandi: Vænleg leið til uppbyggingar?

Haustið 2010 kynnti Michael Porter kortlagningu á íslenska jarðvarmaklasanum¹. Þar kom fram að styrkleikar Íslands á sviði jarðvarma liggja helst í fjölnýtingu hans, sem á engan sinn líka. Þá eru þekking og orðstír íslenskra sérfræðinga á sviði jarðvarma góð og alþjóðlegt tengslanet þeirra sterkt. Saman mynda þessir þættir samkeppnisforskot Íslands á sviði starfsemi sem tengist jarðvarma. Í fyrirlestri sínum skilgreindi Porter tvo klasa sem fest hafa sig í sess (e. established) og gætu haft gildi á heimsvísu. Það voru sjávarútvegsklasi annars vegar og klasi um orkufreka málmframleiðslu hins vegar. Aðrir klasar í burðarliðnum voru m.a. á sviði ferðaþjónustu, líftækni og jarðvarma

Á sama tíma steðja ýmsar hættur að jarðvarmaklasanum. Stærð fyrirtækjanna er óhagkvæm; þau eru lítil á heimsvísu þó afar mikilvægir samrunar hafi átt sér stað t.d. í verkfræðigeiranum. Markaðsaðstæður innanlands eru flóknar og þó menntun á sviði jarðvarma sé öflug gæti hún verið markvissari. Sama gildir um skipulega gagnaöflun, rannsóknir og nýsköpun innan geirans. Þá gæti mikill orkuforði hér á landi heft frekari þróun og þekkingaruppbyggingu á betri nýtingu auðlindarinnar. Einnig var skortur á erlendri fjárfestingu nefndur sérstaklega. Það sem talið var standa frekari þroska klasans fyrir þrífum var hins vegar skortur á markvissri stefnumótun og samstarfi ólíkra hagsmunaaðila á sviði jarðvarma.

Uppbygging yfir allt landið

Um nokkurt skeið – bæði fyrir og eftir hrun – hafa stjórnvöld og atvinnulíf komið fram sem miklar andstæður og gagnkvæmt traust þessara aðila hefur verið takmarkað. Þetta háir framþróun atvinnulífs á mörgum sviðum. Uppbygging á klasasamstarfi sem nær yfir allt landið í lykiltvinnugreinum þar sem

vaxtabroddur framtíðarinnar liggur gæti verið stórt skref til hagsældar. Þetta á ekki eingöngu við um jarðvarmann heldur einnig um sjávarútveg, ferðaþjónustu, heilbrigðisgeirann, líftækni, skapandi greinar og svo mætti lengi telja. Um heim allan má finna dæmi þar sem þessi aðferðafræði er notuð og henni beitt með góðum árangri á þeim 20 árum sem liðin eru síðan hún kom fyrst fram. Einnig hefur komið í ljós hvað það er sem ber að varast í uppbyggingu á klasaumhverfi. Til að mynda þarf hlutverk opinberra aðila, atvinnulífs, menntastofnana og annarra hagsmunaaðila að vera mjög vel skilgreint. Grundvallaratriði er að í framkvæmd slíkrar stefnu sé atvinnulífið í forgrunni – en hlutverk stjórnvalda er að styðja við uppbyggingu lagaramma, markaðssetningu og gæðaeftirlit svo dæmi séu tekin.

Í desember síðastliðnum gerði bandaríska ríkisstjórnin undir forystu Barack Obama samning við stofnun Michael Porters við Harvard háskóla (Institute for Strategy and Competitiveness) um að stjórna stefnumótun fyrir bandaríska efnahagsráðuneytið (U.S. Commerce Department's Economic Development Administration) um kortlagningu klasa í öllum fylkjum Bandaríkjanna.

Okkur Íslendingum gæti staðið til boða að leita í smiðju helstu sérfræðinga heims á þessu sviði og þiggja góð ráð. Ættum við að grípa það frábæra tækifæri? Eða þurfum við ekki að leita í smiðju annarra þjóða í uppbyggingu atvinnulífsins?

Hákon Gunnarsson, Gekon
Greinina í heild sinni má nálgast á: www.vi.is



¹ www.icelandgeothermal.is

2.2.3 Atvinnuuppbygging innan og þvert á stoðir

Ný tækifæri og verðmæti verða til í samstarfi ólíkra atvinnugreina. Tengslin verða til á grundvelli þekkingar og reynslu fólks og mynda þannig heildstæðara hagkerfi. Þessari tengingu, sem er oft erfitt að skilgreina, hafa verið fengin margvísleg nöfn á borð við klasar, kjarnar eða þyrpingar. Tengslin eru yfirleitt er sjálfsprottin og erfitt að stofna eða stýra formlega t.a.m. af hálfu stjórnvalda.

Grunnurinn að þessu er einskonar smit sem á sér stað þegar þekking úr einni grein, t.d. á verkferlum, tækninýjungum eða í markaðsmálum, er nýtt í öðrum greinum. Fjölmörg dæmi eru um að slíkir kjarnar séu þvert á fyrrgreindar þrjár stoðir atvinnulífsins. Oft og tíðum er slík uppbygging einn helsti vaxtarbroddur hinna hefðbundnari greina. Uppbygging sem tengist líftækniðnaði er dæmi um þessa þróun og er lýst ágætlega í kaflanum *Líftækni mun hverfa* hér að neðan. Um leið endurspeglast í kaflanum breytingar á hugsunarhætti sem vert er að gefa gaum og getur haft mikil áhrif á framþróun íslensks atvinnulífs.

Líftækni mun hverfa

Fyrir aldarfjórðungi síðan lýstu Dr. Jón Bragi Bjarnason heitinn og Dr. Jakob K. Kristjánsson þeim tækifærum sem fælust í líftækni á Íslandi með greinaskrifum í dagblöðum. Þessar greinar voru hvatning ungu fólki, undirrituðum þar á meðal, til að leggja fyrir sig háskólanám í lífvísindum. Atvinnuhorfur líffræðinga voru ekki glæstar á þessum árum, og í hvatningunni lá ekki loforð um hálaunavinnu heldur heróp um að taka þátt í uppbyggingu þekkingariðnaðar sem byggði á lífvísindum.

Áratug síðar átti sér stað viðamikil uppbygging líftækni með tilkomu Íslenskrar Erfðagreiningar (ÍE), sem skapaði íslenskum sérfræðingum erlendis sjaldséð atvinnutækifæri á Íslandi. Það bar einnig til tíðinda að langskólanám og þekking var nú metin til launa, enda komu fjármagnið og viðhorfin erlendis frá. Fyrstu ár ÍE voru öðrum hvatning til dáða og sýndu að það er hægt að hugsa stórt, jafnvel á Íslandi. Á næstu árum litu fleiri fyrirtæki dagsins ljós; UVS, Prokaria, ORF Líftækni, NimbleGen Systems, Ensímtækni, Genís, Saga Medica og Kerecis svo nokkur séu nefnd og breiddin jókst í flóru líftækniyrirtækja.

Síðustu tvo áratugi hefur líftækni verið aflvaki sjálfbærrar framleiðslu og þróunar á fjölmörgum nýjum afurðum um heim allan. Í niðurstöðum nýlegrar skýrslu OECD, sem horfir fram á veg og rýnir í þróun hagkerfis þjóða næstu tuttugu árin, segir að áframhaldandi hagnýting líftækinnar geti leitt

til lífhagkerfis (e. bioeconomy) þar sem verulegur hluti verðmætasköpunar hvílir á þróun og notkun lífefna. Fyrirsjáanlegur ávinningur af líftækni fyrir bæði hagkerfið og umhverfið hefur orðið til þess að vaxandi áhersla er á virkri stefnumótun fyrir lífhagkerfi framtíðarinnar bæði innan og utan OECD landanna¹.



Líftækni er dæmigerð þverfagleg nálgun á verkefni þar sem auk lífvísinda koma fjölmörg önnur fagsvið við sögu; s.s. læknisfræði, lyfjafraði, matvælafræði, efnafræði, verkfræði, stærðfræði, upplýsingatækni og viðskiptafræði svo nokkur séu nefnd. Það er eitt einkenni líftækinnar að hún byggir á margra ára rannsóknum og þróun, og er sannkallaður þekkingariðnaður.

Vaxtarbroddur hefðbundinna atvinnugreina

Þetta þverfaglega eðli líftækinnar birtist í víðtækri hagnýtingu hennar víðsvegar í samfélaginu. Þannig er líftækni oft að finna í fararbroddi nýsköpunar í hefðbundnum atvinnuvegum eins og landbúnaði og sjávarútvegi, en einnig í orkuíðnaði, framleiðsluíðnaði,

¹ The Bioeconomy to 2030: Designing a Policy Agenda, OECD, 2009

2.2.4 Ávinningur af klasasamstarfi

Atvinnuuppbygging mun í ríkari mæli verða hluti af stærra samhengi. Séu rekstrarumhverfi og aðstæður hagfelldar verða til klasar fyrirtækja sem búa yfir þekkingu á tilteknu sviði. Fyrirtækin styrkja hvert annað innbyrðis auk þess sem öflugt starf klasans á viðkomandi sviði laðar að sér sérhæft vinnuafli. Dr. Michael Porter, upphafsmaður hugmynda um klasa í atvinnulífi, hefur gert grein fyrir þrjúþættum ávinning þeirra, sem er að auka framleiðni fyrirtækja innan klasans, efla nýsköpun og stuðla að stofnun nýrra fyrirtækja. Porter hefur einnig gert grein fyrir því hvert hlutverk hins opinbera er við uppbyggingu klasa, en það er í einfaldaðri mynd að sjá til þess að öll umgjörð sé til staðar svo þeim klösum sem eru til eða eru í mótnun verði gert kleift að vaxa.¹

¹ Michael Porter (2000). *Location, Competition, and Economic Development: Local Clusters in a Global Economy*. *Economic Development Quarterly* 2000; 14; 15

þjónustuiðnaði og ekki síst í heilbrigðiskerfinu. Þessir geirar atvinnulífsins standa undir verulegum hluta þjóðarframleiðslu Íslands.

Dæmi um umfang líftækninnar sem snertir líf okkar allra eru mýmörg. Fæstir leiða hugann að því að það fjölbreytta framboð af hvers kyns grænmeti sem okkur þykir sjálfsagt og er í huga flestra hrein hollusta er til komið vegna plöntukynbóta sem byggja á líftækni. Líftækni er beitt til að vinna ensím og aðrar afurðir úr vannýttu sjávarfangi, hún er grundvöllur framleiðslu af stórum hluta þeirra lyfja sem eru á heimsmarkaði í dag og nýjustu aðferða við greiningar á sjúkdómum. Að lokum má nefna að líftæknin stuðlar að vistvænni framleiðsluferlum með innleiðingu náttúrulegra efnahvata sem draga úr orkunotkun og mengandi áhrifum í iðnaði.

Ef til vill erum við komin lengra áleiðis að lífhagkerfi en við gerum okkur grein fyrir. Það eru alla vega efnilegar stoðir fyrir hendi til að reisa slíka framtíð á, meira að segja hér, ef við berum gæfu til að byggja upp framfarasinnað þekkingarsamfélag á hinu nýja Íslandi. Hinn valkosturinn er vissulega fyrir hendi og í umræðunni; að skera niður menntun og rannsóknir og ala á tortryggni á vísindum, að hrófla upp hinu Nýja Íslandi með hjá vísindum og heimóttarskap – og bíða eftir næsta hrúni.

Vistvænt lífhagkerfi á Íslandi krefst samþættrar mennta- og atvinnustefnu, skynsamlegri forgangsröðunar ríkisfjármála og samhentri vinnu

háskólasamfélagsins, stjórnvalda og atvinnulífsins. Verjum einu eða tveimur jarðgangnaígildum til háskólamenntunar í raunvísindum, í myndarlega styrkingu samkeppnissjóða til vísinda- og tækniþróunar og til stuðnings við atvinnuuppbyggingu á sviði líftækni og annarrar hátækni! Það væri líklega ein besta tryggingin fyrir bjartri framtíð atvinnuvega í landinu, gamalla sem nýrra að eiga öfluga grasrót líftæknistarfsemi í landinu. Kjarni líftækninnar er ný þekking sem skilar sér inn í atvinnuvegina sem fyrir eru og þróar þá í nýjar áttir – afurðin yrði aukin samkeppnishæfni.

Ég held því fram að eðli líftækninnar sé að blómstra á tilteknu sviði um stund og hverfa svo inn í atvinnulífið og samlagast því og samfélaginu. Þetta ris og hngi endurtekur sig í sífellu á hinum aðskiljanlegustu sviðum líftækninnar og dælir nýsköpun inn í alla kima samfélagsins. Líftæknin er því engum óviðkomandi. Gera Alþjóða heilbrigðisstofnunin og Þróunar- og Matvælastofnanir Sameinuðu þjóðanna ráð fyrir auknu matvælaöryggi þróunarlanda í framtíðinni með hjálp líftækni? Já. Verður sykursýkkissjúklingi hugsað til líftækni þegar hann fær insúlínskammtinn sinn? Varla. Þakkar þorstlátur líftækni fyrir einn kaldan af krana? Óekki. Líftæknin mun halda áfram að hverfa, því framtíð hennar er björt.

Einar Mäntylä, gestadósent við HÍ og einn stofnenda
ORF Líftækni

Greinina í heild sinni má nálgast á: www.vi.is


2.2.5 Samstarf útilokar ekki samkeppni

Samstarf er forsenda klasamyndunar en þarf ekki að fela í sér að samkeppni dvíni. Í raun er samkeppni í klösum tvíþætt, annars vegar á grunni endanlegrar afurðar í framleiðsluferlinu og hins vegar um að veita þá afleiddu þjónustu sem myndast í kringum klasa. Samkeppni er því grundvallarforsenda og lykilatriði í uppbyggingu klasa. Þeim mun kröftugri sem samkeppni er þeim mun sterkari er klasinn. Á hinn bóginn er hagkvæmt að styrkja innviði og stöðu viðkomandi klasa út á við með því að ólíkir hagsmunaaðilar taki höndum saman. Sem dæmi má nefna öflun og miðlun upplýsinga af ýmsum toga eða samhæfðar markaðsaðgerðir. Í þessu sambandi má einnig nefna skipulag menntunar, átak um fjölgun nemenda tilteknum námsgreinum, s.s. í verk- og tækninámi, gæðamál, staðla, tengsl við fjármálastofnanir, ráðstefnuhald og fleira.

2.3 Náttúran

2.3.1 Landbúnaður

Mynd 2.2 Skipting landsframleiðslu í lok 18. aldar eftir afurðum




Þegar horft er til hagsögu Íslands má sjá að allt til loka 19. aldar byggðu lífskjör nær einvörðungu á auðlindum náttúrunnar. Þetta má sjá af samsetningu landsframleiðslu frá lokum 18. aldar en þá var landbúnaður ráðandi atvinnugrein í íslensku hagkerfi. Um 74% af landsframleiðslu þess tíma mátti rekja til landbúnaðarafurða, 25% til fiskafurða og ríflega 1% til annarra afurða. Til samanburðar þá er áætlað að hlutdeild landbúnaðar í landsframleiðslu árið 2010 hafi verið innan við 2%.




Minna vægi landbúnaðar má einnig sjá af tölum um fjölda starfandi einstaklinga eftir atvinnugreinum. Um miðja 19. öld starfaði um 85% þjóðarinnar í landbúnaði en þeim fækkaði ört á næstu áratugum og til loka 20. aldarinnar. Árið 2009 starfaði um 4% af vinnuafli landsins í landbúnaði.

2.3.2 Uppgangur ferðaþjónustunnar

Samhliða samdrætti í vægi landbúnaðar hafa atvinnugreinar sem byggja á náttúru landsins vaxið. Mikill uppgangur hefur t.a.m verið í ferðaþjónustu hérlendis undanfarna áratugi, sú atvinnugrein varð vart gjaldgeng á Íslandi fyrr en leið á seinni hluta síðustu aldar. Á upphafsárum greinarinnar var gestafjöldi talinn í örfáum þúsundum og var það ekki fyrr en 1986 sem erlendir gestir urðu fleiri en 100 þúsund. 10 árum síðar hafði sá fjöldi tvöfaldast og áratug síðar tvöfaldast á ný. Í fyrra komu 570 þúsund erlendir gestir um millilandaflugvelli og hafnir landsins og hafa aldrei verið fleiri. Samfara auknum ferðamannastraumi hafa gjaldeyristekjur aukist og námu þær árið 2009 um 73 ma. kr.



Mynd 2.3 Ferðamönnum hefur fjölgað úr um 1.000 á ári í yfir 500.000 á 50 árum

Mynd 2.4 Meðalfjöldi gistinguáttanna á ferðamann**Mynd 2.5** Hlutdeild ferðapjónustunnar í landsframleiðslu**Mynd 2.6** Meðalútgjöld ferðamanna (evrur á mann)

Ferðapjónustan er styrkir ekki aðeins grundvöll fyrirtækja í þeirri grein heldur ýtir almennt undir umsvif í verslun og viðskiptum. Þá hefur hér orðið sífellt meiri tenging ferðapjónustunnar við íslenska sérþekkingu á sviði heilbrigðismála og upp hefur sprettið ný grein, heilsutengd ferðapjónusta. Bláa lónið hefur um árabil verið táknmynd þessarar samtengingu heilbrigðis- og ferðapjónustu, en nú hillir undir verulega aukna fjölbreytni atvinnurekstrar á þessu sviði.

Aukinn fjöldi starfsmanna og umsvif ferðapjónustunnar hafa skilað ríkissjóði verulegum tekjum. Árið 2009 námu staðgreiðsla, tekjuskattsgreiðslur og tryggingargjöld flugfélaga ríflega 3 milljörðum króna, fyrirtækja í farþegaflutningum tæpum hálfum milljarði og annarra ferðapjónustudrögra greina á borð við veitingahús, hótél og gistiheimili rétt rúmlega 3,3 milljörðum króna. Þó aðeins hluta af tekjuauka síðast nefndu greinanna sé unnt að rekja til komu erlendra ferðamanna slaga þessi opinberu gjöld greinarinnar hátt í rekstur iðnaðarráðuneytisins í heilt ár eða um helming af ársframlagi ríkissjóðs til Háskóla Íslands.

Heilsutengd ferðapjónusta

Ætla má að framlag ferðapjónustunnar til samfélagsins muni aukast á næstu árum. Aukin fjölbreytni innan greinarinnar mun ýta undir verðmætasköpun, en þar ber hæst áðurnefnd heilsuferðapjónusta sem byggir á starfi fyrirtækja í heilbrigðisþjónustu sem sníða þjónustu sína að þörfum erlendra sjúklinga.

Í alþjóðlegu samhengi má segja að Ísland standist samanburð á þessu sviði við það besta sem þekkist, en samkvæmt Euro Health Consumer Index frá árinu 2009 er Ísland í 3. sæti af 33 löndum sem eru að reyna að hasla sér völl í þessari grein. Samkeppnisforskot Íslands byggir öðru fremur á gæðum þeirrar heilbrigðisþjónustu sem starfrækt er hérlendis, sem talin er geta þjónað 2 milljónum íbúa.

Það kemur því ekki á óvart að margir hugi að atvinnurekstri á þessu sviði. Brýnt er að steinn sé ekki lagður í götu framtaks af þessu tagi enda fylgir því margvíslegur ávinningur. Á það ekki síst við um núverandi og tilvonandi heilbrigðisstarfsmenn, en undanfarna mánuði hefur æ oftar orðið vart við landflótta lækna og hjúkrunarfræðinga. Aukin eftirspurn eftir kröftum heilbrigðisstarfsmanna vegna heilsutengdrar ferðapjónustu ásamt getu til að greiða samkeppnishæf laun gæti komið í veg fyrir spekileka úr greininni.

2.3.3 Líftæknin er alls staðar

Mynd 2.7 Mynd úr Grænu smiðju ORF líftækni



Annar ört vaxandi atvinnuvegur sem m.a. nýtir afurðir náttúrunnar er líftækni. Árið 2007 voru starfandi ríflega 30 fyrirtæki í greininni allt frá lyfjaframleiðslu til sjávarlíffræði. Í hópi þeirra fyrirtækja sem hér er um að ræða má m.a. nefna ORF líftækni, dótturfyrirtæki þess Sif Cosmetics, Prókatín og Saga Medica eða Bláa Lónið.

Í skýrslu sem unnin var fyrir Samtök íslenskra líftækniyrirtækja árið 2007 var farið yfir möguleika Íslands á þessu sviði. Niðurstaða hennar var að líftækniklasi væri að myndast hérlendis og að hann þyrfti að efla enn frekar. Fyrirtæki í þessum geira væru arðbær til lengri tíma litið og tæknilega faguð sem gerði þeim kleift að auka verðmætasköpun með betri nýtingu auðlinda, framleiðslutækni og nýjum vörum. Þá töldu skýrsluhöfundar eitt megin samkeppnisforskot Íslands á þessu sviði felast í náttúruauðlindum landsins.

2.3.4

Fjölbreytt önnur starfsemi

Hér hefur verið tæpt á þróun og núverandi framlagi nokkurra þeirra atvinnugreina sem byggja á náttúru Íslands; ferðapjónustu og tengingu við heilbrigðisþjónustu, auk afmarkaðs þáttar hátækniíðnar sem nýtir náttúruna með allt öðrum hætti. Þessi umfjöllun er aðeins takmörkuð lýsing á þeirri fjölbreyttu

atvinnustarfsemi sem byggir á náttúru Íslands. Í orðsins fyllstu merkingu kennir þar fleiri grasa, allt frá menningartengdri ferðapjónustu og fjallagrasaræktun til líf-og erfðatækni á heimsmælikvarða.

2.4 Hafíð

2.4.1 Sjávarútvegur


Þrátt fyrir að landbúnaður hafi verið ráðandi grein á Íslandi fyrr á öldum þá gegndi sjávarútvegurinn lykilhlutverki í framþróun íslensks hagkerfis. Með vélvæðingu fiskveiðiflotans í upphafi 20. aldar og þéttbýlismyndun á svipuðum tíma þá jukust umsvif bæði á sjó og landi. Sjávarútvegurinn færðist í raun frá því að vera önnur megin atvinnugrein Íslendinga í að vera undirstöðugrein íslensks efnahagslífs.²

Sjávarafurðir hafa verið ráðandi hluti vöruútflutnings frá Íslandi um langan aldur. Samfara auknum veiðum um miðja síðustu öld jókst hlutdeild sjávarafurða af vöruútflutningi. Undir lok 7. áratugarins nam hlutfall sjávarafurða tæplega 90% af vöruútflutningi. Það hlutfall hefur farið lækkandi undanfarin ár og nemur nú um 40%.

Áratugaofveiði, bæði íslenskra og erlendra útgerðavarið þess valdandi að helst unytjastofnar á Íslandsmiðum gáfu verulega eftir. Í kjölfar „svartra skýrsla“ Hafrannsóknarstofnunar (1975 og 1983) um ástand fiskistofnanna var horfið frá fiskveiðistjórnun sem byggði á óheftum aðgangi að auðlindinni. Með tilkomu kvótakerfisins árið 1983 og framsali aflaheimilda 1990 varð til það fiskveiðistjórnunarkerfi sem sjávarútvegurinn býr nú við. Í stað þess að útgerðirnar kepptu við hverja aðra um að veiða sem mest breyttust áherslur þeirra í að hámarka tekjur af hverju veiddu kíló og lágmarka sóknarkostnað. Samhliða

² Jón Þ. Þór, *Uppgangsr og barningskeið - Saga sjávarútvegs á Íslandi*, II bindi, 1902-1939.

Mynd 2.8 Stærð hrygningarstofns þorsks og veiddur afli á Íslandsmiðum




Þeirri þróun urðu til ýmsar stoðgreinar, sem byggðu á þeim hlutfallslegu yfirburðum sem íslenskur sjávarútvegur hefur á heimsvísu. Þrátt fyrir að þessi tæplega 30 ára saga hafi verið átakamikil, þá er mikilvægi sjávarútvegs óumdeilt og sú þekking og hugvit sem greinin býr yfir hefur orðið grunnur verðmætasköpunar umfram þau verðmæti sem fást beint úr hafinu.

2.4.2 Frá aflahæfni til arðbærar atvinnugreinar

Þann 20. mars árið 1984 var það samdóma álit sjómanna, útgerðamanna og fiskverkenda sem sóttu svokallaðan Sigtúnsfund að hin nýja fiskveiðistjórnun væri með öllu óhæf. Megin gagnrýni hagsmunaaðila á kvótakerfið var ágætlega lýst í grein formanns LÍU frá þessum tíma, en samtökin studdu tímabundna upptöku kerfisins, þar sem hann sagði: „Nú fá menn bréf í pósti frá ráðuneytinu um hvað þeir mega fiska í stað þess sem áður var að hver aflaði þess, sem honum var unnt.“³

Án þess að hér sé tekin afstaða til þess hvernig upphafleg úthlutun kvótans átti sér stað, þá var með breytingum á fiskveiðistjórnunarkerfinu lagður grunnur að ábyrgri auðlindanýtingu ásamt því að skapa arðbæra atvinnugrein. Flestar útgerðir höfðu verið reknar með tapi, nýting skipaflotans var lítil vegna fjölda skipa og of mikil vinnslugeta var í landi miðað við þann afla veiddur var. Árin á eftir var jafnframt losað um styrkjaumhverfi og beina opinbera íhlutan í greininni – Aflatryggingarsjóður, verðlagsráð og Ríkismat sjávarafurða voru lögð niður. Með breyttu skipulagi fiskveiða urðu til mikil verðmæti sem skilað hafa þjóðinni bættum lífskjörum.

Mynd 2.9 Eigið fé íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja




³ Aflamark á skip eða aflamark á fisktegundir, Morgunblaðinu fimmtudaginn 22. nóvember 1984

2.4.3 Hugvit eykur verðmæti

Á grunni þeirra atvinnugreina sem með einum eða öðrum hætti hafa byggt tilveru sína á sjávarfangi hefur orðið til yfirgripsmikil og fjölbreytt þekking. Þetta hugvit hefur verið nýtt til margvíslegrar verðmætasköpunar og í sumum tilvikum hafa orðið úr burðug fyrirtæki á alþjóðavísu. Í þeirri þróun skipti sköpum að fiskveiðistjórnunarkerfið ýtti undir fjárfestingar í bættri nýtingu og minni vinnslu- og útgerðarkostnaði. Hér má m.a. benda á Marel sem stofnað var 1983 utan um framleiðslu voga til að auka skilvirkni og framleiðni í fiskvinnslu. Sú saga hófst með starfi tveggja verkfræðinga við Háskóla Íslands en nú starfa hjá fyrirtækinu 2.200 starfsmenn í um 40 löndum.

Fjöldamörg önnur fyrirtæki hafa sprottið úr sama jarðvegi. 3X Technology, Hampiðjan, Trackwell, Valka og Promens eru aðeins nokkur þeirra tuga fyrirtækja sem framleiða og

Mynd 2.10 Árlegur vöxtur útflutnings í hátækni og öllum iðnaði



flytja út eigin vörur sem tengjast hafinu með einum eða öðrum hætti. Þessi hópur fyrirtækja veitir ríflega eitt þúsund manns atvinnu og veltir samanlagt ríflega 25 m. kr. líkt og er rakið í kafla Þórs Sigfússonar hér að neðan.

Íslenskur sjávarútvegur nýtur mikillar virðingar erlendis enda er hann í fremstu röð hvað aðferðarfræði og tækni varðar. Íslendingar hafa ekki efni á að þjóðin dragist þar aftur úr. Íslenskur sjávarútvegur er í raun sjálfstæð söluvara sem getur fleytt þeim fyrirtækum sem herja á markaði erlendis langan veg.


2.4.4 Verðmæti veiða, vinnslu og þekkingar

Tekjur hins opinbera af rekstri útgerða á Íslandi, vinnslu afurða og sölu þeirra námu um 16 milljörðum króna árið 2009 ef litið er til greiddrar staðgreiðslu, tryggingargjalds og tekjuskatts. Er það um helmingur af tilkostnaði ríkisins vegna reksturs Landspítalans á þessu ári eða rétt rúmlega heildargreiðslur ríkissjóðs til landbúnaðar- og sjávarútvegsráðuneytisins.

Þá verða að auki greiddir rúmir 2 ma. kr. í veiðigjald á yfirstandandi ári, en frá árinu 2004 hafa tæpir 8 ma. kr. skilað sér til ríkissjóðs í því formi. Útflutningsverðmæti sjávarafangs, sem hefur verið um 1,7 milljónir tonna að meðaltali síðustu ár, nam um 220 m. kr. árið 2010 sem er um 40% af vöruútflutningi. Til að setja þetta í samhengi, þá er framleiðsla sjávarútvegsins á Íslandi tæplega þriðjungur á við samanlagða framleiðslu Evrópusambandslandanna 27 og ársframleiðsla hérlendis er um 10 tonn á hvern Íslending en innan ESB um 10 kg á hvern íbúa.⁴

Aukin verðmæti skapast svo á grunni hugvits. Sem dæmi um það má nefna árlegan vöxt útflutnings á hátækni-iðnaði, sem byggir m.a. á þekkingu í kringum nýtingu sjávarauðlinda, hefur vaxið um 36% á ári frá 1998 á meðan almennur iðnaður vaxið mun minna.

⁴ Greiningarskýrsla Framkvæmdastjórnar ESB, 24.2.2010

Mynd 2.11 Magn og verðmæti afla eftir skipstegund

2.4.5 Hagsmuni heildarinnar að leiðarljósi

Takmarkaðar auðlindir hafsins og sú þekking sem hefur skapast við nýtingu þeirra hafa samkvæmt þessu ekki aðeins þýðingu fyrir þær atvinnugreinar sem þar um ræðir, heldur lífskjör í landinu öllu. Sátt um þær leikreglur sem lúta að stjórn á nýtingu auðlindarinnar er því mikilvæg. Í umræðu um fyrirkomulag fiskveiða þarf að hafa í forgrunni að Íslendingar hafa ekki efni á öðru en að hámarka afrakstur af fiskistofnum. Þetta er staðreynd sem of hljótt hefur verið um að undanförunu. Fiskveiðistjórnunarkerfið er ekki gallalaust og nauðsynlegt að huga stöðugt að endurbótum sem geta leitt til frekari hagkvæmni. Hugmyndir um að skipt verði um fiskveiðistjórnunarkerfi án þess að fyrir liggja annað sem er a.m.k. jafn hagkvæmt eru hinsvegar ábyrgðarlausar.

Töluvert hefur farið fyrir umræðu um upphaflega úthlutun kvótans hafi verið ósanngjörn. Þau sjónarmið eru skiljanleg, en úr vægi þeirra hefur dregið því ríflega 90% kvótans hefur skipt um hendur með kaupum og sölu síðan kvótakerfinu var komið á. Þessu tengt hefur verið fjallað um miklar heildarskuldir útvegarins, en þær námu ríflega 450 milljörðum krónar um mitt ár 2009. Um leið og ljóst er að margir fóru sér of geyst í lántöku fyrir hrun þá eru nettó skuldir útvegarins um 320 milljarðar sem jafngildir tæplega þreföldu heildaraflavirði afla hvers árs. Í almennu samhengi rekstrar ættu þær skuldir ekki að vera óyfyrstíganlegar. Að lokum má nefna að skuldir sjávarútveg eru að mestu í erlendri mynt, í samræmi við tekjur. Því gæti takmarkað aðgengi útvegarins að erlendu lánsfé í umhverfi hafta og laskaðs bankakerfis skapað vandamál. Ný peningastefna og annar gjaldmiðill gætu haft jákvæð áhrif þar á.

Að lokum hefur umræða um fiskveiðistjórnunarkerfið tengst byggðasjónarmiðum. Margar byggðir hafa farið illa út úr hagræðingu og tækniþróun innan greinarinnar undanfarna áratugi, sem leitt hefur til fækkunar skipa, fiskverkana og starfa. Þorskveiðiaflinn er enn langt undir því sem var á Íslandsmiðum áratugum saman og hefur aflasamdrátturinn komið illa niður á fámennum þorpum sem eiga afkomu sína undir veiðunum. Áhyggjur vegna þessarar þróunar eru skiljanlegar og reynt hefur verið að bregðast við með úthlutun byggðakvóta. En reglur um takmarkanir á veiðum og framsal aflaheimilda voru teknar upp af hagkvæmnisástæðum sem hafa sannað gildi sitt. Því er það vond lausn fyrir veikar byggðir sem felst í að grafa undan hagkvæmni í sjávarútveginum. Það fyrirkomulag sem Íslendingar hafa á fiskveiðum hefur vakið athygli og margar þjóðir horfa hingað til fyrirmynda um breytingar á þeirra fiskveiðistjórnunarkerfum, m.a. Evrópusambandið.

2.5 Orkan

Ríkulegar orkuauðlindir hafa á síðustu áratugum skapað veruleg verðmæti í íslensku samfélagi. Áhugi á nýtingu þeirra hefur verið til staðar frá því að iðnvæðing hófst á Íslandi, eða frá upphafi síðustu aldar. Rafallinn í fyrstu vatnsaflsvirkjunina var gagnsettur 12. desember 1904 við Hamarskotslæk í Hafnarfirði og skilaði hann 6kW og sá um að raflýsa 16 hús. Fyrsta fallvatnsvirkjunin var svo gangsett árið 1921 þegar Elliðaárnar í Reykjavík voru virkjaðar og rafmagni hleypt á Reykjavík.


Um miðja síðustu öld voru komnar upp smávirðjanir um allt land í hundraðatali. Landsvirkjun var svo stofnuð árið 1965 og fyrsta stórfamkvæmdin á þessu sviði varð með Búrfellsvirkjun árið 1969, sem sjá átti álverinu í Straumsvík fyrir rafmagni. Annar stórkaupandi íslenskrar orku, á eftir álverinu í Straumsvík, var svo Járnblendifélagið. Stærsta stökkið í orkuvinnslu var tekið með tilkomu Kárahnjúkavirkjunar árið 2007, sem framleiðir um 690MW eða sem nemur tæplega 115 þúsund virkjunum á borð við þá sem reist var árið 1904.

2.5.1 Fjölbreyttari nýting en áður

Á þeirri rúmlega öld sem liðin er frá því að fyrsti rafallinn var gangsettur í Hafnarfirði hafa verðmæti orkulinda orðið æ ljósari. Þessar lindir, sem áður sáu kannski einu bæjarfélagi fyrir rafmagni, skila nú fimmfaldri þeirri raforku⁵ sem innlendir aðilar nota, bæði almenningur og atvinnulíf, utan stóriðju. Vel hefur gengið að vinna verðmæti fyrir þjóðarþúið úr orkunni og ekki síst undirbyggja frekari verðmætasköpun til lengri tíma. Hér eins og annars staðar þarf þó að stíga varlega til jarðar og ávallt hafa heildarhagsmunni að leiðarljósi, enda um takmarkaða auðlind að ræða þó hún sé að miklum hluta endurnýjanleg.

Á þessari rúmu öld hefur nýting orku hérlendis í grófum dráttum tekið á sig þrjár myndir. Fyrstu áratugin var komið upp fjölda lítilla virkjana hér og þar um landið til að rafvæða sveitir og bæjarfélög. Á 7. áratug síðustu aldar óx svo hlutdeild færri og stærri aðila, hinnar svokölluðu stóriðju, í nýtingu orkunnar.

Nú er landslag atvinnustarfsemi sem byggir á orkunýtingu aftur að breytast. Með tilkomu minni og fjölbreyttari verkefni á borð við gagnageymslu eða framleiðslu aflþynna og metanóls verður til virkari markaður með aukinni samkeppni á milli orkukaupenda. Þessi breyting, sem lýst er í nýlegum drögum að Orkustefnu fyrir Ísland, mun án efa styrkja rekstrargrunn fyrirtækja í orkuframleiðslu og sölu, bæta nýtingu orkukerfisins og auka fjölbreytni íslensks iðnaðar.



Mynd 2.12 Afl rafstöðva á Íslandi eftir uppruna orku

Umfram allt þarf hins vegar að skapa vissu meðal allra þeirra sem starfa í orkugeiranum um hvernig hið opinbera mun hlutast til um nýtingu auðlindarinnar á komandi áratugum. Stöðugleiki ýtir undir fjárfestingar og gerir langtímaáætlanir raunhæfar, en hvoru tveggja er forsenda frekari framþróunar í greininni.

2.5.2 Frá orkulind í auðlind

Þó óumdeilt sé að orkulindir Íslands séu verðmætar þá skapa þær einar og sér ekki mælanleg verðmæti. Það er ekki fyrr en þessar lindir eru nýttar að raunverulegur ábati skapast fyrir þjóðina. Í tilviki orkuviðnaðarins hófst sú verðmætasköpun vart af fullri alvöru fyrr en aðkoma stórnotenda skapaði umtalsverða eftirspurn eftir orkunni á viðskiptalegum forsendum.

Deildar meiningar hafa lengi verið uppi um hvort stefnumörkun ríkisins í þessum málum hafi verið rétt. Deilt er um hvort áhersla á stóriðju hafi skilað hámarks nýtingu og verðmætum úr orkuauðlindum landsins. Ljóst má vera að bæði staða orkugeirans hérlendis og alþjóðleg þróun hafa haft hér áhrif.

Tölurnar tala hér sínu máli. Orkufyrirtæki landsins hafa stækkað verulega. Frá aldamótum hefur raforkukerfið liðlega tvöfaldast að stærð, en framleiðslan hefur aukist úr 7 TWh á ári í 16,5 TWh. Eigið fé orkufyrirtækjanna hefur á sama tíma vaxið úr liðlega 80 mö. kr í um 300 ma. kr. og hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði hefur nær fimmfaldast, úr 12 í tæplega 60 ma. kr. á ári.⁶ Þessi mikla verðmætasköpun í orkugeiranum hefur fyrst og fremst orðið í krafti langtímaraforkusamninga.


Með hækkandi orkuverði á heimsvísu skapast ný tækifæri í orkuframleiðslu og eftir farsæla uppbyggingu orkugeirans hérlendis er staða Íslands til að nýta tækifærin góð.

2.5.3 Stoðgreinar verða til


Samhliða þróun orkuvinnslu hefur þeirri þekkingu sem skapast við nýtingu orkunnar verið fundinn farvegur í tengdum greinum. Þessi starfsemi hefur hins vegar vakið minni athygli. Álfyrirtækin ein kaupa þjónustu af um 700 öðrum íslenskum fyrirtækjum af öllum stærðum og gerðum.⁷ Mörg hver hafa sérhæft sig í því að þjóna álframleiðendum víðar en á Íslandi.

Nærtækasta dæmið er ráðgjöf á sviði verkfræði, en aðkoma innlendra verkfræðistofa hefur í gegnum árin farið vaxandi í

Mynd 2.13 Uppruni orku á Íslandi



Mynd 2.14 Raforkunotkun og -vinnsla á Íslandi



6 Upplýsingar fengnar hjá Þorsteini Víglundssyni, Samtök álfyrirtækja


7 Samtök álfyrirtækja

framkvæmdum við álver og virkjanir. Það sama má segja um íslenskan verktakaiðnað, sem hefur uppskorið næg verkefni á meðan framkvæmdir standa yfir og þar því orðið til umtalsverð þekking og verkreynsla.

Nærtækt dæmi er ráðgjöf á sviði verkfræði, en innlendar verkfræðistofur hafa í auknum mæli komið að framkvæmdum við álver og virkjanir. Það sama má segja um íslenskan verktakaiðnað sem aflað hefur sér umtalsverðar þekking og verkreynsla á sviði orkutengdra framkvæmda. Nú er svo komið að hönnun á vatnsafls- og jarðvarmavirkjunum, háspennulínnum, framleiðslutækjum og búnaði auk sérþekkingar í byggingar-starfsemi er orðin Íslendingum dýrmæt útflutningsvara.

2.5.4 Búum til orkusjóð

Mynd 2.15 Arðgreiðslugeta Landsvirkjunar



Heimild: Landsvirkjun

Viðbúið er að framlög orkuiðnaðarins til ríkisins muni aukast umtalsvert á næstu árum. Þar munar mestu um framtíðarhorfur í rekstri Landsvirkjunar og greiðslur félagsins til ríkisins. Forsvarsmenn fyrirtækisins áætla að ef raforkuverð á Íslandi þróast á svipaðan hátt og raforkuverð í Evrópu þá muni fyrirtækið árlega standa undir allt að 340 milljónum dollara greiðslu, eða um 40 ma. kr., í formi tekjuskatts til ríkissjóðs. Þá er staða fyrirtækisins jafnframt sú að arðgreiðslur geta orðið umtalsverðar eftir örfá ár.


Viðskiptaráð leggur áherslu á að þessum fjármunum verði ekki fundinn farvegur í hinu venjubundna fjárlagaferli og þeim þannig ráðstafað ár frá ári, með tilheyrandi þensluhvetjandi áhrifum. Þvert á móti ættu stjórnvöld að ákveða nú að þessum fjármunum verði fyrst og fremst varið „utan“ hefðbundins gangverks hagkerfisins og

þannig nýttir til að styðja við efnahagslegan stöðugleika.

2.6 Innviðir og umgjörð


Hér að framan hefur verið fjallað um þær öflugu grunnstoðir verðmætasköpunar og lífskjara sem Íslendingar búa við. Aðdráttarafli þeirra er hinsvegar takmarkað nema að öðrum forsendum uppfylltum, en sú mikilvægasta er að hér séu til staðar traustir innviðir og sú heildarumgjörð sem krafist er af nútímalífsháttum. Verslunar og þjónustugeirinn

Mynd 2.16 Nafnbreyting á veltu í verslun eftir vöruflokkum



Heimild: Hagstofan, Rannsóknarsetur verslunarinnar við Háskólann á Bifröst

Mynd 2.17 Hlutfallsleg skipting íslensks vinnuafis (1810-2008)




Heimildir: Hagstofan; útreikningar Viðskiptaráðs

er hluti þeirrar umgjörðar og forsenda verðmætasköpunar í efnahagslífinu. Af hagþróun Íslands undanfarin 150 ár má sjá að vægi verslunar og þjónustu hefur vaxið hratt samhliða fjölbreyttara framboði af ýmsum varningi. Hlutfeld verslunar og þjónustu í landsframleiðslu nam ríflega 40% árið 2009 og í greinunum starfa ríflega helmingur vinnuafis í um 10.000 fyrirtækjum. Eins og tölurnar bera með sér þá eru þessar atvinnugreinar stórir atvinnuveitendur og jafnframt uppspretta mikilvægra skatttekna fyrir hið opinbera.

Fjölbreytileiki bæði verslunar og þjónustufyrirtækja hafi aukist með hverjum áratugi sem liðið hefur. Skal það engan undra ef horft er á fjölda fermetra undir verslunarhúsnæði. Árið 2009 voru tæpir 1,2 milljónir fm, sem gera 3,6 fm á hvern Íslending, en fermetrafjöldinn hefur aukist um tæp 72% frá árinu 1999. Vöruúrval neytanda hefur vikið stóruávik og sömuleiðis sú þjónusta sem stendur til boða, hvort heldur sérfræðiþjónusta eða almenn.⁸

Mynd 2.18 Útflutningstekjur af upplýsingatækni



8 Rannsóknarsetur verslunarinnar við Háskólann á Bifröst


Þessu til viðbótar hefur árlegur vöxtur útflutningstekna fyrirtækja í upplýsingatækni frá miðjum níunda áratugnum verið umtalsverður. Árið 2009 nam heildarframlag hugverkaiðnaðarins af útflutningstekjum ársins um 20% eða sem samsvarar 150 mö. kr. Búið er við að það framlag aukist í 180-200 ma. kr. árið 2013.

Aðrir innviðir í íslensku samfélagi eru þar að auki traustir. Samgöngukerfi landsins hefur verið stórbætt á síðustu áratugum og samskiptakerfið er með því besta sem gerist. Fjöldi þeirra sem sótt hafa sér menntun hefur vaxið jafnt og þétt, heilbrigðiskerfið traust, þjóðin er ung, lífeyriskerfið er sterkt og auðlindirnar miklar. Menningar- og listalíf þjóðarinnar er öflugt og aðgengi almennings að menningarstarfsemi víðast gott. Íþrótt- og æskulýðsstarf er í blóma og almenn lífsgæði sem felast í öruggu umhverfi og hreinni náttúru eru talin sjálfsgöð.

Segja má að allar aðstæður séu í raun töluvert umfram það sem ætla mætti í jafn litlu og landfræðilega einangruðu hagkerfi og Ísland er. Séu atvinnutækifæri til staðar eru þessar góðu almennu aðstæður aðdráttarafli fyrir öflugt vel framtakssamt fólk. Aflvaki allra framfara er mannauðurinn og innviðir íslensks samfélags eru traustir og til þess fallnir að styðja við framfarasókn þjóðarinnar.

2.6.1 Samspil skapar verðmæti

Mynd 2.19 Verðmæti skapast á mörkum ólíkra stoða



Þessari yfirferð um grunnstoðir hagkerfisins – orkuna, náttúruna, hafið og mannauðinn – er ekki ætlað að vera tæmandi né er markmiðið að tíunda mikilvægi hvers þáttar. Miklu frekar er leitast við að varpa ljósi á það heildarsamhengi sem býr að baki atvinnulífínu og hvernig verðmæti verða til, annarsvegar á grunni ríkulegra auðlinda og hinsvegar þeirra þekkingar og frumkvæðis sem Íslendingar búa að.

Atvinnustarfsemi er hinsvegar ekki mörkuð af tilteknum atvinnugreinum eða þeim stoðum sem hér er lýst, heldur eru það tengingar af margvíslegu tagi sem skapa tækifæri og verðmæti til framtíðar. Fyrirtæki í ferðaþjónustu innanlands byggja afkomu sína jafnt á flugfélögum sem koma ferðamönnum til landsins, áhugaverðri náttúru, orkuauðlindum og ágætu orðspori Íslands í heilbrigðismálum. Þessar tengingar ber að rækta og mikilvægt að þeir sem hlutast til um uppbyggingu atvinnulífs hafi ávallt í huga

heildarsamhengi rekstrar fyrirtækja eða atvinnugreina. Þröngt afmarkaðar ákvarðanir hafa oft og tíðum meiri áhrif en ráð er fyrir gert og geta auðveldlega truflað það samspil sem skapar tækifæri til verðmætasköpunar og aukinnar velferðar.





3 Hvar liggja tækifærin?


Hér að framan hefur með almennum hætti verið fjallað um grunnstoðir íslensks hagkerfis og þá atvinnustarfsemi sem á þeim hvílir. Tækifæri til verðmætasköpunar liggja víða, en þau byggja ekki síst á tengslum ólíkra atvinnugreina og uppbyggingu klasa, þar sem fyrirtæki styðja hvert við annað, t.d. með samnýtingu þekkingar á sem flestum sviðum.

Í aðdraganda Viðskiptaþings stóð Viðskiptaráð fyrir viðhorfskönnun meðal stjórnenda í íslensku atvinnulífi, m.a. um það hvar þeir sæju helst tækifæri til verðmætasköpunar á næstu 10 árum. Flestir töldu slík tækifæri helst felast í orkuauðlindum, ýmist í frekari vinnslu vatnsafls og jarðvarma eða aukinni verðmætasköpun á grunni núverandi vinnslu, með hækkun orkuverðs og nýtingu í smærri, en mögulega arðbærari verkefni. Tækifæri í ferðaþjónustu, aukin sjósókn, aukin vinnsla afurða og tengd starfsemi á borð við fiskeldi voru stjórnendum einnig ofarlega í huga. Þó þessi svör endurspegli hefðbundnar áherslur á auðlindanýtingu, þá er greinilegt að tækifæri til verðmætasköpunar á grunni þekkingar er forsvarsmönnum atvinnulífs ofarlega í huga. Þar var horft til hugverkageirans, nýsköpunar og tækniframfara sem og sókn í aukna þekkingu.

Þessi svör endurspeglu bæði sögulegt mikilvægi auðlinda Íslands í uppbyggingu atvinnustarfsemi þjóðarinnar en einnig þær breytingar sem orðið hafa á síðustu áratugum með aukinni áherslu á verðmætasköpun sem byggir á þekkingu og hugviti. Íslenskt samfélag hefur hingað til byggt á þessum fjórum grunnstoðum - náttúru, orku, hafi og mannauði – og tækifæri framtíðarinnar munu gera það einnig, þó innbyrðis vægi stoða og eðli atvinnustarfsemi kunni að breytast.

Það eru þessi tækifæri sem eru til umfjöllunar hér. Þó ber þess að geta að kaflanum er á engan hátt ætlað að gera tæmandi skil á þeim fjölbreyttu tækifærum sem íslensku atvinnulífi stendur til boða á næstu árum og áratugum. En til að endurspeglu fjölbreytta möguleika fékk Viðskiptaráð nokkra valinkunna

Mynd 3.1 Úr viðhorfskönnun Viðskiptaráðs meðal forsvarsmanna fyrirtækja



fulltrúa íslensks atvinnulífs og til að horfa fram á veg og reifa sínar skoðanir á möguleikum þess og um leið íslensks samfélags.

Markmiðið með efnistöfum þessa kafla er fyrst og fremst að vekja upp umræðu um þau fjölbreyttu tækifæri sem við blasa. Tíminn einn mun leiða í ljós hver þeirra verða nýtt, en ljóst er að af nóg er að taka. Það gefur tilefni til bjartsýni.

3.1 Náttúran

Ísland er líklega best þekkt fyrir fyrri náttúru sína og á þeirri sérstöðu má segja að vörumerki landsins hafi verið byggt og um leið mikilvægar atvinnugreinar sem borð hafa uppi verðmætasköpun landsins. Landbúnaður og ferðaþjónusta er dæmi um greinar sem byggja á nýtingu náttúru landsins, þótt með ólíkum hætti sé. Þær eiga það þó sameiginlegt að vera háðar þeim gæðum sem náttúran gefur af sér.

3.1.1 Landbúnaður á Íslandi

Frá því land byggðist hefur landbúnaður verið órjúfanlegur hluti af búsetu á landinu. Þrátt fyrir minni umsvif landbúnaðar á síðari áratugum hefur ákveðnum hefðum verið haldið við og greinin nýtt sér hreina náttúru landsins sem undirstöðu framleiðslu og markaðssetningar. Tekist hefur að byggja upp jákvæða ímynd fyrir einstakar afurðir, t.a.m. íslenskt lambakjöti til matar eða hesta til útreiða og útflutnings.

Ef marka má vörúrfval í verslunum virðist nýsköpun í landbúnaði hafa aukist til muna síðustu ár. Með tilkomu félags heimavinnsluáðila Beint frá býli, bændamarkaða eins og Frú Lauga og sveitamarkaða víða um land hefur aðgengi að landbúnaðarvörum batnað og afstaða neytenda til íslensks landbúnaðarar breyst. Að því gefnu að laga- og regluverk íslensks landbúnaðar vinni ekki gegn nýsköpun og vörupróun má ætla að framhald verði á þessari þróun í takt við aukna eftirspurn eftir vörum sem fara sem stysta leið frá uppruna til neytanda.


3.1.2 Ferðaþjónusta á Íslandi

Ört vaxandi straumur ferðamanna til Íslands í seinni tíð tengist kynningu landsins sem náttúruþerlu. Með nýsköpun í ferðaþjónustu á síðustu árum hefur fjöldi kosta sem í boði eru aukist. Auk hefðbundinnar ferðamennsku er boðið upp á mismunandi áherslur, allt frá ferðum sem byggja á ævintýramennsku eða iðkun útivistargreina, ljósmyndun, menningu til ferða með áherslu á umhverfi eða heilsubót. Ferðaþjónustan þarf á næstunni að bregðast við því hversu álag á helstu náttúruþerlur er orðið mikið og hversu stutt háannatímabilið er. Tækifærin felast í því hvernig tekst að leysa þessi viðfangsefni, t.a.m. með því að stýra álaginu betur, þróa ferðamennsku yfir vetrartímann og með því að laða að ferðamenn sem skilja eftir sig aukin verðmæti fyrir íslenskt hagkerfi.

3.1.3 Heilsutengd ferðaþjónusta

Sú grein ferðaþjónustunnar sem mest hefur verið horft til sem vaxtarbrodds að undanfögnu er heilsutengd ferðaþjónusta. Fjöldmörg fyrirtæki hafa nýtt sér sérstöðu íslenskrar náttúru til að laða ferðamenn sem þurfa á heilsubót að halda, en nýting íslenskrar sérþekkingar og sérstöðu skapar hér mikil vaxtartækifæri fyrir ferðaþjónustuna. Sérstaklega fer heilsuferðaþjónusta vel saman við lausn þessa vanda sem aukið álag á ferðamannastaði hefur skapað, þ.e. að bjóða frekar þjónustu þar sem lögð er áherslu á gæði og þar af leiðandi hærra verð.

Mynd 3.2 Árlegur vöxtur í fjölda ferðamanna (1990-2008)



Heimild: OECD

Sóknarfæri innan ferðapjónustunnar

Ferðapjónustan stendur undir um 20% af gjaldeyriskjóm þjóðarinnar og sóknarfæri greinarinnar eru mikil. Það markmið hefur verið sett að hingað komi ein milljón ferðamanna á næstu árum. Til að ná því þarf aukinn árangur í vetrarferðamennsku og jafnari ferðamannastraum yfir árið. Núverandi innviðir ferðapjónustunnar munu vart hafa undan ef umrædd aukning ferðamanna verður eingöngu yfir sumartímann. Það er því ljóst að efla þarf bæði vörubrúun og markaðssetningu á erlendri grundu til að ná þessu markmiði, en það mun taka bæði tíma og útsjónarsemi.

Verðmætasköpun ofar magni

Hvað ef við snúum aðeins upp á ofangreint markmið og einsetjum okkur að hækka tekjur af hverjum erlendum ferðamanni í eina milljón að meðaltali í stað þess að fjölga þeim í milljón? Þannig mætti auka verðmætasköpun í greininni með öðrum leiðum en að fjölga ferðamönnum. Um leið má draga úr fyrir séðu álagi á náttúru landsins.

Tekjur af hverjum erlendum ferðamanni eru að meðaltali rúmlega 300 þúsund krónur í dag. Til þess að auka meðaltekjur af hverjum ferðamanni þarf markaðssetningu á Íslandi að vera hnitmiðuð og höfða til viðeigandi markhópa. Skilgreina þarf bæði viðfangsefnið en umfram það þarf aukið samstarf

aðila innan greinarinnar.

Heilsutengd ferðapjónusta skapar verðmæti


Sóknarfæri til að auka verðmætasköpun innan ferðapjónustu eru víða og meðal annars í heilsutengdri ferðapjónustu. Rannsóknir sýna að meðaltekjur af hverjum ferðamanni sem ferðast í þeim tilgangi að efla heilsu eru mun hærrí en meðaltekjur af almennum ferðamönnum. Full ástæða er því til að styðja við og leggja áherslu á þá grein ferðapjónustu ásamt því að skoða aðra möguleika á aukinni verðmætasköpun.



Bláa Lónið hefur sinnt forystuhlutverki í gjaldeyrisskapandi heilbrigðisþjónustu á undanförunum árum. Á hverju ári sækja tugir erlendra psoriasisjúklinga Bláa Lónið heim og dvelja hér á landi í allt að fjórar vikur í senn. Bláa Lónið undirbýr frekari markaðssókn á þessu sviði sem verður vonandi einnig hvatning til þeirra sem að undanförunu hafa verið að þróa frekara þjónustuframboð á þessu sviði t.d. lækningaaðgerðir.


Dagný Pétursdóttir, Bláa Lónið
Greinina í heild sinni má nálgast á: www.vi.is

Mynd 3.3 Fjöldi starfa í ferðapjónustu



Heimild: Hagstofan

Mynd 3.4 Hlutdeild ferðapjónustu í útflutningi og



Heimild: Ferðamálastofa

3.1.4 Hvar liggja tækifærin?

Með nýjum áherslum í ferðapjónustu og íslensku hugviti og frumkvæði má ná fram markmiðum um aukna verðmætasköpun í ferðapjónustu án þess að það leggi of miklar byrðar á náttúruþerfur landsins. Frumkvæði og nýsköpun eru þó ekki einu forsendur þess að markmiðin náist. Margvísleg skilyrði eru háð samvinnu fjölda aðila. Ríki, sveitarfélög og þeir sem starfa í ferðapjónustunni þurfa að leggjast á eitt til að hámarka verðmætasköpun í greininni og um leið vernda náttúruna fyrir miklum ágangi. Samstarf þarf að vera um vernd, aðgengi, sameiginleg markmið og markaðssetningu landsins út á við. Með verkefnum á borð við Ríki Vatnajökuls og Inspired by Iceland hefur verið sýnt fram á að þetta er hægt.

En náttúra Íslands leggur grunninn að fleiri greinum en þeim sem tengjast framleiðslu landbúnaðarafurða og ferðapjónustu af ýmsu tagi. Ekki er hér svigrúm til að taka þau til ítarlegrar umræðu, en það nægir að nefna hvernig ORF líftækni fléttar saman hugviti og kornrækt til framleiðslu sérvirkra próteina fyrir læknisfræðirannsóknir eða hvernig Villimey og Saga Medica nýta íslenskar lækningajurtir til framleiðslu á smyrslum og öðrum heilsutengdum náttúruvörum. Í þessum efnum eru ávextir landsins enn vannýttir.

Samtök um heilsuferðapjónustu

Aðilar innan Samtaka um heilsuferðapjónustu telja að til skemmri tíma litið séu möguleikar Íslands á sviði vellíðunarferðapjónustu (wellness) miklir en til lengri tíma felast líklega meiri möguleikar að tengja saman lækningar og ferðapjónustu (medical). Þar erum við skemmra á veg komin og sá þáttur er flóknari í uppbyggingu.

Samtökin leggja áherslu á að unnið verði að ímynd Íslands sem heilsulands með áherslu á hreina loftið, vatnið og náttúruna. Þá er mikilvægt að vinna að auknum gæðum í gegnum menntun starfsfólks, upptöku gæðaviðmiða og með styrkingu rannsókna. Þannig verða möguleikar heilsuferðapjónustu nýttir til fulls. Samtökin leggja mikla áherslu að efla þurfi þekkingu til að geta sótt fram.

Það er almenn skoðun að Ísland eigi mikla möguleika á sviði heilsuferðapjónustu og að margir vannýttir möguleikar liggja í samstarfi ólíkra aðila á sviði vörupróunar og markaðssetningar. Víða eru þróaðir innviðir þegar til staðar, en þar má nefna Bláa Lónið, Heilsustofnun NLFÍ í Hveragerði og Jarðböðin við Mývatn sem gefa möguleika til frekari sóknar.

Framtíðin í heilsutengdri ferðapjónustu

Samtökin sjá mikla möguleika í heilsuferðapjónustu – hún getur gegnt lykilhlutverki í að lengja ferðamannatímamann á Íslandi og að auka arðsemi greinarinnar. Ferðamenn sem koma vegna lækninga eða heilsubóta – eru minna háðir veðri og eru tilbúnir til að greiða fyrir aukna þjónustu. Ef vel tekst til getur Ísland því náð tveimur helstu markmiðum ferðapjónustunnar í gegnum heilsuferðapjónustu, að auka arðsemi og lengja tímabilið.

Ísland þarf að marka sér sérstöðu ef árangur á að nást á þessu sviði en sú sérstaða liggur í nánú samspieli náttúru, vellíðunar og heilsu. En til að ná markmiðum sínum þarf ferðapjónustan hins vegar að auka gæði, þekkingu, rannsóknir og samvinnu á sviði vörupróunar og markaðssetningar.

Magnús Orri Schram, Samtök um heilsuferðapjónustu
Greinina í heild sinni má nálgast á: www.vi.is



Sóknarfæri í heilbrigðisferðapjónustu

Vegna smæðar þjóðarinnar hafa Íslenskir læknar þurft að sækja sér framhaldsmenntun til útlanda. Í því samhengi er vert að minna handhafa pólitísku valds á að það er ekki fyrir þeirra tilstilli að hinir íslensku læknar hafa valið sér bestu menntastofnanir beggja vegna Atlantsála og víðar. Það er þetta fólk, sem hefur á eigin vegum og verðleikum aflað sér framhaldsmenntunar og valið að snúa heima til Íslands, sem hefur lagt grunninn að þeirri heilbrigðisþjónustu sem við viljum gjarnan stæra okkur af í alþjóðlegum samanburði. Í þennan suðupott þess besta sem þekkist í nútíma læknisfræði heimsins hafa síðan bæst aðrar vel menntaðar heilbrigðisstéttir sem hafa komið með réttu kryddin og gert heilbrigðisþjónustuna að því sem við höfum búið við.

Á síðustu áratugum hefur Íslendingum tekist að bæta við sem grunnstoð í þjóðskipulaginu mjög öflugri heilbrigðisþjónustu – að sumra mati þrátt fyrir kerfið en ekki vegna þess. Það er á þessari grunnstoð sem PrimaCare hyggst byggja upp þjónustu sem sniðin er að erlendum sjúklingum. Í alþjóðlegu samhengi geta Íslendingar sýnt fram á heilbrigðisöflfræði sem á sumum sviðum stenst samanburð við það besta sem þekkist.

Byggjum á traustum stoðum

Áform PrimaCare snúast um að nýta sérstöðu Íslands og Íslendinga og samvinna nokkra þá þætti sem styrkur okkar felst í. Með tilliti til þess markaðstækifæris sem viðskiptahugmyndin byggir á er staðsetning landsins mjög ákjósanleg, mitt á milli austurstrandar Bandaríkjanna og Norður-Evrópu. Eins og einn erlendur viðmælandi hafði á orði munu „misvitrar ákvarðanir Íslenskra stjórnámalamanna a.m.k. ekki megna að breyta legu landsins“. Afmörkuð, viðurkennd og vel skilgreind hágæða læknisþjónusta á mjög samkeppnishæfum verðum, þar sem áhersla verður lögð á heildarlausn fyrir viðkomandi sjúklinga og aðstandendur er einn af styrkleikum verkefnisins.

Íslendingar hafa búið við það lán og borið til þess gæfu að læra á landið og auðlindirnar. Það hefur

ekki verið þroutalaust og deilt hefur verið um aðferðirnar. Stoðirnar hafa ekki verið margar en þær hafa verið traustar og á þeim byggjum við nú í eftirleik hrunsins. Eftir því er kallað að finna nýjar leiðir og skjóta fleiri stoðum undir tilveru Íslendinga og framtíðar efnahag þjóðarinnar. Því virðist það skjóta skökku við þegar sumir gagnrýnendur þess að nýta sér þá stoð sem heilbrigðisþjónustan getur verið nýjum hugmyndum um atvinnusköpun og gjaldeyrisöflun, tala gegn því að starfsemi þessi verði að veruleika. Oftar en ekki er málf lutningurinn settur fram á þann hátt að verið sé að vernda eitthvert tiltekið núverandi fyrirkomulag sem mikil hætta er talin á að líði undir lok ef hin nýja starfsemi kemst á laggirnar.



Það er eðlilegt að fara fram með varfærni og benda á hvar getur verið ástæða til að staldra við. Til þess er rökræðan. Finna leiðir til að leysa þau vandamál sem upp kunna að koma. Finna leiðir til að ýta undir nýjungar, auka fjölbreytni, fjölga tækifærum og gera það án þess að skaða aðra hagsmuni. Við höfum vitan til að varast og læra af. Við höfum vel menntað fólk sem hefur aukið við kunnáttu sína bæði í ríkisrekrum og einkarekrum háskólum hérlandis sem erlendis. Sá grunnur er traustur og ekki er að sjá að annað formið sé marktækt betra en hitt. Því ættum við að vera vel í stakk búinn til að taka upp jákvæða rökræðu um ný tækifæri og finna leiðir til að leysa úrlausnarefni. Það hlýtur að vera æskilegra ef hægt er að gera það á annan hátt en að reyna að koma í veg fyrir að ný tækifæri verði að veruleika. Framþróun hefur aldrei byggt á úrtölröddum og þeim sem tala kjark úr fólk.

Gunnar Ármannsson, Primacare
Greinina í heild sinni má nálgast á: www.vi.is

3.2 Hafð

Sjávarútvegur hefur um langa tíð verið ein af grunnatvinnustoðum Íslands. Allt frá því að núverandi fiskveiðistjórnunarkerfi var sett á laggirnar hafa fiskveiðar ýtt undir aukna verðmætasköpun. Ef vel er haldið á málum og engar kollsteypur verða í nýtingarstefnu er nokkuð víst að hafð verður áfram ein af grunnstoðum atvinnulífs hér á landi. Hafð skilar þjóðinni svo miklum verðmætum til viðbótar við þau sem felast í fiskistofnunum. Miklar auðlindir aðrar er að finna á hafsbotninum og í sjónum og tæknigreinar sem rót eiga að rekja til nýtingar á sjávarafurðum sem hafa náð miklum árangri.


3.2.1 Hafð sem grunnstoð

Sjávarútvegur er, eins og rakið hefur verið hér að framan, ein helsta útflutningsgrein landsins og mikilvægi hennar augljóst. Þegar fjallað er um sjávarútveg koma veiðar og vinnsla fyrst upp í huga flestra. Þetta er grunnform sjávarútvegs sem staðið hefur að baki stórum hluta útflutningstekna Íslands síðustu áratugi. Ofan á þann grunn hafa svo byggst upp atvinnugreinar sem eru orðnar mikilvægur þáttur af íslensku atvinnulífi. Má hér nefna fullvinnslu sjávarafurða, framleiðslu tækja og véla til vinnslu sjávarafurða og ferðaþjónustugreinar líkt og stangveiði og hvalaskoðun. Allar þessar greinar hafa það sameiginlegt að byggja á því sem hafð gefur af sér og nýta það til frekari verðmætasköpunar.

3.2.2 Áframhaldandi uppbygging

Til þess að viðhalda þessari uppbyggingu í sjávarútvegi þarf margvíslegt að koma til. Þar er fjárfesting í sjávarútvegi og stöðuleiki til lengri tíma lykilatriði. T.a.m. hafa Norðmenn um árabil nýtt sér þá þekkingu sem við búum yfir og fjárfest ríkulega í eigin sjávarútvegi. Þá

Mynd 3.5 Afli íslenskra fiskiskipa af öllum miðum eftir fisktegundum (1904-2008)




hafa mörg fyrirtæki jafnframt verið seld héðan til Noregs þar sem fjármagn er meira í greininni, t.a.m. Wisefish sem er hugbúnaðarfyrirtæki fyrir sjávarútveginn.

3.2.3 Samstarf í sjávarútvegi

Skort hefur á samvinnu meðal fyrirtækja sem nýta auðlindir sjávar, hvort sem litið er innan greina eða við stjórnvöld. Aukin samvinna þessara aðila er æskileg svo betur megi nýta sameiginlega krafta, fjármagn og rannsóknir, bæði í kjarnagreinum og tengdum. Möguleikar á bæði verðmæta- og atvinnusköpun eru miklir í sjávarútvegi, aukin hagræðing, nýsköpun, markaðssókn og tækniþróun eru lykjar að áframhaldandi framförum í greininni. Enn frekari vaxtamöguleikar eru síðan í afleiddum og tengdum greinum.

Mynd 3.6 Hlutfallsleg skipting vöruútflutnings frá Íslandi



Heimildir: Hagstofan; útreikningar Viðskiptaráðs

Samstarf og þekkingarsmit er grundvöllur vaxtar í þessum greinum. Nýting á þeirri þekkingu sem orðið hefur til í kringum sjávarútveginn er grunnur að frekari uppbyggingu. Eftirfarandi dæmi gefur ágæta mynd af því sem hér er átt við. Trackwell er fyrirtæki sem býr m.a. til forðastýringar fyrir útgerðir sem miðla aftur reynslu sinni úr eigin atvinnugrein og af nýtingu hugbúnaðar Trackwell. Þetta getur Trackwell svo nýtt við frekari vöruþróun og að lokum útflutning á erlenda markaði. Þar nýtist tengslanet og markaðsstarf fyrirtækja úr tengdum greinum sem áður hafa farið sömu leið. Þetta er aðeins eitt dæmi af fjölmörgum um þekkingarsmit milli greina sem hefur verið nýtt til aukinnar verðmætasköpunar og hagræðingar, þannig byggist upp iðnaðurinn. Veruleg tækifæri liggja því í frekara samstarfi.

3.2.4 Hvar liggja tækifærin?

Ótalmörg dæmi eru um fyrirtæki hér á landi sem byggja rekstur sinn með einhverjum hætti á sjónum. Augljósu dæmin eru að sjálfsögðu þau sjávarútvegs og vinnslu fyrirtæki sem eru vel þekkt, t.d. Samherji, HB Grandi, Vinnslustöðin og Brim. Einnig eru fyrirtæki sem hafa byggt upp starfsemi sína á vinnslu sjávarafurða eins og Bakkavör og Icelandic. Þetta eru fyrirtæki sem flest eru orðin rötgróin samfélaginu og hafa um leið náð miklum árangri á alþjóðlegum mörkuðum. En þessi fyrirtæki hafa einnig smitað frá sér þekkingu og reynslu sem nýtist á öðrum vettvangi.

Má hér nefna fyrirtæki sem þróað hafa margvíslegan tækjabúnað fyrir sjávarútveg, eins og Hampiðjan, 3X Technology og Marel, sem herjað hafa á erlenda markaði með góðum árangri. Marel er dæmi um fyrirtæki sem hefur rutt brautina með lausnum sínum fyrir sjávarútveg og er það jafnframt gott dæmi um fyrirtæki sem hóf rekstur á ákveðnu sviði en hefur vaxið inn á önnur. Miðað við fjölbreytta flóru fyrirtækja eru góðar líkur á að fleiri muni fara sömu leið og Marel. Enn fleiri fyrirtæk, t.d. Naust Marine, Treckwell og Wisefish, starfa svo við tæknilausnir, bæði varðandi stýringu og hugbúnað.

Frekari vinnsla á sjávarafurðum hefur einnig verið að ryðja sér til rúms á síðustu áratugum. Aukin fullvinnsla gefur mikla möguleika á því að nálgast neytandann og auka þannig verðmæti þess afla sem berst á land. Roðið hefur verið nýtt til leðurgerðar fyrir

bæði fatnað og töskur hjá Arfleifð á Djúpavogi, íslenska fyrirtækið Penzim hefur unnið ensím úr þorski til nota í húðáburði, lýsi er unnið úr lifur fiska hjá fyrirtækinu Lýsi og Salka Seafood á Dalvík vinnur skreið fyrir Nígeríumarkað.

Þessari upptalningu mætti halda lengi áfram en ekki vinnst pláss til þess hér. Skilaboðin eru hinsvegar skýr, möguleikarnir og tækifærin eru ekki takmarkandi þáttur í uppbyggingu atvinnustarfsemi. Á traustum grunni, með jákvæðu fjárfestingarumhverfi, stöðugri stefnu stjórnvalda og góðu samstarfi þeirra sem nýta auðlindir hafsins má byggja upp enn öflugri þekkingar- og sjávariðnað hérlendis sem teygir anga sína langt út fyrir landsteinana.

Mynd 3.7 Íslenska sjávarklasaverkefnið hefur að það að markmiði að kortleggja alla starfsemi tengda hafinu í kringum Ísland. Myndin hér að neðan sýnir þá flokkun sem unnið er eftir. Starfsemi í sjávarklasanum er mjög víðtæk og tækifærin mikil ef greinin fær að búa við stöðugleika.



Hljóðlát starfsemi sem hefur mörg tækifæri til vaxtar

Tæplega 70 fyrirtæki eru starfandi á Íslandi sem framleiða og flytja út undir eigin vörumerkjum búnað fyrir greinar sem tengjast hafinu. Þetta er meðal þess sem kemur fram í heildstæðri úttekt sem unnið er að um umfang sjávarklasans á Íslandi. Aldrei áður hefur verið gerð jafn viðamikil úttekt á starfsemi tengdri íslenska sjávarklasnum. Haft hefur verið samband við nær öll tæknifyrirtæki í sjávarklasnum og upplýsingum safnað um veltu, útflutning, starfsmannafjölda og fleira. Það hefur farið lítið fyrir þessari fjölbreyttu flóru tæknifyrirtækja, sem eru staðsett víða um land, en tölur benda til þess að hér sé á ferðinni víðtækari starfsemi en áður var talið sem hægt og hljótt vex þrátt fyrir að mörgu leyti erfið skilyrði.


25 milljarða velta

Samkvæmt þeim tölum sem liggja fyrir er velta tæknifyrirtækja í sjávarklasnum um 25 milljarðar króna og þar af er útflutningur um tæplega helmingur þessarar upphæðar. Þessi fyrirtæki starfa að gerð veiðafæra, hönnun og framleiðslu fiskvinnsluvéla, fjarskiptabúnaðar, skynjaratækni, umbúða, upplýsingatækni og kælingu svo eitthvað sé nefnt. Starfsmenn í þessum fyrirtækjum, sem vinna í verkefnum tengdum sjávarklasnum, eru um 1.000 talsins. Unnið er að upplýsingaöflun um önnur tæknifyrirtæki í sjávarklasnum sem þjóna erlendum skipum, flytja út margháttða þjónustu eða stunda þriðjalandsviðskipti og fyrstu vísbendingar eru um að þar sé mun viðameiri starfsemi hérlendis en áður var talið.

Stærri fyrirtæki opna ný tækifæri

Meðfylgjandi myndir sýna fjölda fyrirtækja í tæknigeiranum í sjávarklasnum árið 1990 annars vegar og 2010 hins vegar. Athyglisvert er að nokkur fjölgun er í fyrirtækjum með 10-30 starfsmenn. Tæknifyrirtæki í sjávarklasnum hafa lengst af verið annað hvort mjög smá, með 2-5 starfsmenn, eða mjög stór á íslenskan mælikvarða. Í því sambandi má nefna Héðinn sem var með á fimmta hundruð starfsmanna á fimmta áratug síðustu aldar. Þarna er

þó að verða nokkur breyting þar sem fleiri meðalstór fyrirtæki, á íslenskan mælikvarða, hafa orðið til á þessu sviði á undanförunum áratug. Þarna kunna að liggja tækifæri sem vert er að gefa gaum.



Tækifæri og hindranir

Margir stjórnendur fyrirtækja í sjávarklasnum nefna sérstaklega að ímynd Íslands í öllu er við kemur hafinu sé mjög sterk og þeir nýti sér það fyrirtækjum sínum til framdráttar. Að sögn stjórnenda tæknifyrirtækjanna áttuðu þeir sig betur á því þegar útflutningur hófst að kröfuharður heimamarkaður reyndist þeirra besti heimanmundur þar sem íslenski tæknibúnaðurinn var vel samkeppnishæfur erlendis. Í viðræðum við stjórnendur tæknifyrirtækjanna kom fram að þeir sjá fyrir sér að vöxtur fyrirtækja þeirra geti numið að meðaltali um 8-10% á ári ef aðstæður, ekki síst hérlendis, eru hagfelldar þeirra starfsemi. Núverandi óvissa um kvótakerfið og framtíðarskipan í sjávarútvegi hefur dregið umtalsvert úr spurn eftir tæknibúnaði fyrir sjávarklasann hérlendis og því hefur útflutningur fyrirtækjanna aukist hlutfallslega meira. En það er ekki aðeins óvissa um framtíðarskipan í sjávarútvegi sem hefur sett strik í reikninginn. Stjórnendur tæknifyrirtækjanna benda einnig á að neikvæð umræða um sjávarútveg og kannski þekkingarleysi varðandi þau tækifæri sem felast í sjávarklasnum hafi haft neikvæð áhrif á fyrirtækin og dregið úr áhuga ungs fólks á að stofna nýsköpunarfyrirtæki á þessu sviði.

Fáir nýgræðingar í sjávarklasnum á síðustu árum

Í þessu samhengi má nefna að af þeim tæplega 70 fyrirtækjum sem bjóða tæknibúnað í tengslum við sjávarklasann er bróðurpartur þeirra stofnuð á síðustu tuttugu árum. Athygli vekur að á árunum 2008-2010 var einungis eitt tæknifyrirtæki stofnað samkvæmt þeim gögnum sem aflað hefur verið. Þetta var á þeim tíma þegar gríðarleg fjölgun varð í stofnun nýsköpunarfyrirtækja hérlendis. Stöðnun í fjölgun

nýgræðinga í sjávarklasnum er alvarleg vísbending um að eitthvað sé að og vekja þurfi upp áhuga á þeim tækifærum sem felast í greininni.

Krossgötur

Tæknifyrirtæki í íslenska sjávarklasnum standa á krossgötum. Þessi fyrirtæki hafa ekki verið fyrirferðamikil í umræðu um nýsköpun og tækifæri til vaxtar. En fyrirtækin stækka og útflutningur eykst. Með


stöðugleika í umhverfi sjávarútvegs, auknum skilningi og áhuga á þeim tækifærum sem í sjávarklasnum felast og samstarfi milli fyrirtækjanna geta þau lagt grunn að bættum lífskjörum og skapað hundruð vel launaðra starfa á þessum áratug.

Þór Sigfússon, hagfræðingur

Greinina í heild sinni má nálgast á: www.vi.is


Mynd 3.8 Sjávarklasi í þróun

Velta í USD



Heimild: Þór Sigfússon

Velta í USD



3.3 Orkan


Allt frá tímum Fossafélaganna (Skjálfandi, Gigant, Títan og Ísland) hafa orkumál verið í brennidepli hér á landi. Ísland ræður yfir miklum orkuauðlinum og hefur nýtt þær vel til uppbyggingar iðnaðar hér á landi. Þótt orkuvinnsla sé ein af grunnstöðum atvinnulífsins í dag þýðir það ekki að svo verði um ókomna tíð. Það er því mikilvægt að vanda vel allar ákvarðanir um nýtingu þessarar mikilvægu og verðmætu auðlindar. Langtímasjónarmið þurfa að ráða för.

3.3.1 Vöxtur í tengdri starfsemi

Furðu lítil athygli hefur beinst að þeirri tengdu starfsemi sem hefur vaxið og dafnað samhliða áliðnaði. Orkufrekar iðnaður er ekki eina afsprengi orkuframleiðslu hér á landi. Eins og með aðrar grunnstöðir þá hefur byggst upp fjöldinn allur af afleiddum atvinnugreinum sem rekja má til þessarar grunnstöðar. Það gefur auga leið að öll fyrirtæki notast við orku, í mis miklum mæli. Í umræðu um atvinnurekstur sem byggir tilvist sína á orkuvinnslu er átt við þau fyrirtæki sem orðið hafa til sérstaklega vegna orkuvinnslu eða í tengslum við orkufrekan iðnað.

Hér má sérstaklega nefna íslensk verkfræðifyrirtæki og verktakaíðnað. Mikil þekking hefur orðið til hérlendis í þessum greinum vegna stóriðjuframkvæmda, á borð við framkvæmdirnar í Straumsvík, á Grundartanga og á Reyðarfirði auk tengdra virkjanaframkvæmda. Í þeim mikla samdrætti sem orðið hefur í verklegum framkvæmdum hér á landi á undanfönum árum hafa íslensk verktakafyrirtæki jafnframt sótt í auknum mæli í verkefni erlendis. Reynsla þeirra af ofangreindum verkum hefur orðið til þess að styrkja fyrirtækin í þessari sókn á erlenda markaði. Í þessari þekkingu felast ýmis tækifæri þegar horft er til framtíðar. Áliðnaður er alþjóðlegur iðnaður og hafi fyrirtæki sannað sig í vörum eða þjónustu fyrir álfyrirtæki hér á landi eiga þau góða möguleika á að útvíkka starfsemi sína til áliðnaðar í öðrum löndum.

Mynd 3.9 Útflutningur áls (1968-2010)



Annað dæmi um möguleika í tengslum við innlandan áliðnað er ýmiss konar stoðþjónusta við iðnaðinn. Gott dæmi um slíkt eru fyrirtæki sem þjónusta álfyrirtæki og framleiðslufyrirtæki sem vinna með ál, t.d. Vélaverkstæði Hjalta Einarssonar, VHE, sem sinnir margvíslegri sérhæfðri þjónustu við öll álfyrirtækin þrjú. Hjá VHE starfa um 280 manns og u.þ.b. 100 hjá dótturfyrirtækjum félagsins. Stærstur hluti starfseminnar tengist áliðnaði. Upphaflega var um að ræða lausnir fyrir íslensk álfyrirtæki en með tímanum hefur fyrirtækið hafið útflutning á þessum búnaði og selt til fjölda álvera víða um heim.

3.3.2 Sónarfæri á grunni orku

Þó stærsti hluti orkunýtingar sé hjá áliðnaðinum í dag, eða rúmlega 75% af orkuframleiðslu landsins, þá eru álfyrirtæki og fyrirtæki sem með beinum hætti má rekja til þeirra, ekki einu aðilarnir sem byggja á grunni orku. Fjöldinn allur af fyrirtækjum, bæði stórnötendur orku sem og minni notendur, byggja starfsemi sína á því samkeppnisforskoti sem hrein og ódýr orka veitir.

Gagnaver falla í þennan flokk. Eitt slíkt, Thor Data Center, hefur hafið starfsemi sína hér á landi og fleiri eru væntanleg. Þetta er ánægjuleg viðbót í flóru fyrirtækja hér á landi sem byggja rekstur sinn á orku og heppilegum veðurfarslegum aðstæðum. Annað dæmi er líftækniyrirtækið ORF, sem nýtir sér bæði orkuframleiðslu og aðgengi að nægu vatni til ræktunar byggplantna. Einnig verður að nefna í þessu samhengi íslenska grænmetisframleiðslu. Gróðurhúsaræktun er orkufrek og einstakar aðstæður hér á landi gera okkur kleift að rækta grænmeti og ávexti sem að öðrum kosti væri ekki mögulegt af sömu veðurfarslegum og gera rekstur gagnavera hér fýsilegan.

Auðvelt er að nefna fleiri fyrirtæki sem byggja á þeim aðstæðum sem hér hafa skapast þó ekki teljist þau endilega til orkufreks rekstrar. Blá Lónið heilsulind í Svartsengi, Becromal aflþynnusverksmiðja á Akureyri eða Prokatin í Hveragerði. Viðhorfið til þessara fyrirtækja er eðlilega jákvætt og því ber að fagna að við búum að auðlindum sem hægt er að byggja á fjölbreytt atvinnulíf.


Tækifærin liggja því víða og ef rétt er að málum staðið eru hér miklir möguleikar í uppbyggingu margskonar iðnaðar sem nýtir hreina og endurnýjanlega orku. Gera má ráð fyrir að á næstu áratugum muni eftirspurn eftir grænni orku vaxa jafnt og þétt og

Sóknarfæri í íslenskum áliðnaði

Mikil uppbygging hefur átt sér stað í íslenskum áliðnaði á undanförunum 15 árum. Heildarframleiðsla hér á landi hefur aukist verulega og á síðasta ári skilaði íslenskur áliðnaður u.þ.b. 220 milljörðum króna í útflutningstekjur fyrir þjóðarbúið og um 100 milljörðum króna í hreinan vöruskiptajöfnuð. Til samanburðar er áætlaður vöruskiptajöfnuður ársins í heild um 120 milljarðar króna.

Þessi mikla uppbygging í áliðnaði hefur ekki verið óumdeild. Því hefur gjarnan verið haldið fram að þessi iðnaður skilji lítil verðmæti eftir hér á landi, raforkuverð til stóriðju sé of lágt og fjárfestingar í virkjunum standi ekki undir sér fyrir vikið. Það er því fróðlegt að líta á þessa atvinnugrein og sjá hvernig til hefur tekist.

Mynd 3.10 Útflutningsverðmæti áls



Heimild: Hagstofan

Í stuttu máli er áliðnaður orðinn einn af þremur undurstöðuatvinnuvegum þjóðarinnar, ásamt sjávarútvegi og ferðaþjónustu. Heildarútgjöld áliðnaðar hér á landi eru áætluð um 90 milljarðar króna á síðasta ári, fjöldi innlendra birgja er um 700, jafnt stórir sem smáir og um 1.800 starfsmenn starfa fyrir íslensku álfyrirtækin.

Það hefur því margt tekist vel í uppbyggingu þessa iðnaðar hér á landi á undanförunum áratugum. Tekist hefur að skapa nýja undirstöðuatvinnugrein sem mun skapa veruleg verðmæti hér á landi á komandi árum og áratugum. Þetta er dæmi um atvinnugrein sem ekki hefði orðið til hér á landi nema fyrir tilstilli beinnar erlendar fjárfestingar og samspili hennar við möguleika Íslendinga á sviði orkuframleiðslu.

Mikil framþróun í orkugeiranum fyrir tilstilli stóriðju



Í þeirri uppbyggingu sem orðið hefur í stóriðju hér á landi á undanförunum áratugum hefur mikil framþróun átt sér stað hjá íslenskum orkufyrirtækjum.


Þessi uppbygging hefur skilað umtalsverðri verðmætasköpun, en beint framlag orkugeirans til landsframleiðslu árið 2009 nam um 3,5%. Það er ljóst að ýmis tækifæri hafa skapast á grundvelli þessarar uppbyggingar fyrir innlendan orkuviðnað. Þau tækifæri liggja meðal annars í frekari orkuvinnslu. Tækifærin liggja þó ekki síður í nýtingu þeirrar þekkingar sem orðið hefur til á þessu sviði hér á landi á undanförunum árum.

Frekari úrvinnsla áls hér á landi

Allt frá tilkomu álversins í Straumsvík hefur verið rætt um möguleika á frekari úrvinnslu áls hér á landi. Enn sem komið er hafa þó sárafá verkefni orðið að veruleika á þessu sviði. Hér má þó ætla að ýmis tækifæri kunni að leynast.

Líkt og almennt á við um framleiðsluviðnað hér á landi hefur óstöðugt efnahagsumhverfi mögulega staðið slíkri uppbyggingu fyrir þrífum. Frekari úrvinnsla áls þarfnast mun minni orkunotkunar á hvert tonn en frumframleiðsla. Því er samkeppnisstaða Íslands ekki eins sterk hvað það varðar. Þá er þessi iðnaður með

Mynd 3.11 Hlutdeild í landsframleiðslu



Heimild: Hagstofan

hærrí hlutfallslegan launakostnað sem þýðir aftur á móti að hann verður háðari sveiflum í gengi íslensku krónunnar. Þessir þættir kunna að skýra takmarkaðan árangur á þessu sviði enn sem komið er.

Engu að síður eru ýmis tækifæri á þessu sviði. Hluti af framleiðslu Fjarðaáls eru álvírar sem framleiddir eru í steypuskála félagsins á Reyðarfirði. Uppi eru hugmyndir hjá innlendum fjárfestum að flytja fyrirtæki frá Noregi til Seyðisfjarðar sem sérhæfir sig í frekari vinnslu slíkra víra. Sú starfsemi myndi þá byggja að hluta á víraframleiðslu Alcoa á Reyðarfirði. Annað dæmi um frekari úrvinnslu er sú fjárfesting sem Rio Tinto Alcan í Straumsvík hefur ákveðið að ráðast í tengt straumhækkunarverkefni félagsins. Þar er ráðgert að hefja framleiðslu á svokölluðum boltum,

sem eru enn verðmætari afurð en barrarnir sem þar eru framleiddir í dag. Fyrirtækið mun verja um 16 milljörðum króna til þessa verkefnis og ráðgert er að framleiðsla þess verði að fullu komin yfir í bolta á árinu 2014.

Þá hefur Samál, Samtök álframleiðenda, ráðist í gerð hagkvæmniskýrslu fyrir álúrvinnslu hér á landi í samstarfi við Fjárfestingastofu. Ætlunin er að greina kosti og galla helstu úrvinnslugreina áliðnaðar hér á landi. Skýrslan mun vonandi nýtast Fjárfestingastofu í þeirri viðleitni sinni að laða hér að beina erlenda fjárfestingu.


Þorsteinn Víglundsson, Samtök álframleiðanda
Greinina í heild sinni má nálgast á: www.vi.is

mengandi orkugjafar verða dýrari í samræmi við þann kostnað sem mengun af þeirra völdum orsakar. Í þessari þróun eru mikil tækifæri, í orkuvinnslu, í orkusölu og í þróun margskonar iðnaðar sem nýtir þessa orku. Skýr stefna stjórnvalda, tryggur lagarammi og langtíma áherslur í nýtingu munu tryggja að fjármagn mun fást til frekari uppbyggingar í orkugeiranum. Um leið og þeirri óvissu sem undanfarið hefur ríkt í þessum málum er eytt má ætla að fjárfestar og frumkvöðlar láti hendur standa fram úr ermum. Tækifærin eru næg.

3.4 Þvert á stoðirnar

Tækifærin sem reifuð eru hér að ofan yrðu ekki til án færni, þekkingar og frumkvæðis þúsunda Íslendinga. Þessir eiginleikar, sem spretta af reynslu og menntun, stuðla að nýsköpun og samvinnu milli atvinnugreina og stoða sem er nauðsynleg til að hægt sé að byggja upp öflugan klasa. Á því byggir verðmætasköpun atvinnulífsins.

Mynd 3.12 Tækifærin liggja bæði innan stoðanna sem og þvert á þær



Umfjöllun um þau tækifæri sem til staðar eru gæti því aldrei orðið fullnægjandi nema með því að gera grein fyrir því hlutverki sem mannauður leikur í nýsköpun og þróun atvinnugreina. Hlutverkið tekur á sig margvíslegar myndir. Reynsla fyrri kynslóðar skapar verðmæti þeirrar næstu, aðferðafræði einnar atvinnugreinar nýtist annari á nýstárlegan hátt og verkefni sem misfarast verða efniviður í sígra framtíðarinnar. Hér á eftir er leitast við að bregða birtu á með hvaða hætti tækifæri af þessum toga verða til og skapa verðmæti, atvinnu og jafnvel nýjar atvinnugreinar.

3.4.1 Nýsköpun

Öflug nýsköpun getur af sér nýjar lausnir, ný fyrirtæki og nýja atvinnuöguleika, sem eru mikilvægir þættir í enduruppbyggingu hagkerfisins. Rík áhersla hefur verið lögð á að styðja við nýsköpun á síðustu misseri. Framboð á ráðgjöf og aðstöðu fyrir frumkvöðla er ágætt og hefur líklega aldrei verið meira. Auk Klaks og O2 sem fjallað verður um sérstaklega má t.d. nefna Innovit, Nýsköpunarmiðstöð Íslands - Impra, V6 Sprotahús, Hugmyndaráðuneytið, Hugmyndahús Háskólanna og Frumkvöðlasetrið Ásbrú. Þessu starfi hefur stundum verið líkt við ræktunarstöð fyrirtækja.


En til að vel sé verður fleira að koma til en ráðgjöf og aðstaða. Gott umhverfi fyrir nýsköpun byggir á stuðningi atvinnulífs og hins opinbera. Mikilvægasta aðkoma hins opinbera er í gegnum samkeppnisstyrki til rannsóknar og þróunarstarfs, t.a.m. úr Tækniþróunarsjóði, skattalega ívilnun auk þess að treysta þau almennu skilyrði sem öllum rekstri eru nauðsynleg. Þáttur atvinnulífsins og einkaaðila tengist hins vegar frekar fjárfestingum, viðskiptaþekkingu og tengslamyndun. Nokkrir fjárfestingasjóðir hafa þann tilgang einan að fjárfesta í nýsköpunarfyrirtækjum eða rannsóknum og þróun í atvinnulífinu.

Þrátt fyrir að vel hafi þokast á undanförunum árum á Ísland er enn nokkuð í land með að nýsköpunarumhverfi verði hér ásættanlegt. Með því að komið verði á fót hvatakerfi fyrir fjárfesta, t.a.m. í formi skattalegra ívilnana, væri stigið stórt skref í rétta átt. Drög liggja nú að því að það verði gert.

Ísland sem nýsköpunarland

Ísland veitir um 2,6% af landsframleiðslu í rannsóknir og þróun á ári hverju. Af þeim framlögum leggur atvinnulífið mest af mörkum. Með því að efla hvata til fjárfestinga og huga betur að úthlutunum úr samkeppnissjóðum, mætti auka framlög til rannsókna án þess að auka bein útgjöld úr ríkissjóði.

Mynd 3.13 Framlög til rannsókna og þróunar, hlutfall af landsframleiðslu



Héimild: OECD

Þó ríkisstyrkt nýsköpun eigi ekki að vera markmið eru samkeppnissjóðir þó mikilvægir, sér í lagi vegna smæðar hagkerfisins sem veldur því að erfiðara en ella er að finna áhættufjármagn. Með því að hvetja einkaaðila til fjárfestinga í nýsköpunarfyrirtækjum leggst nýsköpun til aukið fjármagn frá atvinnulífi í stað ríkissjóðs. Reynslan sýnir að slíkum fjármunum er vel varið.

Smíðja verðmætasköpunar

Árið 2008, í miðju fjármála- og efnahagshruni, var lagður grunnur að nýrri hugsun varðandi uppbyggingu í atvinnulífnum. Þetta var gert undir merkjum Klaks sem er fyrirtæki sem aðstoðar frumkvöðla og fyrirtæki í nýsköpun og verðmætasköpun. Hugsunin var, að ástæða þess að ekki fleiri vaxtarfyrirtæki dafna á Íslandi er að einhverju leyti vegna skorts á þekkingu á rekstri og uppbyggingu slíkra fyrirtækja. Fæstir átta sig á að sú hugmyndafræði sem því tengist er að mörgu leyti ólík þeirri hugmyndafræði sem hefðbundin viðskiptafræði byggir á, þetta er fræði sem byggir á sköpun en ekki hásmörkun. Hugsunin var að með frumkvæði, frumleika og framtíðarsýn einstaklinga væri hægt að búa til flóru af nýjum og áhugaverðum fyrirtækjum sem gætu skapað atvinnu og verðmæti á Íslandi. Verkefnið, sem unnið er í samstarfi við Háskólann í Reykjavík og Nýherja, var kallað Viðskiptasmiðjan – Hraðbraut nýrra fyrirtækja.

Frá stofnun hafa um sextíu fyrirtæki komið í Viðskiptasmiðjuna til skemmri og lengri tíma til þess að afla sér þekkingar á rekstri og uppbyggingu nýrra og ört vaxandi fyrirtækja. Mikilvægasti ávinningurinn felst hins vegar ekki í fjölda fyrirtækja eða fjárfestinga heldur þeirri hugmyndafræði og þekkingu sem frumkvöðlar og stjórnendur þessara fyrirtækja hafa öðlast. Vonin er að þessi þekking verði smám saman almennari og viðurkenndari og hafi þannig víðtæk áhrif.

Uppspretta tækifæra

Viðskiptasmiðjan er ekki eini magnari þessara hugmyndafræði en margir kölluðu eftir slíkrri sköpun í kjölfar efnahagshrunsins. Í sinni einföldustu mynd snýst grunnferli sköpunar um að nýta hæfni og þekkingu eða undirbúning annars vegar og aðstæður hins vegar sem uppsprettu tækifæra. Með frumlegri nálgun er hægt að tengja undirbúning og aðstæður og móta viðskiptahugmyndir og framtíðarsýn nýrra fyrirtækja. Oft eru það ólíklegar tengingar sem skapa áhugaverðustu tækifærin. ORF líftækni býr til ensím fyrir snyrtiðnaðinn með ræktun þeirra í byggi, Kerecis býr til gervihúð úr fiskroði og Carbon Recycling International framleiðir orku úr mengun frá stóriðju. Uppruni þessara fyrirtækja er skipulögð hugmyndavinna, rannsóknir og prófanir. Þetta er nýsköpun.

Árið 2010 flutti Háskólann í Reykjavík úr Ofanleiti 2 í Vatnsmýrina og eftir stóð tóm skólabygging. Ákveðið var að búa til kraftmikið umhverfi fyrir hagnýta fræðslu, sprotastarf og skapandi greinar og nýta þannig húsið áfram til stuðnings menntunar og nýsköpunar. Þetta eru markmið Sjálfseignastofnunar Viðskiptaráðs Íslands um viðskiptamenntun, sem verkefnið O2. Hugmyndin er að með samstarfi ólíkra aðila í húsinu verði til samfélag sem getur af sér nýstárlega tækifæri sem annars hefðu ekki orðið til. O2 getur þannig orðið leikvangur nýsköpunar í menntun á Íslandi.



Sú vinna sem tengist sprotafyrirtækjum á Íslandi eftir hrun fer ekki að skila verulegum arði fyrr en eftir 5 til 10 ár, tíma tekur að gera nýjar viðskiptahugmyndir að veruleika. Óþolinmæði Íslendinga gerir það stundum að verkum að við eigum erfitt með að byggja upp og hugsa til lengri tíma. Þyrpingar eins og O2 geta verið uppspretta nýrra viðskiptahugmynda og umbreytinga. Þær geta verið blandaðar eða einsleitar til þess að skila ávinningi en atriði að hugmyndafræðin sem leiðir einingarnar saman sé skýr sköpun. Þær þurfa líka að vera í stærra tengslaneti rannsóknna, fjárfesta, sérfræðinga, fjölmiðla og dreifleiða til þess að dafna sem kerfi. Þrátt fyrir talsverðan áhuga á nýsköpun á Íslandi og marga hagsmunaaðila er heildarmyndin flókin. Stofnanavæðing nýsköpunar mistókst og nú er nauðsynlegt að hugsa kerfið upp á nýtt með framtíðina að leiðarljósi.


Ný framtíðarsýn er að Klak sé verkvangur nýsköpunar atvinnulífsins. Hugmyndin er að búa til svipaðan farveg eins og búinn hefur verið til fyrir frumkvöðla sem vilja stofna eigin fyrirtæki, fyrir fyrirtæki, háskóla og stofnanir sem vilja nýta opna nýsköpun og aðra nýsköpunarferla til þess að skapa ný verðmæti og viðskipti. Forsenda þess að nálgunin skili árangri er að stærri fyrirtæki landsins taki þátt í verkefnum og hjálpi til við að byggja þennan verkvang og virkja hæfni og auðlindir sem fyrirtæki byggja á og búi til ný verðmæti. Slíkur verkvangur gæti haft mikil áhrif á sköpun atvinnu, þekkingar og verðmæta á næsta áratug.

Eypór Ívar Jónsson, Klak
Greinina í heild sinni má nálgast á: www.vi.is

3.4.2 Mennt er máttur

Gott menntakerfi er ein megin forsenda öflugs atvinnulífs og grundvöllur þess að hagkerfi nái að vinna sig út úr kreppu. Þetta á líka við á Íslandi, þar sem almenn sátt ríkir um að verðmætasköpun til framtíðar muni í ríkari mæli byggja á þekkingu. Grundvöllur slíkrar verðmætasköpunar er menntakerfi í góðum tengslum við atvinnulíf.

Mynd 3.14 Atvinnuleysi eftir menntunarstigi



Heimild: Hagstofan

Grunnur að framtíð


Í ljósi mikilvægis menntunar er það fagnaðarefni að útgjöld á Íslandi til menntastofnana séu með því hæsta sem þekkt meðal OECD ríkja. Íslendingar verja þannig tæplega 8% af landsframleiðslu í menntamál, eða tveimur prósentum hærra en meðaltal í OECD.

Þessar tölur segja þó aðeins hálfa söguna. Þó Ísland standi framarlega þegar kemur að fjárframlögum til menntakerfisins í heild, þá er því öfugt farið þegar litið er til háskólastigsins. Framlag til háskólamenntunar er aðeins 1,2% af landsframleiðslu, sem er töluvert undir


meðaltali OECD ríkja. Ísland er eina ríkið í OECD þar sem kostnaður á hvern háskólanema er lægri en kostnaður á hvern grunnskólanema.

Ýmsar ástæður geta legið þarna að baki, en að öllu óbreyttu er hætta á að Ísland dragist verulega aftur úr samanburðarþjóðum hvað varðar hlutfall háskólamenntaðs fólks. Í dag er hlutfall af háskólamenntuðum í hópi 24-35 ára undir meðaltali OECD ríkjanna. Vera má að vegna ríkulegra auðlinda og framboðs á vel launuðum störfum sem ekki krefjast mikillar menntunar hafi Ísland komist upp með að leggja minni áherslu á háskólakerfið

Mynd 3.15 Tekjur og gjöld hins opinbera að núvirði á hvern einstakling sem öðlast háskólamenntun, meðaltal OECD



Heimild: OECD


Mynd 3.16 Útgjöld til háskólamenntunar sem hlutfall af útgjöldum til grunnmenntunar (2007)

Heimild: OECD

en aðrar þjóðir sem fátækari eru af auðlindum. Ljóst er að frekari þróun í þessa átt mun skerða samkeppnishæfi hagkerfisins til lengri tíma, sérstaklega þegar íslenska hagkerfið grundvallast sífellt meir á verðmætasköpun sem byggir á þekkingu eða hugverki. Tækifæri atvinnulífs og hagkerfis í heild liggja því að hluta í eflingu menntakerfisins, ekki síst á háskólastiginu þar sem snertifletir fræðasamfélagsins og atvinnulífsins eru hvað mestir.

Atvinnu- og menntastefna

Kallað hefur verið eftir heildstæðri atvinnu- og menntastefnu hér á landi og um leið gagnrýnt að menntun svari ekki þörfum atvinnulífsins. Þar er sérstaklega vísað til skorts á tæknimenntuðu fólki til starfa í hugverkageiranum. Að auki hefur samstarf atvinnulífs og skóla ekki verið nægilegt, sérstaklega á sviðum tengdum íslenskri sérhæfingu, t.a.m. í áliðnaði og sjávarútvegi. Þarna hafa tækifæri til að byggja upp verðmæta sérþekkingu ekki verið nýtt nógu vel. Um leið og í því felst hættu að bregðast ekki við, t.d. á að fjöldi starfa tapist úr landi vegna skorts á tæknimenntuðu starfsfólki, þá felast í því tækifæri að efla menntun, sérstaklega á sviði tæknigreina. Þannig yrði stuðlað enn frekar að öflugu starfi í rannsóknnum og þróun.

Mynd 3.17 Brautskráningar á háskólastigi og doktorsstigi eftir sviði (1995-2009)

Heimild: Hagstofan

Menntun og hagvöxtur

Árið 1960 var landsframléiðsla á hvern íbúa í Finnlandi um 2/3 af því sem var á Nýja Sjálandi. Fjörutíu árum síðar höfðu hlutirnir snúist við: Tekjur á mann í Finnlandi höfðu þrefaldast og voru um fjórðungi meiri en á Nýja Sjálandi. Þær höfðu aukist um rúm 60%; árlegur hagvöxtur á mann í Finnlandi var að jafnaði 3% árin 1960-2000 en aðeins 1,2% á Nýja Sjálandi. Þetta undirstrikar þá staðreynd að hagvöxtur til lengri tíma er undirstaða að hagsæld og efnahagslegum lífskjörum þjóða; það er því afar mikilvægt rannsóknarefni í hagfræði að grafast fyrir um orsakabætti hagvaxtar.

Það sem hefur helst getað skýrt það hvers vegna hagvöxtur er svo misjafn milli landa eru atriði sem varða undirstöður efnahagslífsins – samfélagslegir innviðir á borð við vernd eignaréttar og frelsi í viðskiptum. Slík atriði geta skýrt mun á hagvexti í ýmsum þróunarríkjum og iðnríkjunum (OECD). Það hefur hins vegar reynst erfiðara að finna ástæður þess hvers vegna hagvöxtur getur verið svo misjafn sem raun ber vitni innan hóps iðnríkja þar sem grundvallaratriði sem þessi eru yfirleitt í góðu horfi. Ný rannsókn tveggja þýskra fræðimanna leiðir í ljós að menntun skiptir þarna höfuðmáli. Það kemur í ljós að sterkt samband er á milli hagvaxtar og árangurs í samræmdum alþjóðlegum prófum í stærðfræði, raungreinum og lestri sem lögð eru fyrir grunnskólanema. Fáar breytur aðrar virðast skipta miklu máli.

Ekki er rétt að taka þessar niðurstöður of bókstaflega – það er ólíklegt að það myndi skila miklum árangri að ná góðum árangri á samræmdum alþjóðlegum

prófum ef aðrir samfélagslegir innviðir væru í ólestri. Það má miklu fremur álykta sem svo að þessi mælikvarði nái að endurspegla marga aðra þætti, efnahagslega, menntunarlega og menningarlega, sem styðja við hagsæld og sé jafnframt samofinn slíkum þáttum. Ólíklegt er að lönd nái góðum árangri á þeim alþjóðlegu prófum sem um ræðir nema að samfélagslegir innviðir séu traustir og að vel sé gert á mörgum öðrum sviðum, þar með talið í menntun á framhalds- og háskólastigi.



Íslendingar hafa í gegnum tíðina verið nálægt meðaltali OECD ríkjanna í samræmdum alþjóðlegum prófum. Grunnskólar sem skiluðu betri árangri myndu því skila miklum efnahagslegum ávinningi hér á landi – fyrir utan þann menningarlega. En hvaða stefna í skólamálu er líkleg til að skila árangri? Við þessari spurningu er ekki til einfalt svar. Til dæmis er ekki marktækt samband milli þeirra fjármuna sem lönd verja til grunnskóla og árangurs á alþjóðlegum prófum – Ísland er eitt skýrasta dæmið um það. Rannsóknir benda hins vegar til þess að lykkillinn að betri árangri séu sterkari hvarar fyrir þá sem starfa í kerfinu til að standa sig betur. Þrjú atriði standa uppúr: Aukin samkeppni, aukid frelsi til ákvarðana hjá einstökum skólum, og að þeir sem starfa innan skólakerfisins og gera vel uppskeri í samræmi við það.

Friðrik Már Baldursson, Háskólinn í Reykjavík
Greinin í heild sinni má nálgast á: www.vi.is

Þekking – framtíð í fortíðinni

Þekking sem verður til úti í atvinnulífinu leikur ekki síður mikilvægt hlutverk en formleg menntun sem veitt er í skólum. Mikil verðmæti liggja í reynslunni og hana ber að virða, nýta og varðveita.

Erfitt er að mæla því í mót að verðmæti liggja í þeirri reynslu og þekkingu sem varð til í íslenska fjármálakerfinu á uppbyggingartíma þess. Það hvernig unnið er úr hrúnu mun hins vegar ákvarða hvort og hvernig sú þekking nýtist til verðmætasköpunar á Íslandi. Nauðsynlegt er að þeir sem brutu lög sæti ábyrgð, en verði því öfluga fólk sem starfaði af heilindum í íslenska fjármálageiranum gert kleift að nýta dýrmæta reynslu sína í fjármálageiranum eða á öðrum vettvangi er víst að ávinningur mun af hljótast.

Óhóflega dýr lexía íslenska bankahrunsins yrði þeim mun dýrari ef ekki verður leyflegt að læra af henni. Nokkurra ára gömul dæmisaga úr íslensku atvinnulífi sýnir glögglega að þetta er mögulegt, þ.e. að reynsla sem verður til í verkefnum sem ekki fara eins og til var ætlast, verður efniviður verðmætasköpunar næstu kynslóða.

Íslenska fjármálakerfið: Þekking sem ekki má glatast


Á síðustu tveimur áratugum þróaðist íslenskur fjármálageiri á miklum hraða frá gjaldeyrishöftum og opinberu eignarhaldi í þróaðan einkavæddan fjármálamarkað sem var nátengdur við alþjóðlega markaði. Þó hraður vöxtur og fjármálakrísa hafi orðið stærstu fjármálastofnunum landsins að falli má lítið land eins og Ísland ekki við því að þekking og reynsla starfsmanna í fjármálageiranum, og eflaust mun fleiri í tengdum atvinnugreinum, glatist. Innan íslensku bankanna var fólk með mikla þekkingu sem vann samviskusamlega og heiðarlega fyrir viðskiptavinum sína í verkefnum sem sköpuðu miklar tekjur fyrir þjóðarbúið. Mikilvægt er að læra af reynslunni og endurvekja það sem vel tókst til með og yfirfæra þá þekkinguna á ný svið með tíð og tíma.

Nú þegar á þriðja ár er liðið frá því að bankarnir hrundu þá er farin að koma skýrari mynd á það t.d. hvaða lánasöfn innan bankanna stóðust hremmingarnar vel og hver þeirra þöudu ekki kreppuna. Í þeim efnunum má ekki gleyma því að þetta var mesta fjármálakreppa sem riðið hefur yfir frá því að síðari heimstyrjöldinni lauk og í slíkum kreppum verða jafnvel vel rekin fyrirtæki fyrir miklu tjóni. Mörg dæmi má nefna sem sýna hvað gert var vel á tímum uppsveiflu í fjármálaheiminum. Þetta er þekking sem mikið vægi er í að halda hér á landi og nýta okkur til framdráttar.

Lánveitingar og önnur þjónustusala til fyrirtækja í sjávarútvegi utan Íslands heppnaðist vel. Á þessu sviði bjuggu íslenskir bankar yfir yfirburðaþekkingu í samanburði við flesta aðra banka í heiminum. Af því leiddi að þeir gátu veitt betri þjónustu og tekið upplýstari ákvarðanir í lánveitingum sínum og öðrum fjárfestingum. Það væri full ástæða fyrir bankana að endurvekja þessa starfsemi. Eins og fyrri daginn þá var það samkeppnisforskot sem fólst í þekkingu sem mestu skipti.

Vegna takmarkaðs fólksfjölda hafa íslensk fyrirtæki ávallt lagt á það áherslu að reyna að gera sem flesta

þjónustubætti eins sjálfvirka og hægt er. Þetta leiddi til þess að internet viðmót til einstaklinga jafnt sem fyrirtækja varðandi greiðslumiðlun, netbanka og aðra rafræna þjónustu er mjög framarlega á Íslandi. Þessi góða þjónusta er afsprengi mikilla fjárfestinga hjá fjármálastofnunum í hugbúnaðarþróun og í hugviti hugbúnaðarhúsa.



Þegar fjármálakerfið var að vaxa varð til mikil þekking og reynsla í að setja upp verðbréfaþing, rafræna verðbréfaskráningu, tengingu við alþjóðlegar verðbréfaskrár, gjaldeyrismarkað, alþjóðlega greiðslumiðlun og bakvinnslu á mjög skömmum tíma. Það er ljóst að uppbygging á öllum tæknilegum þáttum fjármálakerfisins með góðri samvinnu fjármálastofnana og hugbúnaðarhúsa tókst mjög vel.

Í viðskiptum er Ísland vel þekkt erlendis þegar kemur að helstu útflutningsgreinum landsins sjávarútveg og endurvinnanlegri orku. Það ætti því ekki að koma á óvart að íslenskar fjármálastofnanir náðu góðum árangri alþjóðlega í sérhæfðri fyrirtækjaráðgjöf og annarri fjárfestingabankþjónustu við þessar atvinnugreinar. Yfirgnæfandi meirihluti verkefna bankanna erlendis tengd þessum atvinnugreinum hafa staðist öll áföll í gegnum hina alþjóðlegu fjármálakrísu.

Við uppbyggingu fjármálakerfisins voru lausnir sem áttu við á margfalt stærri mörkuðum en þeim íslenska oft mjög kostnaðarsamar og nokkuð óhentugar fyrir lítinn en þróaðan markað. Því fór mikil vinna í sérsmíði á kerfum og aðlögun að íslenskum aðstæðum. Margar og verðmætar lausnir urðu til hér á landi. Þessar lausnir mætti nú nýta í löndum þar sem sambærileg vinna fer fram eða við að gera eldri lausnir hagkvæmari.

Ónefnd starfskona fjármálastofnunar

Arfleifð OZ

OZ er gott dæmi um mikilvægi nýsköpunar þar sem sú þekking og reynsla sem verður til, leitast við að viðhalda sjálfri sér, og endurnýjar sig við breyttar aðstæður. Jafnvel má halda því fram að í hugbúnaðargeiranum hafi ævintýrið OZ markað upphaf nýsköpunarferlis sem enn er ekki séð fyrir endann á.

OZ sýndi fram á að á Íslandi væri hægt að byggja upp fyrirtæki í hugbúnaðarþróun á mjög metnaðarfullum hugmyndum. Reynsla þeirra sem unnu hjá og fylgdust vel með OZ er þó líklega mikilvægasta afurð fyrirtækisins. OZ sýndi fram á að nýsköpun í hugbúnaðarþróun var raunhæfur möguleiki um leið og það veitti þátttakendum dýrmæta reynslu í því hvað þarf að gera til þess ná árangri. Reynslu sem OZ nýtti sér sjálft til þess að stofna nokkur sprotafyrirtæki og starfsmenn þess gerðu einnig síðar.

Upphafið

Í upphafi var OZ dæmigert srotafyrirtæki. Það er stofnað af nokkrum guttum (um og undir tvítugu) sem voru í raun með frekar ónákvæma áætlun. Kannski ofsögum sagt að kalla það áætlun, það var meira löngun til að reka fyrirtæki sem nýtti sér nýjustu tækni til samskipta. Það sem vann aðallega með þeim var drifkraftur og óbilandi trú á að allar dyr stæðu opnar og að allt væri mögulegt.

Fyrstu árin könnuðu þeir þrívíddartæknina og sáu fyrir sér hvernig hægt væri að nota hana á vefnum. Meðan allir voru enn með innhringimótöld var þetta gríðarlega framsýn hugsun. Þeir unnu þrívíddarverkefni fyrir bæði Intel og Ericsson og í framhaldi af því tókst þeim að selja Ericsson þá hugmynd að samskipti á internetinu væru framtíðin.

Hugbúnaðarþróun

Ein forsenda árangurs OZ þegar á leið var fjármögnunin eða öllu heldur aðgangur að polinmóðu fjármagni. Fjármögnun var skilgreind sem forsenda þróunar, og nauðsynlegur hluti af rekstri og viðgangi fyrirtækisins.

Hugbúnaðarframleiðsla OZ var að mestu rekin fyrir erlent fé og megin hluti þess kom frá Ericsson sem greiðslur fyrir þróunar- og rannsóknarvinnu. Þetta

var aðeins eitt af mörgum sambærilegum rannsóknar- og þróunarverkefnum Ericsson sem beindust að því að þróa nýja tækni og nýta tækni á nýjan hátt. Ericsson áleit slík verkefni og fjárfestingu nauðsynlega til að viðhalda samkeppnisforskoti sínu og vera í nánnum tengslum við nýjustu og framsæknu hugmyndastraumana.



Framlag Ericsson var ekki eingöngu í formi peninga til að fjármagna framleiðsluna heldur var um eiginlegt samstarf að ræða þar sem starfsmenn Ericsson miðluðu af reynslu sinni af því að koma hugmynd í gegnum vöruþróunarferli. Þarna lærðu starfsmenn OZ þann aga sem þarf til að skila gæðahugbúnaði sem hannaður var fyrir mikla notkun. Slíka reynslu er nánast ómögulegt að öðlast á örmarkaðnum Íslandi.



Stórfyrirtæki reka svona verkefni í hundraðavis um allan heim. Fyrir þeim er það ekki tiltökumál að flest þessara verkefna ganga aldrei upp eða að þau séu látin víkja þegar hart er í ári. Það var í kjölfar þess að virði hlutabréfa Ericsson hrapaði á vormánuðum 2001 sem að ákveðið var að klippa á frekari fjárfestingar til OZ jafnvel þó að verkefnið væri á lokastigum. Og þó að stórfyrirtæki velti því ekki lengi fyrir sér, gerir svona aðgerð út um srotafyrirtæki sem ekki er komið með vöru sína á markað. Í kjölfar þessa lauk starfsemi OZ á Íslandi. En grunnurinn var góður, nógu sterkur í raun til að byggja á nýtt fyrirtæki, sem hluti stofnenda og starfsmanna OZ gerði í Montreal í Kanada. Það fór svo ekki hátt þegar fyrirtækið var selt til Nokia í október 2008.

Hin erlendu áhrif


Líklega hefur samstarfið við Ericsson verið mesta gæfa OZ – og ræður þar mestu sú þekking og reynsla sem varð OZ aðgengileg í samstarfinu. Að einhverju leyti gjörbreyttist starfsumhverfið og vinnulagið þar sem hinn erlendi risi gerði allt aðrar og miklu meiri kröfur um formfestu, skjalagerð og almennan aga í vinnubrögðum en áður hafði þekkt hjá fyrirtækinu.

Til að byrja með var hugbúnaðardeildin lítil en eftir

Því sem að verkefnum fjölgaði og þau urðu flóknari varð ljóst að það þurfti meiri mannskap. Veikasti punkturinn í lífi hvers hugbúnaðar fyrirtækis er þegar þróunarstörfum fjölgar. Fram að því kemst fyrirtækið upp með óformlega ferla og umhverfi vegna þess að það er svo mikill samgangur milli starfsmanna. Um leið og þessi tengsl rofna verður meiri verkaskipting, verkferlar verða mikilvægir og ekki síður formlegt utanumhald um þróunina.

Sá hópur sem vann hjá OZ og upplifði það hvernig hugmynd verður að vöru í hugbúnaðargeiranum hefur leitast við að endurtaka þann leik, miðla af reynslu sinni og leita uppi nýjar hugmyndir. Þetta þykir merkilegt sakir þess að yfirleitt þykir eðlilegt í sprotabransa að fólk haldi upplýsingum fyrir sig af ótta við að aðrir nái árangri á þeirra kostnað, þ.e. framkvæmi hugmyndirnar þeirra. Það er kannski einkennandi fyrir þá sem hafa kynnst því hversu

Mynd 3.18 OZ „ættartréð“ Fylltir hringir tákna fyrirtæki sem enn eru starfandi. Hvítu hringirnir tákna fyrirtæki sem ekki eru lengur starfandi.



*Sprotafyrirtækið var keypt inn í viðkomandi fyrirtæki

langur vegur er frá hugmynd að veruleika, að þeir átta sig á því að það er mun meira upp úr því að hafa að þiggja og gefa alla þá hjálpi sem möguleg er fremur en að múra sig af einir með hugmyndina. Þetta birtist vel í því sem kalla mætti 'ættartré' OZ.

Það er eðli sprotafyrirtækja í hugbúnaðar- og hátæknigeiranum að vera tilraunastarfsemi. Yfirleitt er alls óvíst að sú hugmynd sem lagt er af stað með í upphafi sé lífvænleg. Til þess þarf ótal margt að ganga upp: Mótækilegur markaður, rétt tækni, gott teymi og agaður rekstur. Mörgum fjárfestum í þessum geira þykir eðlilegt að ein af hverjum tíu hugmyndum gangi upp og verði að verðmætri eign.

Engu að síður skapa allir þessir sprotar verðmæti með tilvist sinni. Á meðan þeir lifa skapa þeir ársverk, starfsmenn fá laun, þeir skila sínum opinberu gjöldum áfram til samfélagsins. Og þá er ótalin sú reynsla og

þekking sem verður til hjá starfsmönnum og nýttist áfram þó á nýjum vettvangi sé.

Menning OZ byggir á því að ræða hugmyndir, styðja við þær, leggja til og fræða, hvort sem hugmyndir eru eigin eða annarra. Gildi þess hefur margsannað sig jafnt í ofangreindum fyrirtækjum og öðrum sem notið hafa starfskrafta OZara. Þannig gæti áhrifa OZ enn í íslenskum upplýsingatækniiðnaði. Beinar og óbeinar tengingar má finna við fjölmörg íslensk upplýsingatæknifyrirtæki sem í dag skila hundruðum ársverka til íslensks samfélags.

Það er arfleifð OZ.

Margrét Dóra Ragnarsdóttir og Stefán Baldur Árnason,
fyrirverandi OZ-arar
Greinina í heild sinni má nálgast á: www.vi.is

3.5 Tækifærin eru til staðar

Það er við hæfi að enda umfjöllun um tækifærin í íslensku atvinnulífi á sögunni af OZ, sögu sígra og ósgra. Saga fyrirtækisins endurspeglar annars vegar þá staðreynd að fjárfesting í atvinnurekstri er áhættusöm, en hins vegar að reynsla sem verður til við atvinnurekstur skapar verðmæti sem allt samfélagið nýtur góðs af. OZ náði ekki að blómstra á Íslandi, en sú þekking sem þar varð til hefur nýst í uppbyggingu nýs iðnaðar. Fáir hefðu séð það fyrir að leikjaiðnaður yrði mikilvæg útflutningsgrein á Íslandi og að fyrirtæki á borð við CCP yrði eitt af leiðandi fyrirtækjum landsins.

Í umfjöllun um grunnstoðir íslensks atvinnulífs, tengdar greinar og tækifæri byggð á þeim má greina ákveðin megin þráð, samvinnu og samstarf. Hvernig sem á það er litið er samstarf, hvort sem er á milli fyrirtækja sem starfa innan sömu grunnstoðar, tengdra fyrirtækja sem starfa í ólíkum stöðum en nýta þekkingu og reynslu hvers annars eða á milli atvinnulífs og stjórnvalda, grundvöllur þess að við nýtum tækifærin.





4 Staða íslenska hagkerfisins

Allt frá bankahruni hefur umræða um íslenskt hagkerfi verið afar neikvæð. Það á sér eðlilegar skýringar enda féll bankakerfið á skömmum tíma, tekin voru upp gjalddeyrishöft, krónan féll hratt auk þess sem skuldir einstaklinga og fyrirtækja hækkuðu til muna. Hagkerfið glímir enn við ýmis eftirköst bankahrunsins sem birtist m.a. í stórauðnum fjölda gjaldþrota, of margir Íslendingar flytja búferlum og fyrirtæki hliðra starfsemi sinni í aðrar lögsögur. Þar að auki bendir margt til þess að vanhugsaðar skattabreytingar hafi veikt viðspyrnu hagkerfisins enda hefur batinn verið hægari en margir bjuggust við.

Þrátt fyrir þá veikleika sem eru til staðar þá má ekki gleymast að hagkerfið byggir á sterkum samfélagslegum innviðum sem skapar gnott tækifæra. Mikilvægt er því að öll umræða um framtíðarhorfur hagkerfisins byggist á staðreyndum fremur en skoðunum og innihaldslausum fullyrðingum. Í kaflanum hér að neðan er reynt að varpa ljósi á raunverulega stöðu hagkerfisins.

4.1 Hagtölur og horfur


Landsframleiðsla að ná sér á strik

Vonir standa til þess að hagvöxtur hefjist brátt á ný. Þjóðhagsspá Hagstofunnar spáir nokkrum bata á næstu árum og ef fram sem horfir þá má ætla að verstu afleiðingar bankahrunsins séu að baki og uppbygging og bætt lífskjör taki aftur við. Hagstofan spáir hærri þjóðarframleiðslu að raunvirði árið 2014 en árið 2007, þegar lífskjör voru hér með besta móti.

Landsframleiðsla er enn mikil


Sé landsframleiðsla á hvern Íslending borin saman við landsframleiðslu annarra ríkja má sjá að þrátt fyrir djúpa kreppu stendur Ísland enn framarlega meðal þjóða. Lönd eins og Þýskaland, Bretland og Finnland búa enn við lægri kaupmátt og þrátt fyrir mun minni samdrátt í Danmörku og Svíþjóð er landsframleiðsla þar svipuð og hér.

Mynd 4.1 Landsframleiðsla á Íslandi að raungildi



Heimildir: Hagstofan; útreikningar Viðskiptaráðs

Mynd 4.2 Landsframleiðsla á mann árið 2009 í nokkrum ríkjum, leiðrétt fyrir kaupmátt




Heimild: OECD


Aldurssamsetning þjóðarinnar er hagfelld

Aldurssamsetning þjóðar gefur mikilvæga vísbendingu um getu hennar til að viðhalda hagvexti til lengri tíma. Ungar þjóðir eru betur í stakk búnar til að viðhalda hagvexti um langt skeið heldur en þjóðir þar sem fólk er eldra og færri eru á vinnumarkaði. Íslendingar standa hér vel að vígi þar sem meðalaldur er mun lægri en gengur og gerist í Vestur-Evrópu.

Mynd 4.3 Aldurssamsetning íslensku þjóðarinnar



Mynd 4.4 Hreinar skuldir hins opinbera sem hlutfall af landsframleiðslu




Hreinar skuldir minnka á árinu

Mest aðkallandi verkefni stjórnvalda á næstu árum er að draga úr hallarekstri og þar með skuldum og vaxtakostnaði hins opinbera. Í fjárlagafrumvarpi þessa árs er gert ráð fyrir 75 ma. kr. vaxtagjöldum ríkissjóðs vegna skulda og ljóst er að þessi upphæð þarf að lækka hratt, sem styður við hagvöxt og býr til svigrúm til skattalækkana. Miðað við spá Seðlabankans hafa skuldirnar náð hámarki og munu lækka á næstu árum. Mikilvægt er að auka aðhald ríkisfjármála til muna svo draga megi sem mest úr skuldum sem fyrst.

Staðan viðunandi miðað við önnur ríki í skuldavanda

Ef skuldastaða Íslands sem hlutfall af landsframleiðslu er borin saman við ríki OECD má sjá að Ísland er þar undir meðaltali. Samanborið við Írland, þar sem hið opinbera tók yfir skuldir bankakerfisins, er skuldastaða Íslands góð. Þar munar mestu um neyðarlögin, en setning þeirra aðskildi erlendar skuldir bankanna frá ríkinu. Hugsanleg ríkisábyrgð vegna Icesave-samninga er þó ekki innifalin í þessum tölum, en hún er áætluð um 1-5% af landsframleiðslu m.v. þann samning sem liggur fyrir og áætlað virði protabús Landsbankans.


Mynd 4.5 Hreinar skuldir hins opinbera í nokkrum ríkjum OECD



Halli í ríkisfjármálum undir OECD-meðaltali

Tekist hefur að draga tiltölulega hratt úr halla á rekstri ríkisins, sem þó hefur verið á kostnað fjárfestingargetu fyrirtækja og einkaneyslu heimila. Spá OECD gerir enn fremur ráð fyrir að halla verði snúið í afgang eftir tvö ár. Það eru sameiginlegir hagsmunir allra að hallanum sé eytt sem fyrst svo grynna megi á opinberum skuldum.

Mynd 4.7 Hreinar vaxtagreiðslur ríkisins




Heimild: Seðlabankinn

Þannig myndast afgangur af rekstri ríkissjóðs sem nota má til að greiða þessar skuldir.

Hrein erlend staða ekki betri í 10 ár

Mikill halli var á utanríkisviðskiptum frá árinu 2002 til 2008 og nam uppsafnaður halli á viðskiptajöfnuði um 1.380 mö. kr. á verðlagi ársins 2009.¹ Ætla mætti að þessi mikli halli hefði skilað sér í verri hreinni erlendri stöðu, en hið gagnstæða hefur átt sér stað. Aðskilnaður gömlu bankanna og erlendra skulda þeirra kom í veg fyrir að þessi halli kæmi niður á þjóðhagsbúskapnum og raunar hefur hrein erlend staða Íslands ekki verið jafn góð síðan 1999. Í þessum tölum er ekki gert ráð fyrir aukinni skuldsetningu sem mögulega hlýst af uppgjöri vegna lcesave. Að auki eru þær háðar breytingum vegna breytts mats á eignum og skuldum gömlu bankanna.

Mynd 4.6 Hallarekstur hins opinbera í nokkrum ríkjum OECD




Heimild: OECD

Vaxtagreiðslur þurfa að minnka

Hreinar erlendar vaxtagreiðslur eru fyrst og fremst til komnar vegna lána sem hið opinbera hefur tekið frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og öðrum löndum. Draga þarf úr vaxtagreiðslum hið fyrsta með því að greiða niður erlendar skuldir hins opinbera. Til þess að svo megi verða þarf kraftmikinn hagvöxt sem skilar auknum tekjum í ríkissjóð, ásamt því að útgjöld verði markvisst skorin niður.


Mynd 4.8 Hrein erlend staða þjóðarbúsins án gömlu bankanna



Heimild: Seðlabankinn

¹ Gylfi Magnússon, Tímarit um viðskipti og efnahagsmál, *Morguninn eftir ponzi*, 7. árgangur, 2. tölublað, 2010.

Mynd 4.9 Atvinnuleysi á Íslandi ásamt spá um þróun



Heimild: Hagstofan


Dregur úr atvinnuleysi á árinu

Eitt mikilvægasta verkefni samfélagsins á næstu árum er að draga úr atvinnuleysi, enda er kostnaður samfélagsins vegna atvinnuleysis mikill. Verðmætasköpun er minni sem nemur fjölda þeirra sem ekki hafa vinnu og atvinnuleysisbætur íþyngja ríkissjóði. Atvinnulausir lenda fljótt í erfiðri fjárhagsstöðu auk þess sem atvinnuleysi hefur neikvæð áhrif á bæði líkamlega og andlega heilsu. Í kjölfar bankahrunsins margfaldaðist atvinnuleysi á Íslandi og fór hæst í um 9% um áramótin 2009-2010. Þessi þróun virðist hafa stöðvast og Seðlabankinn spáir nú hratt lækkandi atvinnuleysi frá miðju ári 2011 og út árið 2013. Gangi sú spá eftir er allt útlit fyrir að hið versta sé að baki og að atvinnustig muni hækka jafnt og þétt á næstu árum.

Atvinnuleysi lægra en í OECD


Þrátt fyrir mikið tímabundið atvinnuleysi um þessar mundir er heildaratvinnuleysi á Íslandi engu að síður lægra en meðaltal atvinnuleysis OECD ríkja. Á Íslandi er meira atvinnuleysi en í Noregi og Danmörku, en minna en í Þýskalandi og Svíþjóð. Ef dregur úr tímabundnu atvinnuleysi vegna hrunsins á næstu árum, eins og Seðlabanki Íslands spáir, er fyrir séð að Ísland endurheimti stöðu sína sem eitt af þeim OECD ríkjum sem hafa hvað hæst atvinnustig.

Mynd 4.10 Atvinnuleysi í nokkrum ríkjum OECD



Heimild: OECD

Mynd 4.11 Niðurstöður lífskjararannsóknar Hagstofunnar



Heimild: Hagstofan


Niðurstöður lífskjararannsóknar svipaðar og árið 2004

Hagstofan vinnur árlega lífskjararannsókn og metur í henni viðhorf heimilanna til eigin lífskjara og fjárhagsstöðu. Niðurstöður könnunarinnar fyrir árið 2010 eru lakari en árið 2007, þegar vanskil og erfiðleikar með að ná endum saman voru í sögulegu lágmarki. Hins vegar eru niðurstöðurnar nú afar svipaðar niðurstöðum ársins 2004 og virðist því staða heimilanna samkvæmt þessari könnun vera svipuð og hún var á árunum áður en þensla færðist í vöxt.

Verðbólgan hefur hjaðnað


Hruni íslensku krónunnar fylgdi snarpt verðbóluskot, sem stafaði að stærstum hluta af því að verð á öllum innfluttum vörum hækkaði mikið. Það verðbóluskot er hins vegar að fullu að baki, vegna umtalsverðs samdráttar í eftirspurn, og jafnvel möguleiki á að verðhjöðnun taki við. Seðlabankinn spáir nú því að verðbólga verði mjög nálægt verðbólgu markmiðinu út árið 2013. Þetta er mikilvægt svo halda megi áfram að lækka vexti og koma á efnahagslegum stöðugleika.

Mynd 4.12 Verðbólga á Íslandi frá 2007 ásamt spá út árið 2013



Heimild: Seðlabankinn

Mynd 4.13 Gengi Evru gagnvart krónu



Heimild: Seðlabankinn

Innlent gengi og aflandsgengi styrkjast

Frá ársbyrjun 2010 hefur bæði innlent gengi og aflandsgengi krónu gagnvart evru styrkst þrátt fyrir hraða lækkun stýrivaxta. Varlega þarf að fara í að draga ályktanir af þróun aflandsgengis vegna lítillar veltu og innlendu gengi er haldið stöðugu með gjaldeyrishöftum. Jákvæður viðskiptajöfnuður, lægri verðbólga og minni halli í ríkisfjármálum á komandi árum mun vonandi skapa skilyrði til afnáms hafta og stuðla að styrkingu krónunnar.

Skuldtryggingarálag ríkisins lækkar

Skuldtryggingarálag á íslenska ríkið hefur lækkað hratt allt frá ársbyrjun 2009. Þetta eru góð tíðindi fyrir fyrirtæki eins og Landsvirkjun, en kjör félagsins við skuldabréfaútgáfu hafa fylgt þessu álagi. Kostnaður við fjármögnun virkjana og annarra framkvæmda á vegum hins opinbera er því mun lægri nú en áður. Lægra skuldtryggingarálag kemur því öllum fyrirtækjum landsins til góða, vegna lægri kostnaðar hins opinbera og almennt jákvæðra áhrifa á fjármögnun íslensks atvinnulífs.


Mynd 4.14 Skuldtryggingarálag ríkisins




Heimild: Seðlabankinn

4.2 Ísland í alþjóðlegum samanburði


Á myndinni má sjá sæti Íslands á nokkrum samkeppnislistum í dag samanborið við árið 2007. Þrátt fyrir lækkun á mörgum samanburðarlistum stendur Ísland enn framarlega meðal þjóða heims.





Frá árinu 2007 til 2010 hefur Ísland einvörðungu fallið um **9** sæti að meðaltali á ofangreindum listum; úr **7.** í **16.** sæti af yfir 150 þjóðum að meðaltali.

Mynd 4.15 Sæti Íslands í tólf grunnstoðum samkeppnishæfni Alþjóðahagfræðistofnunarinnar



Heimild: Alþjóðahagfræðistofnunin (WEF)

Stoðirnar tólf

Staða Íslands á lista Alþjóðahagfræðistofnunarinnar yfir þær tólf stoðir sem talda eru marka samkeppnishæfni landa er afar misjöfn. Landið er í fremsta flokkhvað flesta innviði samfélagsins varðar, en er dregið niður af þróun fjármálamarkaða og efnahagslegu umhverfi. Í skýrslu stofnunarinnar er bent á að hinir fjölmörgu styrkleikar landsins séu til þess fallnir að stuðla að bættu efnahagsástandi áður en langt um liður.

Þróunarstig

Ísland fellur um 16 sæti frá 2007 á lista Sameinuðu þjóðanna yfir þróunarstig. Þar munar langmestu um þjóðartekjur á mann, en sú hagstærð lækkaði verulega í kjölfar falls bankanna og gengislækkun íslensku krónunnar. Ísland fær enn háa einkunn fyrir menntun og lífslíkur, hina tvo þættina sem stuðst er við.

Samkeppnishæfni

Alþjóðahagfræðistofnunin tekur árlega saman ítarlegan lista um samkeppnishæfni landa. Ísland

er þar flokkað sem nýsköpunardrifið hagkerfi. Til að viðhalda langtímahagvexti þurfi því að stuðla að nýsköpun þar sem innviðir eru þegar góðir.

Efnahagslegt frelsi

Ísland lækkar mest allra landa á lista Wall Street Journal yfir efnahagslegt frelsi. Ástæðurnar eru hallarekstur og aukin umsvif hins opinbera, óstöðugleiki í efnahagsmálum, skattahækkningar og gjaldeyrishöft.

Mynd 4.16 Staða Íslands árið 2007 og 2010 á þremur samanburðarlistum um samkeppnishæfni þjóða

Sameinuðu þjóðirnar:
þróunarstig

Sæti	2007	2010
1	Ísland	Noregur
2	Noregur	Ástralía
3	Ástralía	Nýja-Sjáländ
4	Kanada	Bandaríkin
5	Írland	Írland
6	Svíþjóð	Liechtenstein
7	Sviss	Holland
8	Japan	Kanada
9	Holland	Svíþjóð
10	Frakkland	Þýskaland
...
17	Belgía	Ísland


Alþjóðahagfræðistofnunin
(WEF): samkeppnishæfni

Sæti	2007	2010
1	Bandaríkin	Sviss
2	Sviss	Svíþjóð
3	Danmörk	Singapúr
4	Svíþjóð	Bandaríkin
5	Singapúr	Þýskaland
6	Finnland	Japan
7	Þýskaland	Finnland
8	Holland	Holland
9	Japan	Danmörk
10	Kanada	Kanada
...
20	Ísland	Lúxemborg
...
31	Arab. furstad.	Ísland

Wall Street Journal:
efnahagslegt frelsi

Sæti	2007	2010
1	Hong Kong	Hong Kong
2	Singapúr	Singapúr
3	Írland	Ástralía
4	Nýja-Sjáländ	Nýja-Sjáländ
...
13	Ísland	Máritíus
...
18	Belgía	Ísland

Mynd 4.17 Sæti Íslands á fleiri samkeppnislistum



Aðrar úttektir

Fjöldmargir aðilar taka saman lista sem bera saman stöðu landa á mismunandi sviðum. Ísland mælist í fremsta flokki á mörgum þeirra, þar á meðal listum yfir nýsköpun og lýðræðisþróun. Landið hefur þó lækkað á listum yfir alþjóðavæðingu, eignarrétt og rafræna stjórnsýslu. Allt eru þetta áhrifapættir efnahagslegrar stöðu og því er brýnt að gera betur á þessum sviðum.

4.3 Veikleikamerki hagkerfisins


Þrátt fyrir að staða íslenska þjóðarbúsins sé mun hagfelldari en merkja má af daglegri umræðu þá sýnir reynslan að mikilvægt er að hafa auga með þróun hagkerfisins og fjölmörg erfið viðfangsefni blasa við. Á það jafnt við um starfsemi í einstökum atvinnugreinum og hjá hinu opinbera. Margt þarf að færa til betri vegar á allra næstu misserum sé ætlunin að koma í veg fyrir frekari lífskaraskerðingu. Að því starfi þurfa allir að koma.

Ríkisreksturinn ósjálfbær án viðunandi hagvaxtar

Þrátt fyrir að nokkuð hafi áunnist í að snúa við rekstri ríkissjóðs þá hefur sá árangur verið á kostnað fjárfestingargetu atvinnulífs og kaupmáttar einstaklinga. Í stað þess að sníða ríkissjóði stakk eftir vexti hafa stjórnvöld lagt áherslu á aukna skattheimtu til að standa undir útgjöldum. Sterkar vísbendingar eru um að skattahækkanir á fyrirtæki og

einstaklinga dragi úr hagvexti og vinni á móti auknu atvinnustigi, eins og fjallað verður nánar um í kafla 5.

Mynd 4.18 Skuldir hins opinbera sem hlutfall af landsframleiðslu



Heimild: OECD og Fjármálaráðuneytið

Við núverandi aðstæður er mikilvægt að stjórnvöld hugi að jöfnun hagsveiflna annars vegar og langtímasjálfbærni hins vegar. Skuldastaða ríkisins hefur hraðversnað og stóruknar vaxtagreiðslur vega að sjálfbærni í ríkisfjármálum. Auk þess hefur rekstrargrunnur ríkisins gjörbreyst með minnkandi tekjum og auknu álagi á almannatryggingakerfið. Útgjaldastefna hins opinbera undanfarin ár reyndist fjarri því að vera sjálfbær og af þessum sökum standa stjórnvöld frammi fyrir því verkefni að snúa rekstrinum snarlega við á sama tíma og hagkerfið gengur í gegnum mikinn samdrátt. Tímabundið þurfti því að fórna sveiflujöfnunarhlutverki ríkisfjármála til að standa vörð um sjálfbærni ríkissjóðs.

Með hliðsjón af áhrifum reksturs hins opinbera á framleiðslustig í hagkerfinu er enn mikilvægara en ella að hagræðing í ríkisútgjöldum og skattbreytingar eigi sér stað með skilvirkum hætti. Því þarf að hafa ofangreind sjónarmið um hagkvæma skattheimtu til hliðsjónar. Án þess að lítið sé gert úr hversu sársaukafullar nauðsynlegar aðhaldsaðgerðir eru, felast margvísleg tækifæri í endurskoðun ríkisfjármála. Umtalsvert svigrúm er enn til hagræðingar í útgjaldaliðum sem ættu að hafa takmörkuð áhrif á efnahagsleg umsvif og velferð.

Í þeirri aðlögun sem framundan er ætti áherslan að vera á óskilvirkar millifærslur og fitulög sem myndast hafa í opinberum rekstri á tímum góðæris og mikils hagvaxtar. Stjórnvöld geta með góðu móti staðið vörð um útgjöld sem auka eða viðhalda almennri velferð með því að stöðva framlög til verkefna sem þjóna sérhagsmunum þröngra hópa. Slíkar breytingar hafa takmörkuð áhrif á eftirspurn til skemmri tíma og efla hagvöxt til lengri tíma. Samhliða væri æskilegt að hagsýni réði för við ákvarðanir stjórnvalda í skattamálum. Þegar er farið að bera á tilhneingingu til fjármagns- og fólksflóta, sem m.a. má rekja til óhagfellds skattaumhverfis fyrirtækja, einstaklinga og fjárfesta.

Að lokum er ástæða til að nefna mikilvægi hagvaxtar fyrir rekstur ríkissjóðs. Eftir því sem hagvöxtur verður minni, þeim mun erfiðara er að halda rekstri hins opinbera réttu megin við núll. Einfaldasta leiðin til að komast hjá því að velja á milli frekari skattahækkana og niðurskurðar er að vaxa úr vandanum, en aukinn hagvöxtur skilar auknum skatttekjum. Öflug fyrirtæki og hæft starfsfólk eru forsenda hagvaxtar – það þarf skattastefnan að endurspeglar.

Laskað atvinnulíf


Í kjölfar bankahruns versnaði rekstrarumhverfi íslenskra fyrirtækja til mikilla muna og hefur ekki verið verra um áratugaskeið. Svo fátt eitt sé nefnt, þá hafa skuldir hækkað, kostnaður aukist, fjármögnun er lítt aðgengileg og eftirspurn dregist saman. Mörg fyrirtæki eru vegna þessa á forræði fjármálastofnana og gjaldþrot eru tíðari en oftast áður.

Hægt hefur gengið að vinna úr skuldavanda fyrirtækja, en 978 fyrirtæki urðu gjaldþrota á síðasta ári og hafa gjaldþrot aldrei verið fleiri á einu ári. Fjöldi fyrirtækja glímir nú við fjárhagsvandræði. Bregðast þarf hratt við til að áframhald verði ekki á þessari þróun, með tilheyrandi skerðingu lífskjara.


Það eru hagsmunir allra að atvinnulíf ná kröftum sem fyrst. Til þess þarf að hraða endurskipulagningaferlinu annars vegar og ýta undir nýjan atvinnurekstur hins vegar. Stjórnvöld, fjármálakerfið og fjölmörg hagsmunasamtök atvinnulífs tóku höndum saman í lok síðasta árs til að stuðla að slíkri þróun. Verkefnið "Beina brautin" miðar að því að flýta fjárhagslegri endurskipulagning hjá 5.000 minni og meðalstórum fyrirtækjum í bankakerfinu. Takist það mun hagrur fjölda annarra fyrirtækja vænkast með auknum viðskiptum. Svigrúm atvinnulífs til fjárfestinga og ráðninga mun að sama skapi aukast með tilheyrandi jákvæðum áhrifum á kaupmátt einstaklinga og skatttekjur ríkissjóðs. Fari þessi snjóbolti af stað er í það minnsta hálfur sigurinn unninn.

Mynd 4.19 Viðhorfsskönnun
Viðskiptaráðs meðal
forsvarsmanna fyrirtækja


Myndir þú segja að hér á landi sé umhverfi atvinnulífs almennt þannig að auðvelt eða erfitt sé að stunda atvinnurekstur?



Mynd 4.20 Heildar-eigið fé íslenskra fyrirtækja frá 2000-2009 og fjöldi gjaldþrota frá 1990 til 2010



Heimild: Tíund, maí 2010



Heimild: Hagstofa Íslands

Viðbrögð Viðskiptaráðs

Fjölmörgum af þeim veikleikum sem nefndir eru hér að ofan getur viðskiptalífið sjálft unnið á í samstarfi við aðra hagsmunaaðila, fyrirtæki og opinbera aðila. Framlag Viðskiptaráðs til þess að taka á þeim veikleikum sem snúa að atvinnulífinu er þrjúþætt:

- 1 Stofnun Efnahagsstofu atvinnulífsins til að bæta upplýsingaöflun um atvinnulífið, spágerð og rýni um þjóðfélagsleg málefni.
- 2 Uppsetning Fyrirtækjagáttar Viðskiptaráðs Íslands til að stuðla að auknu gagnsæi atvinnulífs.
- 3 Stuðla að bættum stjórnarháttum með nýjum leiðbeiningum og formlegri úttekt á framkvæmd þeirra reglna.


1

Efnahagsstofa atvinnulífsins

Í litlu hagkerfi eins og Íslandi mætti ætla að auðvelt væri að nálgast góðar upplýsingar um helstu hagstærðir. Svo er hins vegar ekki, en all nokkrir annmarkar eru á söfnun, gerð og birtingu mikilvægra upplýsinga um stöðu og þróun hagkerfisins. Hefur verið komist svo að orði að yfirleitt sé erfitt að spá um framtíð, en á Íslandi væri jafnframt ómögulegt að sjá fyrir fortíðina.

Vandinn virðist liggja í samspili nokkurra þátta. Þrátt fyrir að Hagstofan gegni lykilhlutverki, virðist söfnun gagna og hýsing þeirra dreifð á of marga opinbera og hálfopinbera aðila, staðlar um framsetningu og miðlun eru ekki samræmdir, hagtölur liggja seint fyrir og sumar mikilvægar vantar. Nokkur umræða hefur verið um þennan vanda frá 2002, þegar þjóðhagsstofnun var lögð niður, en ekki nægilega miðað í átt að lausn.


Mynd 4.21 Verðbólguþspár Seðlabanka Íslands og raunveruleg verðbólga



Á umbótaþingi Viðskiptaráðs í júní 2010 kom fram skýr áhugi aðildarfélagaráðsins á að atvinnulífið léti sig þetta mál varða. Frá þeim tíma hefur stofnun Efnahagsstofnu atvinnulífsins verið undirbúin, með það að markmiði að styðja við bættu framsetningu hagtalna og stuðla að efnislegri umræðu um þær. Fyrst um sinn verður áhersla á úrvinnslu spágagna um mikilvægustu hagstærðirnar, t.d. hagvöxt og verðbólgu. Þegar fram í sækir verður greining og gagnaöflun smám saman umfangsmeiri. Lagt er upp með að fleiri atvinnulífsamtök komi að Efnahagsstofnunni og henni til stuðnings verða fulltrúar fyrirtækja og háskólasamfélags.

Mynd 4.22 Úr viðhorfskönnun Viðskiptaráðs meðal forsvarsmanna fyrirtækja

Ertu hlynt(ur) eða andvíg(ur) því að komið verði á fót efnahagsráði sem yrði óháð stjórnvöldum og myndi sjá um spágerð og greiningarvinnu til þess að efla upplýsingamiðlun um stöðu efnahagsmála?



2

Fyrirtækjagátt Viðskiptaráðs

Fyrirliggjandi upplýsingar um stöðu og starfshætti íslenskra fyrirtækja hafa fram að þessu verið af skornum skammti. Of stór hluti atvinnulífs hefur tamið sér þann ósið að skila ekki ársreikningi fyrir sett tímamörk. Þrátt fyrir lagaboð þar um hafa vanhöld á skilum ekki kallað á viðbrögð eftirlitsaðila, sem eflaust á sinn þátt í að skýra ósiðinn.


Skil á rekstrarupplýsingum er hins vegar umtalsvert hagsmunamál fyrir atvinnulífið sjálft. Ásýnd þess, heima og að heiman, ræðst vissulega af því hvernig rekstur gengur, en ekki síður af því hvort staðið er skil á grunnupplýsingum úr rekstri. Á slíkum upplýsingum byggja fjárfestar ákvarðanir, fjölmiðlar umfjöllun, almenningur afstöðu og stjórnvöld aðgerðir sínar. Slök skil á fjárhagsupplýsingum byrgja sýn á stöðu og þróun atvinnulífsins og yta undir samskiptaörðugleika og vantraust.

Betri upplýsingar vantar

Eftirspurn eftir gögnum, umfram þau sem spegla grunnrekstur fyrirtækja, hefur aukist á síðustu árum. Þar er einna helst vísað til samsetningu stjórna, fyrirkomulags stjórnarháttá, samfélagsábyrgð og starfskjör stjórnenda. Viðurkenning á mikilvægi góðra stjórnarháttá hefur aukist síðustu ár hjá viðskiptavinum, birgjum, lándrottnum og fjárfestum. Í ljósi atburða síðustu ára er Ísland þar síst undantekning.

Mynd 4.23 Úr viðhorfskönnun Viðskiptaráðs meðal forsvarsmanna fyrirtækja

Finnst þér skipta miklu eða litlu máli að atvinnulífið fari eftir leiðbeinandi reglum sem settar hafa verið um stjórnarhætti fyrirtækja?



Fyrirtækjagáttin opnuð

Til að stuðla að auknu gagnsæi atvinnulífs hefur Viðskiptaráð opnað Fyrirtækjagátt á vefsvæði sínu þar sem ætlunin er að gera aðgengilegar tiltekna lykilupplýsingar um stærstu fyrirtæki landsins. Fyrst um sinn verður lögð áhersla á: a) ársreikninga, b) kynjahlutföll í forystusveit, c) stjórnarháttayfirlýsingu, d) starfsreglur stjórnar og e) starfskjarastefnu.

Fyrirtækjagáttin, sem kynnt verður á næstu vikum, er öllum fyrirtækjum opin og byggir á vilja þeirra til að gera fyrrgreindar upplýsingar aðgengilegar. Það er von forsvarsmanna Viðskiptaráðs að gáttin stuðli að auknu gagnsæi í atvinnurekstri og veiti fyrirtækjum virkt aðhald. Hvoru tveggja er liður í því að endurheimta glatað traust og efla trúverðugleika íslensks atvinnulífs.

3 Nýjar leiðbeiningar og formleg úttekt á stjórnarháttum


Of oft hefur verið gefið tilefni til tortryggni í garð fyrirtækja og forsvarsmanna á undanförunum árum, stundum vegna þess að vinnulag samræmdist ekki viðurkenndum stjórnarháttum. Samfara bættri upplýsingagjöf atvinnulífsins er því mikilvægt að stjórnendur íslenskra fyrirtækja tileinki sér í ríkari mæli slíkt vinnulag. Þannig axlar atvinnulíf m.a. ábyrgð á mistökum fortíðar og leggur grunn að auknum trúverðugleika og betri árangri

Viðskiptaráð Íslands, Samtök atvinnulífsins og Kauphöll Íslands hafa frá 2004 staðið fyrir útgáfu og kynningu á leiðbeiningum um góða stjórnarhætti. Síðasta útgáfa þeirra sem nýlega var kynnt er talsvert viðameiri en fyrri útgáfur og gerir ríkari kröfur til stjórnenda fyrirtækja á nær öllum sviðum.

Auk nýrra leiðbeininga verður áhersla lögð á markvissa eftirfylgni fyrirtækja við leiðbeiningarnar.

Mynd 4.24 Úr viðhorfskönnun Viðskiptaráðs meðal forsvarsmanna fyrirtækja

Hversu vel eða illa þekkir þú til leiðbeinandi reglna um stjórnarhætti fyrirtækja?



Fyrirtækjagátt Viðskiptaráðs er liður í þessu verkefni en auk þess hafa Viðskiptaráð Íslands og Rannsóknarsetur um stjórnarhætti fyrirtækja við Háskóla Íslands tekið höndum saman um formlega úttekt á stjórnarháttum sem fyrirtæki geta gengist undir.

Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis

Auk hagrænna veikleika eru það ýmis kerfislæg atriði sem huga þarf að, en þau eru ágætlega reifuð í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis. Hér að neðan má finna yfirlit yfir veikleika sem nauðsynlegt var að færa til betri vegar fyrir fall bankakerfisins. Varnaðarorðin eiga enn rétt á sér.

Atvinnulífið

- Ör og áhættusamur vöxtur einstakra atvinnugreina.
- Hvatakerfi innan fyrirtækja sem ýta undir áhættusækni.
- Lítið skynbragð á virkni og þróun erlendra markaða, t.a.m. fjármagnsmarkaða.
- Of fáar og stórar atvinnugreinar sem ríkissjóður og hagkerfið í heild treystir á.
- Óeðlilegar fyrirgreiðslur til eigenda og lykilstjórnenda.
- Starfsmenn illa upplýstir um stöðu mála.
- Óskýrar verklagsreglur eða dagleg vinnubrögð eru ekki í samræmi við verklagsreglur.
- Mikil samþjöppun eignarhalds og mjög skuldsettir eignarhlutir stærstu eigenda.
- Fyrirtæki bera áhættu vegna eigin bréfa.
- Skortur á fjölbreytni stjórnar og stjórnenda fyrirtækja, bæði m.t.t. reynslu og menntunar.
- Takmarkaðar upplýsingar um rekstur fyrirtækja og horfur.

Stjórnkerfið

- Skortur á fullnægjandi aðhaldi, bæði frá hinu opinbera og markaðinum.
- Lykilþátttakendur vinna gegn hvor öðrum.

- Skortur á formfestu í ákvarðanaferlum.
- Takmörkuð yfirsýn lykilaðila í stjórnarsýslu.
- Skortur á festu og ákveðni við úrlausn og eftirfylgni mála.
- Takmörkuð þekking og óskýr mörk ábyrgðar.
- Takmarkaður viðbúnaður við skakkaföllum.
- Vanbúin upplýsingakerfi.
- Ákvarðanir yfirvalda ýta undir efnahagslegt ójafnvægi.
- Ráðningar ekki byggðar á verðleikum; getu, þekkingu og reynslu.


Auk þessara atriða má nefna sérstaklega einhæfni almennrar umræðu, sem var m.a. umfjöllunarefni í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis. Svo virðist sem tilhneiging sé til að meirihlutinn sé þögull á meðan hávær minnihluti mótar umræðuna. Það er miður að slíkrar einhæfni gæti enn í umræðu rúmunum tveimur árum eftir fall bankanna. Þó gjarnan sé kallað eftir auknu gagnsæi, upplýstari ákvarðanatöku og málefnalegri umræðu, þá einkennir hnútukast og sundurlyndi fréttaflutning, þáttastjórn, stjórn mála umræðu og umræðu í netheimi.

Vidd í stjórnendahópi – klisjur eða staðreyndir?

Skiptir máli að hafa vidd í stjórnendahópi? Skiptir máli að hafa góða aldursdreifingu, að samsetning kynjanna sé í góðu jafnvægi, að hlúð sé að fjölbreitni í menntun og reynslu svo eitthvað sé nefnt? Ég held að flestir séu sammála um slík vidd sé æskileg og skili fyrirtækjum betri árangri litið til lengri tíma.

Mikil umræða hefur átt sér stað á undanförunum árum um að auka hlut kvenna við stjórnun fyrirtækja. Því miður vill umræðan oft og tíðum einkennast af fyrirfram ákveðnum hugmyndum um að slíkt tal flokkist undir feminisma og kvenréttindakvabb – ekki sé hægt að ráða konu bara af því að hún er kona.

Mynd 4.25 Kynjahlutföll í stjórnun íslenskra fyrirtækja (2008)



Heimild: Hagstofan

Klisjur á við að „Konur sækjast ekki eftir stjórnunarstöðum“ eru notaðar til að slá á mikilvægi þessarar viddar í rekstri fyrirtækja.

Hið virta ráðgjafafyrirtæki McKinsey gaf árið 2008 út skýrslu sem ber yfirskriftina: Women matter: gender diversity, a corporate performance driver. Í þeirri skýrslu kemur m.a. í ljós að fyrirtæki sem taka tillit til kynjahlutfalls við stjórnun síns fyrirtækis skila að meðaltali 10% meiri arðsemi eigin fjár, 48% hærra EBIDTA og 1,7 sinnum hærra verði á hlutabréfum á hlutabréfamarkaði.

Fjöldi rannsókna á sama viðfangsefni sýna sömu niðurstöðu; að fjárhagsleg afkoma fyrirtækja batnar með auknum fjölda kvenna við stjórnvölinn. Þessar rannsóknir rýra þá fullyrðingu að fjölgun kvenna í stjórnun fyrirtækja sé eingöngu kvennréttindabarátta. Hér er um klára viðskiptahagsmuni að ræða því með aukinni vidd í stjórnendahópi má stuðla að bættum rekstrarárangri. Þetta er umhugsunarefni fyrir alla þá sem vilja veg íslensks atvinnulífs meiri.

Katrín Olga Jóhannesdóttir, Já upplýsingaveitur



Tækifæri fólgin í að leysa vandamálin

Þó Ísland búi að mörgum styrkleikum þá er einnig ástæða til að draga athygli að því sem betur má fara, eins og gert er hér að ofan. Veikleikum mætti vissulega gera ítarlegri skil, en markmið þessarar skýrslu er fyrst og fremst að bregða birtu á þau fjölmörgu tækifæri sem fólk og fyrirtæki geta nýtt og eru að nýta. Því verður ekki fjallað frekar um veikleika íslensks atvinnulífs og hagkerfis hér, nema til að benda á tækifærin sem felast í að þeir verði færðir til betri vegar. Slík vinna er þegar hafin í ranni atvinnulífs, m.a. í bættum skilum á ársreikningum og aukinni eftirfylgni við leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja, en í ljósi áhrifa stjórnvalda á umhverfi atvinnulífs er æskilegt að þau leggist af meiri þunga á árarar í umbótavinnu.

Rétt er að áréttu að stór hluti þess vanda sem íslensk fyrirtæki standa nú frammi fyrir er til orðinn fyrir stefnu eða stefnuleysi stjórnvalda. Alvarlegasti vandinn felst í hærri sköttum og óvissu um hvernig skattheimtu verði háttað á næstu misserum, en ekki síður felst vandinn í almennri óvissu um stefnu ríkisstjórnarinnar í málefnum einstakra atvinnugreina. Ef ríkisstjórnin hefði haldið sig við þá áætlun sem fólst í stöðugleikasáttmálanum sem nú er fyrir bí má ætla að umfang vandans nú væri minna og lífskjaraskerðing sem orðin er hefði orðið minni.

Þrátt fyrir þessi heimatilbúnu vandamál má sjá af yfirliti yfir helstu hagtölur að ástand efnahagsmála á Íslandi er mun betra en útlit var fyrir strax eftir bankahrun. Vonir standa til þess að hagvöxtur sé að ná sér aftur á strik, skuldir hins opinbera eru innan viðráðanlegra marka, séð er fyrir endann á halla í ríkisfjármálum, jákvæður viðskiptajöfnuður er viðvarandi, atvinnuleysi fer lækkandi og verðbólgan hefur hjaðnað. Að sama skapi er staða Íslands í alþjóðlegum samanburði í raun með ágætum. Þó svo landið hafi fallið um einhver sæti þegar horft er til samkeppnishæfni, alþjóðavæðingar eða efnahagslegs frelsis, þá stendur það nánast undantekningarlaust framarlega meðal þjóða.

Án þess að lítið sé gert úr þeim vanda sem óhjákvæmilega fylgir bankahruni af þeirri stærðargráðu sem hið íslenska var, þá er staða íslenska hagkerfisins um margt góð. Þetta bendir til þess að þær stoðir sem byggðar voru á síðustu áratugum hafi verið sterkari en oft hefur verið haldið fram. Ef rétt er haldið á spöðunum er full ástæða til líta björtum augum fram á veg. Í þessari stöðu liggja möguleikar á nýtingu fjölbreyttra tækifæra, landi og þjóð til hagsbóta.





5 Horft fram á veginn

5.1 Í upphafi skyldi endinn skoða

Þegar litið er til umfjöllunarefnis þessarar skýrslu má segja að hún gefi tilefni til bjartsýni um framtíðarhorfur Íslands. Grunnstoðir íslenska hagkerfisins eru traustar og á þeim er hægt að byggja öflugan hagvöxt, fjölmargir vaxtarbroddar hafa mótast og núverandi staða hagkerfisins í alþjóðlegu samhengi er um margt hagfelld. Engu að síður er ljóst að hagkerfið hefur látið á sjá í yfirstandandi efnahagslægd með alvarlegum afleiðingum fyrir alla landsmenn. Þá verður að hafa í huga að áframhaldandi góð staða hagkerfisins mun ekki vara án fyrirhafnar. En takist að byggja ákvarðanir á því sem vel hefur verið gert og draga lærdóm af atburðum síðustu missera, verður hagur komandi kynslóða ágætur.

Hagsmunir allra Íslendinga eru nátengdir. Þetta má sjá á afleiðingum yfirstandandi efnahagslægdar, sem lætur engan ósnortin. Þessir sameiginlegu hagsmunir krefjast þess að horft sé til framtíðar og steft að vexti. Jákvæð áhrif þess munu nýtast öllum landsmönnum. Skýr framtíðarsýn og aðgerðaráætlun sem miðar að verðmæta- og atvinnusköpun er því brýnt verkefni.

5.2 Mikilvægi hagvaxtar og kostnaður kreppunnar

Þegar fjallað er um endurreisn hagkerfisins er gjarnan horft til þess hvernig efla megi hagvöxt, en nokkuð skortir á að slíkt sé stutt með gögnum eða dæmum. Hér að neðan er gerð tilraun til að sýna fram á mikilvægi þess að hagkerfið vaxi úr kreppunni, þ.e. að kakan stækki.


Langtímahagvöxtur byggir á þrennu; fjármagni, mannauði og tækni framförum. Besta leið stjórnvalda til að stuðla að auknum, sjálfbærum hagvexti er því að efla það þrennt með stefnu sinni. Umhverfið þarf að vera til þess fallið að einstaklingum og fyrirtækjum sé umbunað fyrir að leggja sitt af mörkum og taka áhættu með því að stofna til atvinnurekstrar. Vaxtarbrodd hagkerfisins má finna hjá einstaklingum og þeim fyrirtækjum sem ráðast í fjárfestingar og nýta þar með mannauðinn sem er til staðar. Eðlilegt er að slíkur rekstur sé áhættusamur enda ógerningur að sjá fyrir með vissu hvort fjárfestingar sem ráðist er í muni skila arði. Ef einstaklingum sem taka umtalsverða áhættu er ekki umbunað fyrir að skapa verðmæti og atvinnu, þá erum við á rangri braut.

Mikilvægi hagvaxtar - dæmi frá Evrópu


Í kjölfar fjármálakreppunnar hafa flest ríki hugað að því hvernig best er bregðast við. Efnahagsáfall raska gangverki hagkerfisins, störf tapast og framleiðsla dregst saman og verðmætasköpun þar með. Til að stuðla að kröftugri uppsveiflu hefur Evrópusambandið sett fram áætlun í þremur megin liðum sem byggir á að efla hagkerfið og stuðla að auknum

vexti á komandi árum. Í meginráttum miðar áætlunin að því að styðja við innri vöxt sem byggir á þekkingu, nýsköpun, sjálfbærri nýtingu auðlinda sem og bættri samkeppnisstöðu hagkerfisins almennt. Í skýrslu ESB er brugðið upp þremur sviðsmyndum um hvernig bati hagkerfisins geti litið út og áhrif þess á hagkerfið sem heild.


1 Sjálfbær vöxtur (e. sustainable recovery) þar sem samstaða næst um langtímamarkmið til að efla framleiðni og samkeppnishæfni hagkerfisins svo stuðla megi að sjálfbærum vexti og auka velmegun.



2 Hægur bati (e. sluggish recovery) þar sem hagkerfið vex á sama hraða og áður en lífskjör tapast til frambúðar vegna hægs bata hagkerfisins. Ekki tekst að vinna til baka þau verðmæti sem tapast hafa í kreppunni.



3 Hægur bati gæti loks leitt til aukins atvinnuleysis til frambúðar, minni samkeppnishæfni sem gæti falið í sér að **áratugur tapist** (e. lost decade). Slík þróun myndi hafa alvarlegar afleiðingar fyrir lífskjör í samanburði við aðrar þjóðir.




5.2.1 Hver er kostnaður þess að nýta ekki tækifærin?

Endurreisn á að vera forgangsverkefni íslenskra stjórnvalda í dag. Skjótur bati er forsenda þess að kostnaður vegna kreppunnar verði lágmarkaður og að það sem tapaðist verði endurheimt eins og kostur er. Frá bankahruni hefur landsframleiðsla á Íslandi dregist saman um nálægt 9% sem jafngildir því að verðmætasköpun hagkerfisins hafi dregist saman um 150 m.a. kr. á einungis tveimur árum. Samkvæmt hagspám er gert ráð fyrir hagvexti í ár á bilinu 0,5% til 2,8%. Þetta er breitt bil en ljóst er að veikur bati nægir ekki til að vinna til baka nema lítinn hluta af þeim lífskjörum sem hafa tapast. Í því samhengi er rétt að benda á að frá 1971 hefur hagvöxtur að meðaltali verið 3,1% á ári en 2,6% ef horft er til tímabilsins frá 1990.

Það er athyglisvert að setja efnahagsþróun héraendis í ofangreint samhengi. Myndin hér til hliðar sýnir vaxtarferil íslenska hagkerfisins frá árinu 1973 og hvernig þróunin verður ef hagspá Hagstofunnar gengur eftir. Þar má sjá að íslenska hagkerfið á enn nokkuð í land

Mynd 5.1 Þrjár leiðir Íslands út úr efnahagsþrengingum (m.v. verðlag 2009)



Heimildir: Hagstofan; útreikningar Viðskiptaráðs

með að ná fyrri vaxtarferli. Verði viðspyrna hagkerfisins sterk og árlegur vöxtur til 2020 um 4% nær hagkerfið á fyrri hagvaxtarbraut árið 2019. Þetta mætti kalla jafnan langtíma vöxt, þ.e. sá vöxtur sem kemur í veg fyrir varanlegt tap á samfélagsauði miðað við þann hagvöxt sem verið hefur undanfarin ár. Þrátt fyrir það mætti áætla kostnað kreppunnar í tapaðri verðmætasköpun um 610 m.a. kr.

Ef batinn yrði veikur og vöxtur um 2,5% að meðaltali, þá verður velferðartapið varanlegt. Miðað við fyrirliggjandi hagspár er þetta líkleg niðurstaða, en áætlað uppsafnað tap verðmætasköpunar næmi tæplega 2.100 m.ö. kr. til ársins 2020, miðað við að hagvöxtur hefði orðið sá sem langtíameðaltal gefur tilefni til að vænta.


Ef hins vegar batinn verður enn hægari, eða 1%, þá gæti verðmættatap vel numið 3.400 m.ö. kr. fram til ársins 2020. Tapaður áratugur fæli ekki aðeins í sér mikið tap heldur yrði atvinnuleysi einnig verulegt á þessum tíma.

Upphæðirnar sem hér um ræðir eru gríðarlega háar sem sést best af því að landsframleiðsla árið 2009 var um 1.500 m.a. kr. og skuldbinding ríkissjóðs vegna lcesave er metin á um 50 til 150 m.a. kr. Með þeim verðmætum sem tapast ef bati hagkerfisins verður veikur mætti greiða þá skuld 42 sinnum. Hér er því um grundvallar hagsmuni að ræða fyrir þjóðfélagið burt séð frá einstökum álitafnum eða pólitískum skoðunum. Stefna sem miðar að vexti er besta leiðin til að lágmarka skaðann og það er því of kostnaðarsamt að nýta ekki tækifæri til verðmætasköpunar og hagvaxtar.

5.2.2 Kaupmáttur og hagvöxtur haldast í hendur

Lífskjör ráðast af þeim verðmætum sem hagkerfi skapar og hagvöxtur er því undirstaða stöðugt bættra lífskjara. Íslendingar eru vanir því að kaupmáttur aukist um 1% til 3% árlega og til þess að viðhalda slíkri árlegri kaupmáttaraukningu þá þarf kröftugt atvinnulíf sem skapar verðmæti.

Mynd 5.2 Há fylgni er á milli kaupmáttar og hagvaxtar



Heimild: Hagstofan

Ef horft er til þróunar kaupmáttar undanfarna tvo áratugi, má sjá að kaupmáttaraukning helst í hendur við hagvöxt á mann. Líkt og sjá má í mynd hér til hliðar þá er þetta samband sterkt. Frá árinu 1990 hefur verðmætasköpun hvers einstaklings¹ í samfélaginu vaxið um 32% en á sama tíma hefur kaupmáttur aukist um 31%. Því má segja að markmið um aukinn hagvöxt feli í sér markmið um bætt lífskjör.

Til einföldunar er hægt setja þetta í samhengi við þær þrjár hagvaxtarbrautir sem sýndar eru á mynd hér að framan. Landsframleiðsla á mann árið 2010 voru tæpar 4,6 m.kr. Ef fram fer sem horfir og hagkerfið vex í samræmi við spár (þ.e. veikur bati) og ekki næst að vinna upp það sem tapast hefur, þá verður landsframleiðsla um 5,4 m.kr. á hvern mann árið 2020² en um 6,3 m.kr. ef batinn verður sterkari. Þarna myndi muna 17% í

kaupmætti á hvern Íslending árið 2020.

5.3 Sóknaráætlun stjórnvalda

Til að bregðast við hættu sem veikur bati skapar hafa fjölmörg ríki horft fram yfir núverandi þrengingar og mótað vaxtaráætlun til nokkurra ára. Hér að ofan var vísað í slíka áætlun Evrópusambandsins en íslensk stjórnvöld hafa brugðist við með líkum hætti með móttun 20/20 Sóknaráætlunar Íslands. Í forgrunni áætlunarinnar eru margvísleg markmið t.a.m. af félagslegum og efnahagslegum toga og tilgreindir þeir aðilar sem bera ábyrgð á framkvæmd þeirra. Almennt eru markmið áætlunarinnar góðra gjalda verð og í takt við ríkjandi viðhorf til grunngerðar samfélagsins og þróun þess.

5.3.1 Ekki tekið á mikilvægum málum

Það sem hins vegar veldur vonbrigðum er að í áætlunina vantar markmið í mikilvægum málaflokkum. Þar má helst nefna:

- Skattkerfið
- Umfang hins opinbera
- Lífeyrissjóð opinberra starfsmanna (LSR)
- Fjárlagaferlið og framkvæmd fjárlaga
- Atvinnuumsvif ríkis og sveitarfélaga
- Fjárframlög til einstakra atvinnuvega, t.a.m. landbúnaðar
- Sveitarfélögin, sameiningu þeirra og fjármálareglur
- Gjalddeyrishöft og afléttingu þeirra
- Raunhæfa peningastefnu sem uppfyllir þarfir opins markaðshagkerfis

¹ Þ.e. landsframleiðsla á mann

² Miðað er við mannfjöldaspar Hagstofunnar. Gert ráð fyrir því að kaupmáttur vaxi samfara aukningu landsframleiðslu líkt og sjá má af mynd hér að framan.

Samfélagsmarkmið 20/20 sóknaráætlunar Íslands


1. Að minnka hlutfall örorkulífeyrispega af íbúafjölda úr 6,9% í 5,7% árið 2020.
2. Að lækka hlutfall atvinnulausra (> 12 mán.) niður fyrir 3% árið 2020.
3. Að auka jöfnuð á Ísland með lækkun Gini stuðuls fyrir ráðstöfunartekjur í um 25 árið 2020.
4. Að bæta stöðu jafnréttismála þannig að gildi jafnréttisvísitölunnar, (e. global gender gap index), verði nálægt 0,9 árið 2020.
5. Að auka vellíðan og góða andlega heilsu þannig að meðaltal mælinga, samkvæmt WHO kvarðanum hækki úr 64 árið 2009 í 72 árið 2020.
6. Að hlutfall Íslendinga á aldrinum 20-66 ára sem ekki hafa hlotið formlega framhaldsmenntun fari úr 30% niður í 10% árið 2020.
7. Að 4% af landsframleiðslu sé varið til rannsókna, þróunar og nýsköpunar og að hlutfall framlags fyrirtækja í samkeppnissjóði og markáætlanir sé 70% á móti 30% framlagi ríkisins.
8. Að Ísland verði meðal 10 efstu þjóða árið 2020 í rafrænni stjórnysluvísitölu og rafrænni þátttökuvísitölu sem mæld er af Sameinuðu þjóðunum.
9. Að hátækniönaður skapi 10% af landsframleiðslu og 15% af útflutningsverðmætum árið 2020.
10. Að notkun vistvæns eldsneytis í sjávarútvegi verði a.m.k 20% árið 2020 og að 20% alls eldsneytis í samgöngum verði vistvænt.
11. Að Ísland taki að sér sambærilegar skuldbindingar og ríki Evrópu gagnvart loftslagssamningi Sameinuðu þjóðanna árið 2020.
12. Að vistvæn nýsköpun og afurðir hennar verði helsta vaxtargreinin næsta áratug, með 20% árlegan vöxt í veltu sem tvöfaldist fyrir 2015, miðað við 2011.
13. Að árið 2020 gangi 75% nýrra bifreiða, undir fimm tonnum að þyngd, fyrir vistvænu eldsneyti.
14. Að hlutfall innlendirar matvöru í neyslu landsmanna aukist um 10% fyrir árið 2020.
15. Árið 2020 verði færni íslenskra grunnskólanemenda sambærileg við 10 efstu þjóðir samkvæmt OECD PISA rannsókninni á lesskilningi og læsi á stærðfræði og raungreinar.¹

1 Forsætisráðuneytið, 20/20 áætlunin

Þá virðist hlutur grunnstoða atvinnulífsins, á borð við sjávarútveg og orkuviðnað, í sókn næstu 10 ára að mati stjórnvalda verða rýr. Meiri áhersla er lögð á nýja og óumdeilda atvinnustarfsemi sem tengist skapandi greinum, græna hagkerfinu og hátækni. Þetta dregur úr trúverðugleika áætlunarinnar.

Ef ekki er hugað vandlega að þessum málum er hætt á að önnur markmið áætlunarinnar, t.a.m. um jafnrétti og aukinn jöfnuð, góða andlega heilsu, atvinnuleysi eða menntastig verði að talsýn. Ákvarðanir um framtíðarfyrikomulag LSR gætu einar og sér ráðið miklu um árangur áætlunarinnar. Í þann ríkistryggða sjóð er gert ráð fyrir að um 420 ma. kr. vanti frá 2025 og fyrir tæpum 12 árum leit út fyrir að allt fé sjóðsins yrði uppuríð 2014. Því var tekin sú ákvörðun að hefja sérstakar innborganir í deildir sjóðsins umfram lögbundin iðgjöld, sem frestaði vandanum um 11 ár. Þessi ákvörðun og ríkisábyrgð á greiðslum sjóðsins hefur hins vegar kostað skattgreiðendur tæpa 120 milljarða króna frá árinu 2000. Til að setja þá fjármuni í samhengi þá samsvara þeir um fimmföldum niðurskurði fjárlaga á yfirstandandi ári eða rekstri bróðurparts velferðarkerfisins í heilt ár.

Mynd 5.3 Framlög ríkisins til Lífeyrissjóðs opinberra starfsmanna



5.3.2 Áherslur í ríkisfjármálum óljósar

Síðastliðin tvö ár hafa ríflega 100 efnisbreytingar verið gerðar á skattalögum ýmist undir formerkjum aukins jöfnuðar eða nauðsynjar. Ekkert lát virðist vera á breytingum því sóknaráætlun stjórnvalda gerir ráð fyrir að „ráðist verði í endurskoðun á skattkerfinu til að tryggja norræna velferð, samkeppnishæft atvinnulíf og sanngjarna tekjuskiptingu.“ Verði þessi endurskoðun í takti við breytingarnar fram til þessa má ætla að skattkerfið muni hamla verðmætasköpun, enda veruleg áhersla verið lögð á hækkun tekjuskatts fyrirtækja og fjármagnstekjuskatts.

Forsvarsmenn atvinnulífsins hafa sýnt því fullan skilning að grípa hafi þurft til aðgerða á tekjuhlíð ríkissjóðs í kjölfar bankahrunsins. Vegna verulegs halla og víðtæks skuldavanda fyrirtækja og heimila var ekki unnt að láta skatttekjur dragast saman að því marki sem æskilegt hefði verið miðað við að jafnvægi væri náð í rekstri ríkissjóðs. Fórna þurfti tímabundið sveiflujafnandi hlutverki skattkerfisins til að bæta afkomu ríkissjóðsins. Aðgerðir stjórnvalda í skattamálum hafa hins vegar gengið mun lengra en er skynsamlegt og vísast þar einna helst til skatta á fyrirtæki og fjármagn. Samkvæmt nýlegum rannsóknum OECD er tekjuskattur fyrirtækja er sá skattur sem hefur hvað neikvæðust áhrif á hagvöxt. Samkvæmt athugun stofnunarinnar hefur lækkun hans mjög jákvæð áhrif á framleiðni þeirra atvinnugreina sem hafi hvað mesta vaxtarmöguleika.

Með því að lækka skatta á fyrirtæki er hvatt til fjárfestinga í þeim greinum sem hafa mestan möguleika á framleiðniaukningu og þar með er ýtt undir hagvöxt. Hærrí fyrirtækjaskattar hafa slæm áhrif á fjárfestingu, skekkja samkeppnisstöðu atvinnugreina og auðvelda áframhaldandi rekstur í óarðbærum greinum að mati OECD.³

Niðurskurður eða skattahækkanir?

Undanfarin misseri hefur mikil umræða farið fram um hvort heppilegra sé að hækka skatta eða draga úr útgjöldum hins opinbera til að þess koma jafnvægi á opinber fjármál. Nýleg rannsókn tveggja prófessora við Harvard háskóla, Alberto Alesina og Silvia Ardagna¹, bendir til að hagfelldara sé að leggja áherslu á niðurskurð útgjald til að efla hagvöxt og bæta skuldastöðu. Úttekt Alesina og Ardagna byggir á gögnum frá 21 OECD ríki á tímabilinu 1970 til 2007 þar sem efnahagsáföll leiddu til að þörf var á aðlögun opinberra fjármála. Meðal ríkja sem rannsóknin náði til voru Danmörk, Svíþjóð, Noregur og Finnland. Helstu niðurstöður rannsóknarinnar eru eftirfarandi:

1. Aðlögun í ríkisfjármálum sem felst í samdrætti í útgjöldum og engum skattahækkunum er líklegri til að ýta undir hagvöxt, draga úr halla og skuldum

hins opinbera en aðlögun sem felst í skattahækkunum.

2. Aðgerðir í ríkisfjármálum sem byggjast á skattalækkunum frekar en auknum útgjöldum eru líklegri til að örva hagvöxt.

Ef marka má þessar niðurstöður væri vænlegri leið í aðlögun í ríkisfjármálum og til að ýta undir hagvöxt hérlendis að ráðast í aukinn niðurskurð í opinberum útgjöldum frekar en róttækar breytingar á skattkerfinu. Núverandi breytingar á skattakerfinu umbylta grónu rekstrarumhverfi til áratuga og ætlast er til þess að atvinnulíf og launþegar lagi sig að breyttu umhverfi á undraskömmum tíma. Vera má að einfalt sé að fresta nauðsynlegum niðurskurði hjá hinu opinbera en það er ekki vænlegt til að bæta skuldastöðu hins opinbera og efla hagvöxt hérlendis á komandi árum.



Kristín Pétursdóttir, Auður Capital


¹ Greinin heitir „Large changes in fiscal policy: taxes versus spending“ frá því í október á síðasta ári. Höfundar hennar eru Alberto Alesina and Silvia Ardagna sem eru báðir prófessorar við Harvard háskóla í bandaríkjunum. Greinina er hægt að nálgast á eftirfarandi vefslóð: <http://url.is/4n1>

Það er álit OECD að ríkisfjármálastefna aðildarríkja eigi á næstu árum að taka mið af fjölmörgum þáttum, en þeirra á meðal má nefna að:

- Skattalækkanir fjármagnaðar í framtíðinni með niðurskurði óskilvirkra opinberra gjalda geta haft tiltölulega mikil jákvæð áhrif á hagvöxt til langframa, svipuð og fjárfestingar í innviðum.
- Varanleg eins prósentustiga lækkun í meðaltals skattbyrði einstaklinga eykur til langtíma atvinnustig um 0,4% í dæmigerðu OECD landi.
- Niðurskurður skilvirkra útgjalda á borð við menntun, samgöngur, fjarskipti, rannsóknir og nýsköpun getur skaðað líf skjör til lengri tíma, nema þeim sé mætt með umtalsverðri framleiðniaukningu á öðrum sviðum.
- Með því að draga úr regluverki sem hamlar samkeppni má hraða framleiðniaukningu og með því að taka upp bestu viðmið OECD á þessu sviði má auka landsframleiðslu á mann um sem nemur 2,5% í hefðbundnu OECD landi.
- Almennt hafi aðlögun ríkisfjármála neikvæð áhrif á landsframleiðslu á mann til lengri tíma litið fari hún fremur fram í gegnum skattahækkunir en niðurskurð opinberra gjalda.
- Til að efla hagvöxt og bæta skuldastöðu ríkja er heppilegra að ráðast í niðurskurð opinberra útgjalda en skattahækkunir.

Eins og stuttlega er fjallað um hér að ofan hefur stefna stjórnvalda að miklu leyti gengið þvert á þessar áherslur. Skattar hafa almennt verið hækkaðir, margir verulega. Opinber útgjöld hafa dregist að hluta saman, en áherslan hefur um of verið á frestun útgjalda og nýtingu uppsafnaðra fjárheimilda eins og Viðskiptaráð fjallaði nýlega um í skoðuninni *Fjárlagafrumvarpið 2011 – niðurskurður að nafninu til*.

Mynd 5.4 Breytingar á nokkrum sköttum og gjöldum (2007-2011)



5.3.3 Óskýr menntastefna skapar vanda


Á síðustu misserum hefur skort á samræmingu atvinnu- og menntastefnu. Slík samræming er mikilvæg þróun atvinnulífs en einnig vegna skilvirkrar nýtingar opinberra fjármuna.

Hvað hið opinbera varðar þá veldur fjölgun útskrifaðra nemenda í tilteknum greinum ákveðnum ráðningaþrýstingi. Það er vegna þess að ríki og sveitarfélög eru stærstu vinnuveitendur þeirra sem menntaðir eru t.a.m. í kennslufræðum og félags- og heilbrigðisvísindum. Frá árinu 1999 hefur skráðum nemendum í þessum fögum fjölgað umtalsvert, eða allt frá 72% til 120%. Fram til ársins 2008 voru tiltölulega hæg heimatökin hjá hinu opinbera að standa undir þessari fjölgun. Fjárhagslegt svigrúm var umtalsvert vegna verulegs tekjuauka á þessum árum og ráðningaþrýstingur var takmarkaður fyrir 1999 þar sem aðsókn í háskóla á þeim tíma var ekki nema í meðallagi.

Síðustu ár hefur hins vegar þrengt að í opinberum fjármálum og aðsókn aukist í háskóla. Ekki er útilokað að aðsókn aukist enn frekar á komandi árum og jafnvel í þá átt að ofangreindar námsgreinar vaxi hlutfallslega miðað við aðrar vegna forgangsroðunar stjórnvalda í niðurskurði til menntakerfisins. Þar verða tæknigreinar verr úti en aðrar, en það eru þær greinar sem atvinnulífið þarfnast hvað mest um þessar mundir og á næstu árum. Vegna þessarar þróunar er rétt að fagna tilkomu einkafyrirtækja á sviðum þar sem þörf er á kröftum einstaklinga með áður nefnda menntun. Slík fyrirtæki munu ekki eingöngu koma til með að draga úr brottflutningi menntafólks og hindra þannig spekileka heldur jafnframt eiga sinn þátt í að draga úr ráðningaþrýstingu á ríki og sveitarfélög.

Auk þess að gagnast hinu opinbera myndi heildstæð atvinnu- og menntastefna yta undir þátttöku í verðmætaskapandi greinum, sem gagnast hagkerfinu í heild. Eins og staðan er í dag stendur framboð af tæknimennuðu fólki mikilvægum útflutningsgreinum fyrir þrífum, sérstaklega þeim er tengjast hugverki. Að óbreyttu er frekari vöxtur fyrirtækja í hugverkageira ekki líklegur vegna þess að verkefni verða staðsett þar sem hæft vinnuafli er fyrir hendi, sem er utan Íslands. Alþjóðavæðing fyrirtækja af þessari gerð

Mynd 5.5 Fjöldi nemenda á háskólastigi eftir námsbraut (1999 og 2009)



er fagnaðarefni. En vegna ómarkvissrar menntastefnu eru líkur á að sífelld stærri þáttur verðmætasköpunar þessara fyrirtækja flytjist af landinu. Fari svo eru fyrirtækin eðlilega lítt áhugasöm um að styðja rannsóknir við háskóla landsins, sem missa fyrir vikið spón úr aski sínum. Við þessu þarf að bregðast með auknu framboði vel menntaðs fólks, sérstaklega á tæknisviðum, og fjölgun starfa innan einkageirans.

5.3.4 Óvissa um peningastefnu

Sóknaráætlun stjórnvalda er rýr þegar kemur að peningastefnu, sem þó hefur afgerandi áhrif á samkeppnishæfi atvinnulífs. Frá því fjármála- og gjaldeyriskreppan skall á hefur megin viðfangsefni peningastefnufndar Seðlabankans verið að stuðla að stöðugu gengi krónunnar, í samræmi við sameiginlega efnahagsstefnu stjórnvalda, Seðlabankans og AGS. Ljóst er að sú stefna gengur ekki til langframa ef markmiðið er að endurvekja frjálsa fjármagnsflutninga. Hins vegar gæti stefnan verið lausn til skemmri tíma á meðan Ísland býr við gjaldeyrishöft og strangar skorður á fjármagnsflutninga.

Fyrir skemmstu kynnti Seðlabankinn skýrslu um peningastefnuna þar sem bankinn gerir grein fyrir helstu sjónarmiðum er varða framtíðarfyrirkomulag gengis- og peningamála.⁴ Skýrslan sjálf er nauðsynlegt innlegg í umræðuna, en almenn samstaða er um að núverandi ástand hafta valdi miklu óhagræði, sérstaklega til lengri tíma. Höft á fjármagnsflutninga rýra trúverðugleika hagkerfisins og orðstír margra íslenskra fyrirtækja.

Möguleikar á eðlilegum vexti íslenskra fyrirtækja utan landsteinanna eru auk þess takmarkaðir og höftin rýra samkeppnishæfni þeirra á alþjóðavettvangi. Óvissa um framtíðarfyrirkomulag gjaldmiðils- og peningamála dregur jafnframt úr getu fyrirtækja til að gera langtímavíðskiptaáætlanir og kemur að hluta í veg fyrir að þau geti nýtt sér veikt gengi krónunnar til aukinna erlendra viðskipti. Þá er óvissan það mikil að hún skapar í raun aðgangshindrun fyrir innlenda aðila sem vilja sækja á erlenda markaði.


Eins og farið er yfir í áður nefndri skýrslu Seðlabankans þá er það mat bankans að skjóta þurfi fleiri stöðum undir peningastefnuna og efnahagsstefnuna almennt. Það megi læra af reynslu síðustu ára. Seðlabankar þurfi nú að horfa til fleiri þátta en verðstöðugleika og þeir þurfi fleiri tæki en vaxtataekið til að vinna á móti undirliggjandi ójafnvægi á fjármálamörkuðum. Þessi tæki kys Seðlabankinn að kalla „þjóðhagsvarúðartæki“ og eru nokkur þeirra nefnd. Hér má taka undir með Seðlabankanum að einhverju leyti, því ljóst er að forsenda þess að reka héraendis sjálfstæðan gjaldmiðil til frambúðar er að öll umgjörð fjármálakerfisins verði styrkt til muna. Sú stefna sem Seðlabankinn lýsir, og kallar „verðbólguþáttur“, ber hins vegar með sér viðtæk úrræði og inngrip af hans hálfu, sem allar líkur eru á að setja muni atvinnu- og efnahagslífi óþarflega þröngar skorður.

Tryggja verður stöðugleika

Að einhverju leyti er þessi nálgun Seðlabankans skiljanleg. Það hefur reynst erfitt verkefni að viðhalda verðstöðugleika frá því verðbólguþáttur var tekið upp árið 2001. Ýmsir kerfislægir þættir áttu þar sök en þar má m.a. nefna útbreidd notkun verðtryggingar, aukið aðgengi og mikil ásókn í lán í erlendum gjaldmiðlum, einkum vegna mikils vaxtamunar við útlönd. Áhrifaleysi bankans endurspegladist hvað best í að vaxtahækkningar hans á uppgangstímum höfðu ekki tilætluð áhrif í baráttunni gegn verðbólgu.

Mynd 5.6 Úr viðhorfskönnun Viðskiptaráðs meðal forsvarsmanna fyrirtækja


Telur þú að íslenska krónan eða annar gjaldmiðill þjóni best hagsmunum íslensks viðskiptalífs?



⁴ Seðlabanki Íslands, *Peningastefna eftir höft*, sérrit nr. 4, 2010

Mynd 5.7 Úrviðhorfskönnun Viðskiptaráðs meðal forsvarsmanna fyrirtækja

Telur þú að hagsmunum íslensks viðskiptalífs sé betur borgið innan Evrópusambandsins (ESB) eða utan þess?



Niðurstaða umfjöllunar Viðskiptaráðs á síðustu misserum er sú að val Íslendinga standi á milli tveggja kosta. Annars vegar upptaka evru að undangenginni aðild að Myntbandalagi ESB eða áframhaldandi sjálfstæð peningamálastefna með krónuna. Með hliðsjón af fenginni reynslu og þeirri mynd sem Seðlabankinn hefur nú dregið upp með „verðbólguarmiði plus“ má réttilega velta því upp hvort krónan sé raunverulegur valkostur. Segja má að hagsmunamatið sé orðið auðveldara í kjölfar útgáfu skýrslu Seðlabankans. Víðtæk inngríp af hálfu bankans munu bætast ofan á aðra galla tengda sjálfstæðri peningamálastefnu, á borð við miklar gengissveiflur, verðbólgu og hátt vaxtaálag.

Að þessu sögðu þá er aðild að Evrópusambandinu og innganga í myntbandalagið ekki töfralausn. Því verður þó að halda til haga að raunverulegir efnahagslegir kostir fylgja aðild og þeir verða ekki kannaðir til hlítar nema með því ferli sem nú er farið af stað. Endanlegt mat á kostum og göllum aðildar þarf að fara fram þegar samningur liggur fyrir og vega verður þá og meta hvort aðild sé hagstæð íslensku viðskiptalífi og samfélagi. Þar mun án efa bera hæst upptaka evrunnar sem mun bera með sér aukinn stöðugleika fyrir hagkerfið í heild.

Þessir kostir yrðu þó ekki án fórna. Upptaka evru myndi krefjast mikils aga í ríkisfjármálum, ósamhverfar sveiflur gætu skapað erfiðleika í hagstjórn og ósveigjanlegt raungengi veldur því að nafnlaun þyrfti að lækka á erfiðleikatímum. Fram til þessa hefur einna helst verið horft á síðarnefnda ókostinn í umræðunni. Krónan hefur vissulega dregið úr högginu á framleiðslustig þjóðarinnar í efnahagslægd síðustu tveggja ára. Það hefur hins vegar verið á kostnað lífskjara. Í raun má því segja að krónan sé raunverulega búin að draga verulega úr kaupmætti hagkerfisins, en um leið hefur hún með því gert það samkeppnishæfa. Aftur á móti er sú spurning knýjandi hvort hægt verði að tryggja öflugan hagvöxt á næstu áratugum á grundvelli íslensku krónunnar. Frjálst flæði fjármagns er ein grunnstoða nútíma hagkerfa og enn hefur ekki verið sýnt fram á með sannfærandi hætti hvernig íslensku krónunni og þar með íslensku efnahagslífi muni reiða af eftir að núverandi höftum verður aflétt.

Það má fara yfir helstu kosti og galla hvorrar leiðar í löngu máli. Á endanum þarf peningamálastefnan, hver sem hún verður, fyrst og fremst að tryggja stöðugleika í hagkerfinu. Seðlabankinn hefur útskýrt hvað til þarf ef ætlunin er að halda áfram með krónuna. Stjórnvöld hafa sótt um aðild að Evrópusambandinu og þar með opnað á hugsanlega aðild að myntbandalaginu og upptöku evru. Það er álit Viðskiptaráðs að þeirri umsókn verði nú að fylgja eftir af fullri einurð og reyna til þrautar að ná samningi þar sem sérstökum hagsmunum Íslands verði skilyrðislaust haldið til haga.

5.3.5 Óskýr framtíðarsýn í sóknaráætlun

Tæpt er á mörgum þeirra þátta sem nefndir eru hér að framan í sóknaráætlun stjórnvalda, en markmið eru ekki sett. Gefur það til kynna að einhverjir þeirra krefjist nánari umþóttunartíma vegna umfangs. Engu að síður verða skýrar tillögur að liggja fyrir fyrir um mörg þessara mála, bæði innan úr stjórnkerfinu og atvinnulífi. Auk þess kallar umfang þess vanda sem við er að etja, t.a.m. í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, á að unnið sé hratt að lausn.

Farsæl úrlausn ofangreindra mála mun þó aðeins að hluta auðvelda stjórnvöldum að ná samfélagsmarkmiðum áætlunarinnar. Meginforsenda þess að þeim verði náð er öflugt atvinnulíf sem stendur undir verðmætasköpun og þar með skatttekjum. Aðaláherslur

flestra samkeppnislanda okkar undanfarin misseri og til næstu ára endurspeglar þetta ágætlega. Aðgerðir til eflingar menntunar, nýsköpunar, samkeppni og umsvifa einkaaðila í hagkerfinu eru þar í forgrunni. Hér greinir helst á milli aðgerða íslenskra stjórnvalda og annarra landa.

Sóknaráætlun 20/20 er ekki nægilega skýr til þess að hún nýtist til góðrar leiðsagnar. Þetta á við hvort sem horft er frá sjónarhorni einkageirans og þeirra 130 þúsund manns sem þar starfa, sjónarhorni opinbera geirans þar sem 40 þúsund manns starfa, eða sjónarhorni erlendra fjárfesta. Það er því mat Viðskiptaráðs að nálgun stjórnvalda til þessa muni ekki að öllu óbreyttu skila nægilegum árangri í uppbyggingu atvinnulífs og hagvaxtar til að standa undir þeim metnaðarfullu markmiðum sem sett eru um lífskjör, velferð og jöfnuð.

5.4 Fordæmi frá öðrum löndum

Þrátt fyrir að talsvert vanti uppá til að sóknaráætlun stjórnvalda teljist heildstæð nálgun á framtíðaruppbyggingu Íslands, þá er hún eigi að síður ágætt innlegg. Það er fagnaðarefni að ríkisstjórnin stefni á að koma Íslandi á lista meðal tíu samkeppnishæfustu ríkja heims árið 2020. Til að svo megi vera ættu stjórnvöld að horfa til þeirra ríkja sem standa fremst á hverju sviði, en ekki einskorða sig við eina fyrirmynd. Margt má læra af Norðurlöndunum, sem hafa einna helst verið fyrirmyndin til þessa, en ekki síður af öðrum löndum sem státa af stöðugum og afar góðum lífskjörum. Má þar t.a.m. nefna Sviss, Ástralíu, Bandaríkin og ýmis ríki Evrópusambandsins og iðnríki Asíu. Önnur fyrirmynd er Kanada, sem nú er að efla hvata til allra fjárfestinga sem og að hvetja fyrirtæki til að styrkja rannsóknarstarf og að fjárfesta í nýsköpun. Með því að leita fanga víða auka stjórnvöld líkur á að þjóðin nái sér fljótt úr núverandi öldudal og Íslendingar búi áfram við lífskjör eins og þau gerast best.

Hafa ber þó í huga að flest ofangreindra ríkja stefna að svipuðum markmiðum um alþjóðlega samkeppnishæfni og Ísland. Það er því á brattann að sækja. Ein leið væri þó að kanna til hvaða ráða önnur lönd grípa næstu misserin og gera betur. Þar má m.a. nefna:

- Breytingar á skattkerfinu til að einfalda kerfið, draga úr misræmi við önnur ríki og ýta undir umsvif.
- Fjárfestingar í innviðum, t.a.m. samgöngum.
- Aukin áhersla á menntun og nýsköpun.
- Vinnumarkaðsúrræði.
- Einfaldað verklag við stofnun fyrirtækja.
- Draga úr reglum sem takmarka samkeppni.
- Einföldun á gjaldprotalöggjöf til að flýta fyrir endurskipulagningu.
- Aukin skilvirkni opinbera geirans.
- Endurbætur á fjármálakerfinu.
- Breytingar á löggjöf til að auðvelda aðgengi erlendra fyrirtækja og fjárfesta.
- Stjórnkerfisbreytingar, t.a.m. með sameiningu ráðuneyta og fækkun opinberra starfsmanna

Mynd 5.8 Tíu samkeppnishæfustu þjóðir heims árið 2009

Sæti	Land
1	Sviss
2	Svíþjóð
3	Singapúr
4	Bandaríkin
5	Þýskaland
6	Japan
7	Finnland
8	Holland
9	Danmörk
10	Kanada

Áherslur OECD

Efnahags- og framfarastofnunin hefur mælst til að ríki fari varlega í að hækka skatta á fyrirtæki og einstaklinga. Þá telur OECD að ríki verði að halda sig frá innleiðingu aðgerða til verndar innlendrar framleiðslu frá erlendri samkeppni og telur raunar að vel hafi tekist til á því sviði þrátt fyrir efnahagslæggðina. Ísland hagnast, eins og hin OECD ríkin, af þátttöku sinni í alþjóðavæðingu síðustu ára. Ekki þarf að fara mörgum orðum um áhrif þess fyrir innlendan efnahag ef viðskiptalönd hefðu innleitt háa verndartolla á íslenskar sjávarafurðir.

OECD hvetur ríki til að halda áfram á svipaðri braut á næstu árum, en jafnframt að draga eins fljótt og auðið er úr sértækum verndar- og styrkjaúrræðum vegna efnahagslæggðarinnar. Slíkar aðgerðir, á borð við fjárhagsstuðning við einstaka atvinnugreinar, geta haft langvarandi neikvæð áhrif á samkeppni, hagkvæma nýtingu framleiðsluþátta og þar með framleiðniaukningu. Skammtímaávinningur slíkra aðgerða vegur þar ekki upp á móti.⁵

5.4.1 Ísland: Á skjön við alþjóðlega þróun

Viðskiptaráð hefur lagt til að íslensk stjórnvöld fylgi áherslum á borð við þær sem líst er hér að ofan að því marki sem erfið staða ríkissjóðs og miklar skuldir fyrirtækja og heimila leyfa. Aðgerðir stjórnvalda bera hins vegar með sér aðra nálgun en þá sem t.d. OECD hefur mælt með, en þar má nefna:

- Nýja skatta á atvinnurekstur og hækkun annarra atvinnu- og fjárfestingatengdra skatta
- Hækkun skatta á tekjur og neyslu einstaklinga
- Verulegan niðurskurð til háskóla landsins og þá einkum tæknimenntunar
- Flóknara verklag við stofnun fyrirtækja, gangi tiltekna lagabreytingar fram
- Almenna óvissu um grunnatvinnuvegi á borð við sjávarútveg og orkuviðnað
- Aukna ríkisvæðingu sem er til þess fallin að draga úr samkeppni á tilteknum mörkuðum
- Hækkun innflutningstolla af ýmsu tagi, m.a. til verndar innlands landbúnaðar

Að auki má nefna aðgerðir á borð við opinbera atvinnusköpun af ýmsu tagi, þar sem langtímahagkvæmni er fórn að fyrir skammtímaávinning. Flestar þessar aðgerðir hafa verið settar fram undir þeim formerkjum að bregðast þurfi við yfirstandandi efnahagsþrengingum. Fátt bendir hins vegar til að breytingar verði þótt rofi til. Framhald á þessum áherslum stjórnvalda og skortur á raunhæfum aðgerðum í sóknaráætlun gefa ekki tilefni til bjartsýni um að Ísland verði komið í hóp samkeppnishæfustu ríkja innan fárra ára.

Til að gæta sanngirni er rétt að nefna nýlega var ákveðið að leggja í umtalsverðar vegaf framkvæmdir í nágrenni Reykjavíkur, lögð hafa verið drög að skattalegum hvötum til nýsköpun og gjaldþrotaferlið verið einfaldað að einhverju leyti. Þetta eru allt skref í rétta átt, en betur má ef duga skal.


5 OECD, Going for growth 2010

5.5 Atvinnustefna

5.5.1 Nýta þarf slakann í hagkerfinu

Umtalsverður slaki er nú í íslensku hagkerfi. Í Peningamálum Seðlabankans frá í maí 2010 er bent á að þegar núverandi kreppa er borin saman við síðustu tvær, árið 1990 og 1967, má sjá að kreppan nú er dýpri og viðspyrna hagkerfisins minni. Mikið er því af vannýttum framleiðslupáttum, s.s. mannauði, fjármagni, auðlindum og þekkingu. Til dæmis hefur einstaklingum í fullu starfi fækkað um tæplega 17 þúsund frá lokum árs 2007. Þar að auki áætla Seðlabankinn að um 28.000 þúsund ársverk hafi tapast frá miðju ári 2008 fram í maí 2010.

Mynd 5.10 Þrjú samdráttarskeið í íslensku efnahagsögu




Heimild: Seðlabankinn

5.5.2 Fjárfesting leiðir til atvinnusköpunar

Til að endurreisa hagkerfið og koma af stað hagvexti er nauðsynlegt að fjárfesting verði aukin til mikilla muna. Aukin fjárfesting, í vélum og tækjum, markaðssókn, menntun og rannsóknum leiðir til aukinnar atvinnu. Frá bankahruni hefur fjárfesting í atvinnulífinu verið í sögulegu lágmarki. Þetta er ekki óeðlilegt miðað við þá óvissu sem ríkt hefur frá hruni, samfara umfangsmiklum skattabreytingum og samdrætti í eftirspurn. Vísbendingar eru um jákvæðan hagvöxt á síðasta ársfjórðungi 2010. Sá vöxtur byggði hinsvegar að miklu leyti á aukinni einkaneyslu, sem verður aldrei varanlegur grunnur eflingar hagkerfisins.

Mynd 5.9 Framleiðsluspenna og -slaki íslenska hagkerfisins



Heimild: Seðlabankinn

Vegna þess hversu gengi krónunnar hefur lækkað, hafa útflutningsgreinar skilað auknum gjaldreyri til landsins. Það er hins vegar óraunhæft að ætlast til að útflutningur aukist og störf verði til án þess að fjárfest sé í innviðum greinanna. Að auki er framleiðslugeta margra útflutningsgreina háð náttúrulegum takmörkunum, sem knýr enn fremur á um fjárfestingu í tækni sem gefur af sér aukna framleiðni.

5.5.3 Einkageirinn skapar verðmæti

Skilvirkasta leiðin til að stuðla að hagvexti felst í að einkarekstri verði búið gott umhverfi og stór og smá fyrirtæki þannig studd til aukinnar verðmætasköpunar. Auka þarf hagkvæmni, vinna þarf nýja markaði og þróa nýstárlegar vörur og þjónustu sem skapa aukin verðmæti. Til að svo verði, þarf að ýta undir frumkvöðlahugsun í rekstri fyrirtækja, að stjórnendur þeirra taki hóflega áhættu og sækja fram. Þau sterku fyrirtæki sem Íslendingar horfa hvað stoltastir til í dag eru afrakstur ákvarðana frumkvöðla sem tóku slíka áhættu. Þar skapar afstaða frumkvöðla gærdagsins verðmæti og störf dagsins í dag.

Ljóst er að ekki munu allir hafa erindi sem erfiði þegar stofnað er til atvinnustarfsemi, en jafnvel þar sem upphafleg markmið frumkvöðla hafa ekki náðst skilar það sér síðar. Saga OZ, sem gerð er grein fyrir hér að framan, er dæmi um hvernig þrautaganga eins fyrirtækis og þeirra sem það studdu hefur síðan skilað verðmætum og atvinnu fyrir fjölda vinnufúsra handa á ólíklegustu sviðum. Það er því mikilvægt að jákvæð afstaða til atvinnurekstrar og framtaksemi verði ríkjandi, sérstaklega í kjölfar áfalla eins og þeirra sem dundu yfir íslenska hagkerfið árið 2008.

Almennir geirinn er undirstaða hins opinbera

Almennt má segja að því meiri sem umsvif hins opinbera eru því minna svigrúm er til staðar fyrir starfsemi einkaaðila. Vöxtur framleiðni er svo meiri innan einkageirans heldur en hjá hinu opinbera og því er grunnforsenda langtímahagsældar að kraftar einkaframtaksins séu nýttir til hins ýtrasta. Það er verkefni atvinnulífsins að stuðla að framþróun og aukinni verðmætasköpun og verkefni stjórnvalda er að sjá til þess að almenn skilyrði atvinnurekstrar séu með þeim hætti að sú framþróun geti átt sér stað.

Ekki má gleyma því að hagsmunir atvinnulífs eru samtvinnaðir hagsmunum heimila. Heimilin þurfa á atvinnu að halda og fyrirtækin, sem ekki verða starfrækt án fjármagns og mannaúds, þurfa á heimilunum að halda. Á þessu samspili hvílir svo rekstur hins opinbera. Eftir því sem lífskjör heimila batna og tekjur fyrirtækja aukast, þeim mun betur gengur að standa undir sameiginlegri þjónustu og velferðarkerfinu sem Íslendingar sækjast eftir.

„Hagsmunir atvinnulífs eru samtvinnaðir hagsmunum heimila“


5.5.4 Stuðningsstuðull atvinnulífsins

Almennir geirinn er undirstaða þess að hið opinbera geti veitt nauðsynlega þjónustu s.s. heilsugæslu og menntun, greitt atvinnuleysistryggingar til þeirra sem eru án vinnu og greitt lífeyri og bætur til þeirra sem standa utan vinnumarkaðarins svo fátt eitt sé nefnt. Þegar geta samfélagsins til að standa undir þessari þjónustu er metin er áhugavert að skoða það sem mætti kalla stuðningsstuðul atvinnulífsins.

Árið 2010 stóð hver einstaklingur á almennum vinnumarkaði að baki 1,54 einstaklingi (fyrir utan sjálfan sig) sem t.a.m. var fjármagnaður með opinberu fé eða millifærslum. Þarna er um að ræða allt starfsfólk hins opinbera, auk þess sem sameiginlegir sjóðir eru nýttir til stuðnings við lífeyrisþega, öryrkja og þá sem eru án atvinnu.

Eftir því sem hlutfallið er hærra því fleirum stendur hver starfsmaður í einkageiranum undir. Til samanburðar þá stóð hver starfsmaður í almennageiranum undir 1,29

Mynd 5.11 Stuðningsstuðull atvinnulífsins



Heimildir: Hagstofan; McKinsey; útreikningar Viðskiptaráðs


starfsmanni utan almenna markaðarins árið 2007. Því hefur þessi stuðull versnað um tæp 20% frá árinu 2007.

Nauðsynlegt er að hafa í huga að ýmis sú þjónusta sem veitt er af hálfu hins opinbera er verðmæt og mikilvæg fyrir samfélagið. Jafnframt eru mikil samfélagsleg verðmæti fólgin í því að sameiginlegir sjóðir landsmanna geti veitt þeim sem á því þurfa að halda, tímabundið eða til langframa, þá hjálp sem nauðsynleg er til þess að geta lifað mannsæmandi lífi. Þeir útreikningar sem hér eru birtir leggja ekki mat á mikilvægi þjónustu hins opinbera. Aðeins er verið að benda á að eftir því sem stuðullinn er lægri því öflugra er hagkerfið og því líklegra er að það markmið náist að tryggja hag og afkomu þeirra sem þurfa á aðstoð að halda.

Búum að því að vera ung þjóð

Þessi þróun er áhyggjuefni, sérstaklega þegar horft er til annarra viðbragða við efnahagshruninu, s.s. hærri skatta, samdráttar í eftirspurn og verri almennra skilyrða til atvinnurekstrar. Það kemur sér hins vegar vel að aldursamsetning þjóðarinnar er hagfelld, eins og greint var frá í kafla 4. Sú staðreynd gerir viðfangsefnið þó að mörgu leyti brýnna. Verkefni næstu fjögurra ára er að skapa í það minnsta 14 þúsund störf fyrir þá sem eru atvinnulausir nú eða bætast þá vinnumarkaðinn. Þetta er viðfangsefni atvinnulífsins, að veita þessum stóra hópi störf sem skapa aukin verðmæti fyrir þjóðfélagið.

Mynd 5.12 Þróun stuðningsstuðuls atvinnulífsins



Heimildir: Hagstofan; McKinsey; útreikningar Viðskiptaráðs

5.5.5 Fylgir atvinnusköpun ætíð verðmætasköpun?

Endurskipulagning íslensks hagkerfis er á krossgötum. Margar erfiðar ákvarðanir hafa verið teknar í fjárlögum þessa árs til að rétta af fjárhag ríkissjóðs og engum dylst að staðan er erfið. Af þeim sökum er brýnt að forgangsröðun verkefna sé skýr og miði að hagsmunum heildar og verðmætasköpun til framtíðar. Þó virðist sem stjórnvöld séu ekki nægilega meðvituð um mikilvægi verðmætasköpunar og hagvaxtar. Af umræðum á vettvangi stjórn mála mætti jafnvel ráða að stór hluti atvinnulífs sé annað hvort talinn óþarfur eða óæskilegur. Þetta er skaðlegur þankagangur, því hagvexti við núverandi aðstæður verður ekki náð með afturhvarfi til ríkisforsjár og handstýringar.

Lífsgæði byggja á því að skapa sem mest verðmæti með sem minnstum tilkostnaði. Í því felst viðleitni til að færri hendur vinni sama verk. Aukin framleiðni er þannig forsenda aukins kaupmáttar á komandi árum. Af þessari ástæðu getur það markmið að skapa störf aldrei verið óháð þeim verðmætum sem þau skapa og fastheldni á störf og vinnulag gærdagsins bitnar á hagvexti komandi ára.

Meiri verðmæti með sem fæstum störfum

Á langri sögu Íslands og mannkyns alls eru fjölmörg dæmi um að störf hafi orðið óþörf vegna framfara af ýmsu tagi. Tækni hefur fleygt fram á öllum sviðum og störfum fækkað á flestum atvinnugreinum. Framleiðsla og verðmætasköpun hefur hinsvegar aukist og ný og verðmætari störf orðið til á öðrum sviðum. Þetta er hin eðlilega þróun framfara sem leiðir alla jafna til bættra lífskjara fyrir fleiri.

Í umræðu um atvinnusköpun örlar oft á hugmyndum sem virða að vettugi þennan grundvöll bættra lífskjara. Sem dæmi um þetta er því stundum haldið fram að réttast

Áhrif „Luddita“ á Íslandi?

Árið 1811 varð til samfélagshreyfing í Nottingham á Englandi sem kölluð var „Ludditar“ (e. Luddites). Hópurinn samanstóð að mestu leyti af þreskum textílverkamönnum sem mótmæltu aukinni vélvæðingu greinarinnar í kjölfar iðnbyltingarinnar. Ludditar voru þeirrar skoðunar að aukin nýting véla og tækni drægi úr atvinnu og leiddi til fátæktar. Með því að brenna og eyðileggja vélar var hægt að endurheimta störf. Nafn hreyfingarinnar var dregið af goðsagnakenndum forsvarsmanni hennar, Ned Ludd, sem sagður er hafa byrjað að fremja skemmdarverk á vélum fáeinum árum áður en hreyfingin var mynduð.

Mistök Ludditanna lágu í því að þeir áttuðu sig ekki á að með lægri framleiðslukostnaði jókst eftirspurn eftir vörum, markaðir stækkuðu og atvinna jókst. Vélvæðingin gerði framleiðendum kleift að framleiða vöruna með ódýrari hætti sem dró úr þörf á sérhæfðu vinnuafli. Í raun voru Ludditarnir því að berjast gegn bættum almennum lífskjörum í samfélaginu sem

byggðu á hagkvæmari framleiðslu. Þó tæknivæðing hafi gert afmarkaða stétt óþarfa þá var það samfélagslega hagkvæmt að auka afköst, enda hækka laun í takt við aukna framleiðni.

Boðskapur Luddita breiddist hratt um Bretland á árunum 1811 og 1812. Yfirvöld brugðust hinsvegar hart við og eftir nokkur átök var hreyfingin brotin á bak aftur. Þó hreyfing Luddita hafi verið skammlíf í Bretlandi þá virðist nú 200 árum síðar örla á svipuðum hugmyndum í íslenskum stjórn málum. Þó er ekki átt við að stjórn málamenn vilji eyðileggja vélar. Það er frekar að nú eru skref stigin í nafni atvinnusköpunar í átt að óskilvirkari nýtingu auðlinda, t.a.m. í sjávarútvegi. Slík atvinnusköpun er innstæðulaus og ósjálfbær og mun verða á kostnað lífskjara heildarinnar. Æskilegt væri því að hugmyndirnar yrðu álíka skammlífar hér og þær voru í Bretlandi fyrir 200 árum.

veri að landa öllum veiddum afla af Íslandsmiðum hérlendis, skapa þannig störf í heimabyggð og auka þau verðmæti sem fást fyrir afurðirnar. Í þessari umræðu gleymist að huga að því að aukinni vinnslu fylgir ekki alltaf aukin verðmætasköpun. Vel má vera að arður samfélagsins sé hámarkaður með því að varan sé seld óunnin úr landi, sem býr aftur til svigrúm til að sinna öðrum verkefnum.

Þau störf sem þjóðfélagið ætti að sækjast eftir eru verðmæt störf sem efla hag þjóðarinnar umfram það sem fyrir er. Sú sókn snýst í andhverfu sína þegar dregið er úr hagkvæmni til þess eins að fjölga störfum. Vissulega mætti veita öllum störf með þeirri aðferð en það yrði eingöngu á kostnað lífsgæða, nú og til framtíðar.

Atvinnuuppbygging í skugga hafta

Í kjölfar bankahrunsins var komið á höftum á fjármagnsflutninga sem nú hafa veruleg áhrif á uppbyggingu hagkerfisins. Vegna veikingar krónunnar er nú orðið hagkvæmt að framleiða vörur hér á landi sem alla jafna voru fluttar inn fyrir hrun.

Í fyrstu virðist mögulega um jákvæða þróun að ræða, en þó þarf svo ekki að vera. Uppbygging atvinnustarfsemi af þessu tagi byggir á því að krónan haldist veik og þolir ólíklega þá samkeppni sem felst í lækkandi verði á erlendri staðkvæmdarvöru þegar gengið styrkist. Vöxtur sem byggir á þessum forsendum er því í besta falli skammsýnn og ekki til þess fallinn að auka verðmætasköpun samfélagsins til lengri tíma. Gjalddeyrishöftin verða því til þess að bjaga atvinnuuppbyggingu og draga úr skilvirkni.

Hinu er ekki að leyna að íslenska krónan var langtímum saman of sterk og veikti það gengi innlenda framleiðslu og útflutning. Nauðsynlegt er að gengi krónunnar endurspegli sem best framleiðslugetu og framleiðsluþætti hagkerfisins. Þannig næst jafnvægi og nýting framleiðsluþátta verður sem best.

5.5.6 Veljum ekki sigurvegara

Í stjórn mála umræðu er gjarnan talað um mikilvægi þess að efla ákveðnar atvinnugreinar fremur en aðrar, yfirleitt þær sem eru óumdeildar hverju sinni. Með góðum ásetningi leiðast ráðamenn út í að velja tiltekna atvinnugreinar, eða jafnvel fyrirtæki, til sérstaks stuðnings og vaxtar. Sigurvegarar til framtíðar eru því handvaldir, til vaxtar og uppbyggingar atvinnulífs og hagkerfis.

Slíkt val er hins vegar vandasamt verk, sérstaklega þegar forsendur ákvarðana liggja almennt ekki vel fyrir. Ekki er nægilegt að sjá fyrir hvar tækifæri til framtíðaruppbyggingar liggja eða hvaða greinar muni vaxa á komandi árum, heldur þurfa fjölmargir aðrir samverkandi þættir að vera til staðar svo slík áætlun geti gengið upp. Réttir innviðir samfélagsins þurfa að vera til staðar og styðja við umrædda grein, mannauður með þekkingu og vilja til að takast á við verkefnið auk annarra styrkleika sem hægt er að byggja á. Hættan sem val stjórnmalamanna á sigurvegurum felur í sér er að sýn á atvinnulífið þrengist og þær greinar sem njóta hylli ráðamanna söga til sín fjármagn og mannauð sem betur hefði verið nýttur annars staðar.

Af þessum sökum er það afar sjaldgæft að vel takist til við að búa til sigurvegara. Ekki er hægt að ætlast til þess að ráðamenn hafi nægar upplýsingar til að vita hvaða fyrirtæki eða greinar muni hafa hlutfallslega yfirburði á samkeppnismarkaði þegar fram í sækir. Það má vel vera að hægt sé að sjá hvaða atvinnugreinar séu vaxtagreinar komandi árum en hvort einstök fyrirtæki innan þeirra greina muni hafa skapa sér samkeppnisforskot er ómögulegt að spá fyrir um. Fyrir 20 árum höfðu vafalaust margir trú á tölvum og tæknigreinum. Hinsvegar sáu fæstir fyrir að íslenskir tölvuleikja- og stoðtækjaframleiðendur yrðu síðar flaggskip íslensks viðskiptalífs og framarlega á heimsvísu.

„Afar sjaldgæft er að vel takist til við að búa til sigurvegara“

Kísildalur í Frakklandi?

Misheppnaðar tilraunir til að velja sigurvegara má finna beggja vegna Atlantsála. Þekkt dæmi er þegar frönsk stjórnvöld reyndu að umbreyta borginni Brittany í einkonar Kísildal (e. Silicon Valley) Frakklands. Borgin hafði verið höfn fyrir skipasiglingar síðan á átjándu öld en vegna niðurskurðar í framlögum til hernaðarmála þá minnkaði umferð um borgina. Lausn vandans var að búa til einkonar Kísildal í borginni sem einbeitti sér að fjarskiptatækni.

Við þá umbreytingu var hinsvegar ekki tekið tillit til þess að lítil þekking var til staðar á svæðinu í þeim iðnaði og þrátt fyrir aukin umsvif háskóla á svæðinu í greininni þá var það ekki nægilegt til að efla atvinnulífið á svæðinu til uppbyggingar á þessu

sviði. Umtalsverð fjárútlát franskra stjórnvalda til að byggja upp miðstöð fyrir fjarskiptaiðnað á svæðinu voru hreinlega ekki nægileg ein og sér til þess að skapa umhverfi fyrir fyrirtæki í fjarskiptaiðnaði. Skortur á fagþekkingu á svæðinu sem og frumkvöðlaanda orsakaði það að viðskiptahlið þessarar áætlunar komst aldrei á flug.

Þetta dæmi sýnir að þrátt fyrir að einstakir gearar séu fóstoraðir með opinberum fjármunum og öðrum stuðningi þá þarf meira til. Hæpið er að ætlast til þess að frumkvöðlastarfssemi spretti út í vaxandi geira á heimsvísu einvörðungu af því að opinberum fjármunum er veitt í þá starfssemi ef fagþekking og frumkvöðlaandi er ekki innrættur í samfélaginu.

Gróska er nú í nýsköpunar- og sprotastarfi á Íslandi. Hið opinbera eflir þá vinnu mest með hagfelldu rekstrarumhverfi og stuðningi við rannsóknir og þróun. Frumkvöðlum með sérþekkingu og snjallar viðskiptahugmyndir er svo látið eftir að meta hvort markaður er fyrir vöru eða þjónustu sem verið er að þróa. Frumkvöðlar sem taka persónulega áhættu með því að stofna fyrirtæki eru betur til þess fallnir en stjórnálamenn að meta hvort grundvöllur sé fyrir atvinnuuppbyggingu á viðkomandi sviði.

Sterkir innviðir skapa velgengi

Til að stuðla að aukinni atvinnuuppbyggingu er nær að hlúa að innviðunum í samfélaginu. Stefna ráðamenna á ekki að ráðast af því hvort viðkomandi greinar eru vinsælar eða óumdeildar heldur á hún stuðla að því að atvinnuuppbygging geti dafnað á sem flestum sviðum. Besta leiðin til þess er að fjárfesta í innviðum menntakerfisins, efla raungreinamenntun og menntun á háskólastigi í takt við þarfir atvinnulífsins.

Boðskapurinn er í raun sá að forðast að beina nýsköpun og atvinnuuppbyggingu í fyrirfram ákveðinn farveg og reyna að þvinga fram nýsköpun innan tiltekinna atvinnugreina. Það afturhvarf til fortíðar sem felst í því að handstýra atvinnuuppbyggingu er ekki vænleg til árangurs. Fáir eru þess umkomnir að velja sigurvegara og flaggskip atvinnulífsins til framtíðar. Þess þarf heldur ekki, því þau verða til.

5.6 Ísland sem góður valkostur ...

Í alþjóðahagkerfinu ríkir samkeppni um fyrirtæki og vinnuafli sem virðir engin landamæri. Ísland hefur verið virkur þátttakandi í þessari samkeppni á síðustu árum og þrátt fyrir nýleg efnahagsáföll má segja að þokkalega hafi tekist til. Þetta endurspeglast í fjölda góðra fyrirtækja sem orðið hafa til á Íslands og þeim fjölbreyttu tækifærum sem gerð var grein fyrir hér að framan. Engu að síður hefur flótti fólks, fjármagns og fyrirtækja orðið æ meira áberandi á undanförunum mánuðum. Stemma verður stigi við slíkri þróun enda hættuleg hverju hagkerfi. Lykillinn að er verðmætasköpun.

5.6.1 ... fyrir fjölþjóðleg fyrirtæki og ...

Þrátt fyrir að Ísland hafi ekki fallið ykja langt niður á listum um samkeppnishæfni hagkerfa þá er áhyggjuefni að rekstrarumhverfi fyrirtækja hafi versnað jafn mikið og raunin er. Í kjölfar bankahrunsins hefur þurft að grípa til fjölmargra aðgerða til að tryggja sjálfbæra afkomu hins opinbera auk þess sem almenn óvissa, gjaldyrishöft og veiking krónunnar hafa rýrt trúverðugleika.


Lakari samkeppnishæfni hefur umtalsverð áhrif á fýsileika ríkja í augum fjölþjóðlegra fyrirtækja. Þar sem þau eiga auðveldara með að flytja starfssemi sína til landa þar sem skilyrði eru hagfeldari skiptir ríki miklu að viðhalda góðri samkeppnishæfni.

Dýrt að vera ekki með

Ákvarðanir um staðsetningu fjölþjóðlegra fyrirtækja byggja nær undantekningarlaust á viðskiptalegum forsendum. Þetta ber að hafa í huga þegar umhverfi rekstrar á Íslandi er mótað, sérstaklega með hliðsjón af því að hér eru ákveðnir veikleikar sem auka rekstarkostnað fyrirtækja og draga úr samkeppnishæfni. Þar má t.d. nefna legu landsins og fjarlægð frá mörkuðum, smæð og skort á sérhæfðu vinnuafli. Aðrir veikleikar tengjast efnahagslegri umgjörð, t.a.m. vaxtarhorfum hagkerfisins, skilvirkni stjórnsýslu, gjaldmiðli og höftum á fjármagnsflutningi. Allt eru þetta veikleikar sem auka á óhagkvæmni í rekstri.


Nokkrir ofangreindra veikleika munu óhjákvæmilega alltaf eiga við um Ísland, t.d. smæð og landfræðilegir þættir. Þegar kemur að því að laða alþjóðlega atvinnustarfsemi til landsins mætti þess vegna halda því fram að þörf væri á ákveðnu „smæðarívilnun“, t.d. í gegnum skattkerfið, til að vega upp á móti þeirri óhagkvæmni og kostnaðarauka sem fylgir því að starfa á Íslandi miðað við annarstaðar.

Mynd 5.13 Hlutfallsleg þróun veltu 300 stærstu fyrirtækja landsins eftir starfssviði



Heimild: Frjáls verslun

Mynd 5.14 Velta 300 stærstu fyrirtækja landsins eftir starfssviði




Heimild: Frjáls verslun

Áhrif lakari samkeppnistöðu miðað við önnur lönd endurspeglast ágætlega í tekjutapi ríkissjóðs á síðasta ári þegar tveimur fjölbjóðlegum félögum var slitið vegna breytinga á reglum um afdráttarskatta. Félögin voru, þrátt fyrir óveruleg umsvif, á meðal hæstu skattgreiðenda og greiddu samtals tæplega milljarð í skatt árið 2009. Skattgreiðslur þessara tveggja fyrirtækja héraðs jafngilda árlegum tekjuskatti 738 einstaklinga. Einhverjir myndu segja að „farið hafi fé betra“ en þá gleymist gjarnan að ríkið þarf að brúa bilið sem verður og því eykst skattbyrði einstaklinga og fyrirtækja sem eftir eru. Það getur því verið dýrt að dæma sig úr leik með vanhugsuðum breytingum á umgjörð atvinnureksturs.

5.6.2 ... fyrir einstaklinga

Íslendingar eru framtaksamir og hugmyndaríkir og að því þarf að hlúa. Það er hins vegar hætt við því að ef kreppan héraðs dregst á langinn að efnilegt fólk flytji utan. Þetta hefði slæm áhrif á endurreisn Íslands. Reynsla Íslendinga, sem og annarra þjóða, sýnir að fólksflutningar fara mjög eftir sviptingum í hagkerfinu og versnandi atvinnuhorfum. Íslendingar hafa þegar upplifað nokkur slík tímabil. Nærtækasta dæmið um fólksflotta frá Íslandi átti sér stað í kjölfar aflabrests í síldveiðum seint á sjöunda áratug síðustu aldar, en þá fluttu Íslendingar til Svíþjóðar og Ástralíu í stórum stíl. Slíkt er einnig vel þekkt frá Færeyjum í upphafi tíunda áratugarins þegar nærri því heil kynslóð flutti til Norðurlandanna. Sporna þarf við spekileka og laða fólk sem fer utan til mennta aftur heim. Þetta verður ekki gert nema fjölbreytt og áhugaverð atvinnutækifæri séu í boði. Samfara aukinni fjárfestingu í atvinnulífinu verður til aukin atvinna og lífskjör batna.

Mynd 5.15 Fjöldi starfa eftir atvinnugreinum (2009 og 1999)



Sagan af Dundee

Skoska borgin Dundee er gott dæmi um hagkerfi sem færst hefur æ meir frá grunni handafls til hugvits á síðustu 100 árum – ekki ólíkt því íslenska. Borgin er ekki síður birtingarmynd þess að grunnatvinnugreinar leiða iðulega af sér verðmæta vaxtarbrodda til lengri tíma.

Frá framleiðslu hráefna til tækniframleiðslu (1870 - 1945)

Í upphafi síðustu aldar starfaði stór hluti allra Dundee-búa í basttrefjaiðnaði, sem var umsvifamikill á alþjóðlegan mælikvarða. Þessi iðnaðar skapaði umtalsverða eftirspurn eftir hvalaolíu. Úr varð iðnaður í kringum hvalveiðar sem ýtti undir skipaframleiðslu, en þessir þrír atvinnuvegir voru meginuppistaða verðmætasköpunar í Dundee á þessum tíma. Uppúr miðri síðustu öld ákváðu hins vegar ráðandi aðilar í basttrefjaiðnaðinum að færa framleiðsluna að mestu til Asíulanda. Fyrir vikið dró verulega úr spurn eftir hvalaolíu og þá nýjum skipum. Talsverður samdráttur varð í kjölfarið í borginni og því var lagst í að afla aukinni atvinnuumsvífa.

Árið 1945 ákvað fyrirtækið NCR, sem starfar enn í dag, að byggja upp starfsemi sína í Dundee. Ástæður NCR fyrir valinu voru þrennskonar. Í fyrsta lagi hafði borgin skemmst lítið í heimsstyrjöldinni, í öðru lagi voru samgöngur til og frá Dundee góðar og í þriðja lagi var framleiðni há sökum þess hversu lengi sólin hélst á lofti. Um 15 árum síðar var fyrirtækið, sem framleiddi vörukassa og síðar hraðbanka, orðin megin uppspretta atvinnu í Dundee. Samhliða þessu hafði framleiðsla á Michelin dekkjum aukist, sem hjálpaði enn frekar við að draga úr atvinnuleysi.

Frá bráðaaðgerðum til langtímaáhrifa (1980 - 1984)

Þegar leifar basttrefjaiðnaðarins hurfu ásamt skipasmíðastöðvunum upp úr 8. áratug síðustu aldar stóðu tæplega 10.000 Dundee-búar eftir atvinnulausir. Til að bregðast við vandanum var borgin yfirlýst sem Enterprise Zone. Árið 1983 framleiddi fyrirtækið Timex, sem í dag er einkum þekkt fyrir úraframleiðslu, fyrstu

Sinclair Spectrum tölvuna í Dundee og sama ár var framleiðslumet slegið. Fyrirtækið átti eitt og sér ríkan þátt í að draga úr atvinnuleysi í borginni árin á eftir. Fæstir gerðu sér hins vegar grein fyrir langtímaáhrifum af uppbyggingu fyrirtækisins, sem áttu eftir að koma í ljós síðar.

Frá handafla til hugvits (1993 - 2011)

Um miðjan 9. áratug síðustu aldar fór aftur að draga úr atvinnuumsvífum í Dundee. Timex lokaði árið 1993 og NCR dró jafnt og þétt úr starfsemi sinni á svæðinu. Árið 2007 sagði NCR upp 650 starfsmönnum og það lokaði endanlega árið 2009 í kjölfar efnahagshrunsins. Á þessum rúma áratug fóru hins vegar þau fræ sem Sinclair Spectrum framleiðslan sáði að þroskast. Vegna nálægðar ungu kynslóðar Dundee-búa við tölvur skapaðist viðamikill áhugi á öllu því sem þeim tengdist. Það varð svo hlutkesti eins manns að finna þeim áhuga farveg til verðmætasköpunar og varða um leið veg annarra. Þessi maður opnaði tölvuleikjafyrirtæki í Dundee árið 1988 og gaf út tölvuleikinn Lemmings. Fyrirtækið óx á komandi árum, en það framleiðir núna m.a. hinn heimspekta tölvuleik Grand Theft Auto.

Nú rúmum 20 árum síðar eru um 10% allra tölvuleikjafyrirtækja Bretlands starfandi í Dundee. Hjá þeim starfa um 3.500 manns og atvinnugreinin veltir um 150 milljónum punda. Þó framleiðsluiðnaður sé enn tiltölulega stór þá hefur, m.a. fyrir tilstuðlan tölvuleikjaiðnaðarins, fjölbreytni atvinnuvega aukist til muna frá því sem var. Þrátt fyrir að margt megi eflaust betur fara í borginni eins og víða annars staðar þá sýnir saga hennar að samræmd stefna sem hvetur til atvinnurekstrar er grunnur bættra lífskjara. Þá felur hún jafnframt í sér að ef atvinnulífni er veitt svigrúm til athafna þá styrkir það nærumhverfi sitt á fjölmarga vegu. Aukin aðsókn í menntun er gott dæmi um þau áhrif og að því leyti býr Dundee vel, en þar er nú hæsta hlutfall stúdenta á Bretlandi öllu miðað við höfðatölu.

Lífskjörin ráðast af umgjörð efnahagslífsins

Það sem mestu mun ráða um lífskjör hér á landi til framtíðar litið er innri gerð hagkerfisins – það skipulag sem við veljum við stjórn efnahagslífsins. Þessum augljósu sannindum hefur furðu lítill gaumur verið gefinn frá hruni. Ef til vill stafar það af því að brýn úrlausnarefni hafa átt allan hug þjóðarinnar en vafalaust er einnig skýringa að leita í minni tiltrú á viðskiptalífið en áður. Lítið virðist vera hlustað á tillögur sem koma úr þeirra röðum, hversu skynsamlegar sem þær kunna að vera. Að sama skapi virðast sjónarmið sem eru andstæð atvinnulífinu eiga upp á pallborðið. Þetta er hættuleg þróun.

Fyrirmyndir

Íslenska hagkerfinu svipar um margt til norræna líkansins og við horfum gjarnan til hinna Norðurlandanna um fyrirmyndir enda skipa þau sér á bekk meðal fremstu þjóða í könnunum á lífskjörum. Í umræðunni hér á landi er oftast bent á velferðarkerfið og þá málaflokka sem tengjast því. Sjaldnar er talað um að Norðurlöndin byggja í raun á tveimur stoðum. Velferðarkerfið er önnur þeirra en hin er vel skipulagður og agaður markaðsbúskapur sem er aflvélin sem knýr áfram velferðarkerfið. Hin Norðurlöndin gera sér vel grein fyrir þessu og gæta þess í hvívetna að nýta grundvallarsjónarmið markaðarins.

Í ljósi atburða undangenginna ára er vart hægt að halda því fram að íslenska hagkerfið hafi haft einkenni heilbrigðs markaðsbúskapar. En þótt ýmislegt hafi

breyst frá bankahrununu 2008 þá verður ekki séð að spor hafi verið tekin í átt til agaðs markaðshagkerfis. Grundvallarbreytingar þurfa að eiga sér stað. Frumkvæði að þeim breytingum þarf að koma frá stjórnvöldum og atvinnulífinu sjálfu.



Stjórnarhættir viðskiptalífsins

Grunur um misgjörðir í aðdraganda bankahrunsins beinist að tiltölulega fámennum hópi fólks. Megin þorri viðskiptalífsins hafði enga aðkomu að þeim ákvörðunum sem bankahrunið verður rakið til. Með hliðsjón af hörmulegum þjóðhagslegum afleiðingum hefur engu að síður verið vænst afgerandi viðbragða af hálfu viðskiptalífsins í heild sinni. Þetta eru í senn skiljanlegar og réttmætar væntingar og hefur atvinnulífið ríka hagsmuni af því að bregðast við þessu kalli.

Ljóst er að stjórnarháttum var um margt áfátt á lykilstöðum í efnahagslífinu. Við sem höfðum frumkvæði að útgáfu leiðbeininga um stjórnarhætti urðum þess ápreifanlega vör hversu fálega þeim var tekið. Eignatengsl stórra fyrirtækja og fjármálastofnana sköpuðu stórkostlega hagsmunaárekstra og dæmi eru um að menn hafi lítt skeytt um anda eða tilgang laga heldur einblínt á þrönga bókstafstúlkun og boðið yfirvöldum birginn.

Til þess að traust til viðskiptalífsins verði endurreist má enginn velkjast í vafa um að það muni setja góða stjórnarhætti á oddinn. Mikilvæg skref hafa verið stigin frá hruni, s.s. útgáfa nýrra og ítarlegri leiðbeininga um stjórnarhætti, og fleiri aðgerðir eru í burðarliðnum. En betur má ef duga skal.

Til skamms tíma er nauðsynlegt að koma fyrirtækjum í hendur framtíðareigenda og rjúfa þannig eignatengsl banka, ríkis og atvinnulífs. Brýnt er að gefa almenningi kost á að fjárfesta í fyrirtækjunum og veita honum þannig hlutdeild í ágóðanum sem fylgir endurreisn efnahagslífsins. Jafnframt dregur almennt eignarhald úr hættunni á hagsmunaárekstrum og stuðlar að heilbrigðri samkeppni í atvinnulífinu. Hutabréfamarkaðurinn getur leikið lykilhlutverk í þessu ferli með skráningu fyrirtækja á markað.

Til framtíðar skiptir miklu eftirfylgni viðskiptalífsins við að leikreglum sé fylgt. Viðskiptaráð Íslands mun verða leiðandi á því sviði. Í almenningshlutafélögum mun aðhald hluthafa hafa mikið að segja og er sérstaklega horft til lífeyrissjóða og Samtaka fjárfesta í því tilliti.

Stjórnarhættir hins opinbera

Margt fór afлага við stjórn landsins í aðdraganda hrunsins. Afskiptaleyfi og undanlátssemi við áhrifaaðila í íslensku viðskiptalífi eru meðal gagnrýnisverðra atriða sem nefnd hafa verið. Af viðbrögðum stjórnvalda eftir hrun má ráða að millivegurinn ætla að reynast stjórnvöldum vandrataður.

Þar sem efnahagslíf er í sem mestum blóma ráða almennar, skýrar og fyrirsjáanlegar leikreglur enda getur agaður markaðsbúskapur ekki þrífist á óvissuástandi og ófyrirsjáanlegum breytingum. Þróunin hér á landi hefur því miður þokast fjær þessu markmiði og bein pólitísk afskipti af atvinnulífinu hafa aukist og eru of mikil.

Horfum fram á veg

Umræðan hefur verið í þá átt að verið sé að færa Ísland nær norræna líkaninu, en svo virðist raunin ekki vera. Ísland kemur ekki vel úr nýlegri úttekt OECD á takmörkunum á erlendri fjárfestingu þar sem fram kemur að fá lönd finnast þar sem takmarkanir eru meiri. Norðurlöndin eru hins vegar öll meðal þeirra landa sem búa við minnstar takmarkanir að þessu leyti. Ísland hefur því ekki færst nær Norðurlöndunum í pólitískri stefnumótin – eins og haldið hefur verið fram – heldur ber orðið mörg einkenni jaðarríkis í þessu tilliti.

Þessari þróun verður að snúa við. Ísland þarf að leggja áherslu á stefnumörkun til framtíðar og skipulag sem miðar að uppbyggingu hagkerfis þar sem markaðsbúskapur styður við velferð að norrænni fyrirmynd. Ég hef trú á að það munum við gera og að það verði til árangurs fyrir land og þjóð.

Bórður Friðjónsson



6 Áherslur til framfara

Staða íslenska hagkerfisins er um margt öfundsverð í alþjóðlegum samanburði og betri en ætla mætti miðað við áföll undanfarinna missera. Landið býr yfir gnægð auðlinda; fjölbæfum mannauði og óspilltri náttúru, orku í fallvötnum, jarðhita og hafsvæði sem er gífurleg auðsuppspretta. Forsenda nýtingar auðlindanna er þó að þjóðinni takist að skapa umhverfi atvinnulífs sem hvetur til framtaks og verðmætasköpunar. Eftirfarandi eru fimm grundvallar áherslur sem munu búa Íslendingum þetta umhverfi. Þessar áherslur er hér settar fram til leiðsagnar, ásamt mögulegum sértækum aðgerðum, en eru þó ekki tæmandi upptalning á þeim verkefnum sem huga þarf að á næstu mánuðum og misserum. Viðskiptaráð leggur til að stefnt verði að:

1

Því að Ísland verði fyrirmynd annarra landa um góða stjórnarhætti viðskiptalífs og hins opinbera

- Löggjöf verði bætt og þeim reglum sem settar eru fylgt eftir.
- Atvinnulífið taki frumkvæði að virkari stuðningi við góða stjórnarhætti og siðferði í viðskiptum.
- Fyrirtæki bæti upplýsingamiðlun um rekstur og fylgi af einurð lögum og leiðbeiningum um góða stjórnarhætti.
- Öll löggjöf verði yfirfarin til að koma í veg fyrir að einkaaðilar og opinber fyrirtæki valdi ríkinu og skattgreiðendum fjárhagslegu tjóni.

2

Auknum fjölda starfa í einkageiranum

- Hið opinbera stuðli markvisst að samkeppni í einkageiranum.
- Að ríki og sveitarfélög dragi sig út úr rekstri sem er í samkeppni við einkaaðila.
- Aftur verði stefnt að úthýsingu verkefna í stað innhýsingar með þeim kostnaði sem hlýst af uppbyggingu sérhæfðrar þekkingar á vegum hins opinbera.
- Greitt verði fyrir frekari aðkomu erlendra fjárfesta og fyrirtækja að íslensku atvinnulífi.
- Dregið verði úr óvissu um skilyrði til atvinnurekstrar og þannig stuðlað að aukinni fjárfestingu.

3

Auknu framboð vinnuafls til einkageirans

- Mótuð verði heildstæð menntastefna sem tekur mið af þörfum atvinnulífsins.
- Áhersla menntakerfis á raun- og tæknigreinar verði markvisst aukin.
- Ákvarðanir um fjármögun menntakerfis (og niðurskurð) taki mið af þörfum atvinnulífsins og möguleikum á verðmætasköpun.
- Hið opinbera dragi sem mest úr samkeppni við einkageirann um vinnuafli
- Einkaaðilum verði veitt aukið svigrúm til að koma á starfsemi þar sem hið opinbera er ráðandi aðili, t.d. á sviði heilbrigðismála.

4

Alþjóðlega samkeppnishæfu rekstrarumhverfi fyrirtækja á Íslandi

- Gjaldeyrishöftum verði aflétt sem fyrst.
- Stjórnvöld sýni í orði og í verki að þau muni virða núgildandi löggjöf um erlenda fjárfestingu.
- Nýlegar breytingar á skattkerfinu verði dregnar til baka og fyrri eiginleikar íslenska skattkerfisins – einfaldleiki, gagnsæi og skilvirkni – verði endurheimtir.
- Markvisst verði unnið að fyrirkomulagi peningamála sem styður starfsemi alþjóðlegs markaðshagkerfis.
- Umsókn um aðild að Evrópusambandinu verði fylgt eftir og reynt til þrautar að ná samningi þar sem sérstökum íslenskum hagsmunum verði skilyrðislaust haldið til haga.
- Byggður verði upp að nýju öflugur hlutabréfamarkaður, m.a. með því að koma fyrirtækjum á hendi banka og ríkis sem fyrst í hendur framtíðareigenda.

5

Stöðugt aukinni skilvirkni í nýtingu opinberra fjármuna

- Markvisst verði dregið úr umsvifum hins opinbera, með áherslur á svið þar sem fjölgun starfsmanna hefur orðið mest á undanförunum árum.
- Tekið verði upp agað fjárlagaferli og strangari vinnubrögð við framkvæmd þess, m.a. með skuldbindandi útgjaldarömmum til nokkurra ára sem miða við nafnvöxt.
- Lífeyrisréttindi opinberra starfsmanna verði færð til jafns við það sem gerist á almennum markaði.
- Forgangsráðað verði í þágu heildarhagsmuna atvinnulífs og dregið úr verndartollum og styrkjum til óhagkvæmra atvinnugreina.

Að óbreyttu er hætt við að þau fjölbreyttu tækifæri sem Ísland býr að verði ekki að fullu nýtt. Verði hinsvegar ofangreindum áherslum fylgt mun það skapa atvinnulífina trausta og heilbrigða umgjörð til athafna. Allar forsendur fyrir endurreisn eru þá til staðar. Verðmætar auðlindir, mannvit, ríkulegur menningararfur og kröftugt athafnalíf. Engum vafa er undirorpið að tækifæri til verðmætasköpunar verði þá nýtt og að Ísland mun halda stöðu sinni sem samkeppnishæft hagkerfi sem býr Íslendingum eftirsóknarverð lífskjör.







VÍSSKIPTARÁÐ ÍSLANDS

